7 Íslenskt staðfest

10 Markaðssetja lífrænt vottað heilhveiti

22 Hvernig mæta matjurtabændur aukinni eftirspurn?

Bændablaðið

6. tölublað 2022 • Fimmtudagur 24. mars • Blað nr. 607 • 28. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is

Atorkuna skortir ekki í Höllu Sif Svansdóttur Hölludóttur, þrítugum garðyrkjunema, sem festi kaup á garðyrkjustöðinni Gróðri á Hverabakka við Flúðir á sínu fyrsta ári í námi. Meðfram nýju hlutverki sínu sem garðyrkjubóndi reynir hún að klára námið og er nýliði í stjórn búgreinadeildar garðyrkjunnar. *– Sjá nánar á bls. 28–30.*

Mynd / Guðrún Hulda Pálsdóttir

Danskir minkabændur:

Vilja íslenskan mink á fæti

Fulltrúar danskra minkabænda voru staddir hér á landi fyrir stuttu til að kanna möguleika á að kaupa milli 20 og 25 þúsund lifandi minkalæður og högna.

Danirnir, Erik Vammen og Jesper Jensen, sem voru á landinu í þrjár vikur, eru báðir minkabændur og heimsóttu íslenska kollega sína.

Að þeirra sögn eru samtök minkabænda í Danmörku búin að sækja um leyfi til að hefja minkaeldi á ný eftir að öllum minkum þar var fargað í kjölfar þess að Covid-19 smit fannst í minkum þar fyrir tveimur árum.

Í samtali við Bændablaðið sögðust Danirnir bjartsýnir á að leyfið yrði afgreitt í maí. Þeir segjast einnig vera sannfærðir um að verð á minkaskinnum eigi eftir að hækka, enda verðið verið óvenjulágt á síðustu árum. Þeir segja að loðdýrabændur hafi lifað af þrengingar á markaði áður og að þeir munu lifa þrengingarnar núna af líka.

Ástæður þess að Danir hafa áhuga á íslenskum dýrum eru aðallega tvær. Í fyrsta lagi að minkar á Íslandi eru lausir við sjúkdóma sem herja á eldisminka í Evrópu, og í öðru lagi að íslenskir minkar eru upprunnir í Danmörku.

Ef af viðskiptunum verður mun dýrunum verða flogið til Danmerkur.

Vammen og Jensen sögðu að þeir hefðu einnig skoðað möguleikann á að kaupa eða leigja hentugt húsnæði til minkaeldis hér á landi, en að slíkt hafi ekki staðið til boða. */VH*

Búnaðarþing 2022 verður haldið í Reykjavík um næstu mánaðamót:

Framtíðarstefnumörkun Bændasamtakanna mótuð í kjölfar samruna búgreinafélaganna

– Gríðarlega mikilvægt að hafa það á hreinu hvert við erum að fara og að menn séu samstíga, segir formaður BÍ

Búnaðarþing 2022 verður haldið á Hótel Natura 31. mars og 1. apríl næstkomandi. Þingið er fyrsta Búnaðarþing eftir að búgreinafélögin runnu saman við Bændasamtök Íslands og urðu að búgreinadeildum innan samtakanna.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna, segir að fulltrúar á Búnaðarþingi að þessu sinni séu í fyrsta sinn kosnir á þingið á grundvelli búgreina, en til þessa hafa 50% fulltrúanna verið kosnir í gegnum búnaðarsambönd en aðrir fulltrúar kosnir af búgreinum.

Framtíðarstefna BÍ

„Búgreinarnar hafa þegar fundað á sínum Búgreinaþingum og tillögufrestur frá hinum almenna bónda er liðinn umfram það sem verður lagt fram af deildum búgreinanna.

Gunnar Þorgeirsson. Mynd / HKr.

Að mínu mati tel ég að það sem verði veigamest á þinginu fyrir stjórn samtakanna sé stefnumörkun fyrir Bændasamtök Íslands til framtíðar. Stefnumörkunin er meðal þess sem búgreinafélögin ræddu á sínum þingum og þau eru búin að senda inn athugasemdir sem verða teknar fyrir á Búnaðarþingi.

Að mínu mati er gríðarlega mikilvægt fyrir stjórn og starfsmenn BÍ að hafa stefnumörkunina á hreinu þannig að við vitum hvert við erum að fara og séum samstíga. Enda mun stefnumörkunin vera ramminn utan um starfið til framtíðar.“

Stjórnarmönnum fjölgar um tvo

Gunnar segir að þingfulltrúum hafi verið fjölgað úr 53 í 63 og að á þinginu verði fjölgað í stjórn Bændasamtakanna úr fimm í sjö. „Eina breytingin sem ég veit um að verður á stjórninni, án nýju stjórnarmannanna, er að varaformaður BÍ, Oddný Steina Valsdóttir, ætlar ekki að gefa kost á sér aftur, því miður. Það verður mikil eftirsjá að henni.“

Enginn átakamál að þessu sinni

„Persónulega var ég gríðarlega ánægður með Búgreinaþingin og fann á þingfulltrúum og bændum sem þau sóttu hvað þeim þótti fyrirkomulagið skemmtilegt að hitta fulltrúa annarra búgreina og geta rætt saman og sameiginleg málefni bænda en ekki bara sérmálefni sinnar búgreinar.

Mér sýnist því að bændur hafi rætt saman og ég geri ráð fyrir að þeir muni sýna samstöðu og styrk sinn á Búnaðarþingi sem ein heild og geti á þeim forsendum staðið saman í þeim málum sem mest ríður íslenskum landbúnaði til hagsbóta,“ segir Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands. */VH*

- Sjá viðtöl við fulltrúa búgreinadeilda BÍ á bls. 2, 4 og 10.

FRÉTTIR

Ingvi Stefánsson er formaður búgreinadeildar svínabænda innan Bændasamtaka Íslands.

Búgreinaþing deildar svínabænda:

Ingvi Stefánsson kjörinn formaður

– Ályktað um mikilvægi þess að auka kornbirgðir

Deild svínabænda innan Bændasamtaka Íslands hélt sitt Búgreinaþing með fjarfundarfyrirkomulagi 15. mars. Ingvi Stefánsson var kjörinn formaður og með honum í stjórn er Geir Gunnar Geirsson varaformaður og varamenn í stjórn eru Björgvin Þór Harðarson og Guðbrandur Brynjúlfsson.

Þeir Ingvi og Geir Gunnar verða jafnframt fulltrúar á Búnaðarþingi fyrir deildina, sem haldið verður 31. mars og 1. apríl.

Halda átti þing svínabænda með öðrum búgreinadeildum Bændasamtaka Íslands á Hótel Natura 3. mars, en vegna veikinda í þeirra röðum varð að fresta því.

Auka þarf kornbirgðir

Ein tillaga var samþykkt á þinginu, sem verður lögð fyrir Búnaðarþing. Hún snýr að mikilvægi þess að auka kornbirgðir í landinu. Í tillögunni er gert ráð fyrir að á Íslandi sé hverju sinni að lágmarki sex mánaða birgðir af korni til fóðurframleiðslu og manneldis. „Jafnframt verði stuðlað að aukinni kornrækt á landinu með það að markmiði að styrkja fæðuöryggi. Horft verði til samlegðar sem hlýst af því að koma upp birgðageymslum og móttökustöðvum fyrir innlenda kornframleiðslu," segir í tillögunni.

Í greinargerð með henni er bent á skýrslu Landbúnaðarháskóla Íslands sem var gefin út á síðasta ári undir heitinu Fæðuöryggi á Íslandi. „Skýrsluhöfundar kortleggja þar vel hversu mikilvægt er að huga að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar. Frá því að skýrslan var gefin út hefur skapast mjög mikil óvissa hvað varðar öll aðföng í íslenskum landbúnaði vegna stríðsreksturs í Úkraínu.

Hækkanir á allri hrávöru og þ.m.t. korni hafa orðið gríðarlegar á einungis örfáum vikum. Þá kom það vel í ljós hversu berskjaldaður íslenskur landbúnaður var í efnahagshruninu árið 2008 þar sem litlu mátti muna að ekki væri hægt að flytja inn korn til landsins vegna efnahagsástandsins sem þá kom upp.

Ein sviðsmyndin sem getur komið upp á yfirstandandi ári hlýtur að vera sú að ekki fáist keypt korn til landsins. Við þeirri stöðu er nauðsynlegt að bregðast hið allra fyrsta." */smh*

Nautgripabændur á Búnaðarþingi:

Uppbygging og efling Bændasamtakanna meginákersla

„Nautgriparæktin stendur frammi fyrir fjölmörgum áskorunum. Líkt og aðrar búgreinar erum við uggandi yfir stöðu mála á tímum heimsfaraldurs og stríðsátaka í Evrópu.

Búgreinin hefur nú þegar fundið fyrir hækkunum aðfanga og óvissu um hvað næstu mánuðir og ár bera í skauti sér. Það er því aðkallandi að við tryggjum sanngjarna afkomu bænda, förum af fullri alvöru að vinna að aukinni sjálfbærni landbúnaðarins og tryggjum greininni sanngjarnt starfsumhverfi með regluverki og tollasamningum," segir Herdís Magna Gunnarsdóttir, formaður Búgreinadeildar kúabænda, NautBÍ.

Deildin sendir nokkrar tillögur á Búnaðarþing sem samþykktar voru á Búgreinaþingi nautgripabænda.

Herdís Magna Gunnarsdóttir, formaður NautBÍ.

„Tillögurnar snúa að uppbyggingu Bændasamtakanna og öðrum málum sem snerta landbúnaðinn allan, þá einna helst fjármögnun hans og innviði," segir Herdís Magna. „Okkar megináherslur núna felast kannski helst í því að við náum að byggja upp og efla Bændasamtökin svo að þau geti sinnt því mikla og mikilvæga starfi sem felst í hagsmunagæslu landbúnaðarins."

Herdís Magna segir að nautabændur séu þegar farnir að undirbúa næstu endurskoðun búvörusamninga en sú vinna mun vega þungt á þessu ári. „Nautgriparæktin stefnir að því að verða kolefnishlutlaus fyrir árið 2040. Við erum komin af stað í aðgerðum á búunum sjálfum með þátttöku kúabænda í verkefninu um loftslagsvænan landbúnað og stefnum á að vinna ótrauð áfram að þessu markmiði okkar," segir Herdís Magna. */ghp*

Sauðfjárbændur á Búnaðarþingi 2022:

Vilja samstarf allra kjötframleiðenda

Á Búgreinaþingi deildar sauðfjárbænda Bændasamtaka Íslands á dögunum var ein tillaga samþykkt sem lögð verður fyrir Búnaðarþing 2022.

Í tillögunni er lagt til að myndaður verði samstarfshópur allra búgreina kjötframleiðenda um innflutning, útflutning og innanlandsneyslu kjöts. Hópurinn verði skipaður þvert á búgreinar með fulltrúa frá hverri grein. Markmiðið með tillögunni er að efla samstöðu kjötframleiðenda um heildstæða markaðssetningu á íslensku kjöti og fylgjast með neyslu innanlands. Einnig að halda innflutningi innan þeirra marka sem innlend framleiðsla þolir og til að fylgjast með hvort íslenskar afurðastöðvar nýti útflutningskvóta til fulls.

Varðstaða um kjötgreinarnar

Í greinargerð með tillögunni segir að kjötframleiðendur á Íslandi séu í eðlilegri samkeppni innbyrðis en geta með samstöðu, þekkingarmiðlun og samlegðaráhrifum staðið vörð um atvinnugreinina í heild.

„Kjötframleiðendur á Íslandi eru í eðlilegri samkeppni innbyrðis en geta með samstöðu, þekkingarmiðlun og samlegðaráhrifum staðið vörð um atvinnugreinina í heild," segir í greinargerðinni. */smh*

Frá Búgreinaþingi deildar sauðfjárbænda Bændasamtaka Íslands á dögunum.
Mynd / smh

Staða	Nafn	Heimili
Stjórn	Trausti Hjálmarsson	Austurhlíð
Stjórn	Ásta Fönn Flosadóttir	Höfða 1
Stjórn	Jóhann Ragnarsson	Laxárdal 3
Stjórn	Sigurborg Hanna Sigurðardóttir	Oddsstöðum 1
Stjórn	Sveinn Rúnar Ragnarsson	Akurnesi
Varamenn	Þóra Sif Kópsdóttir	Ystu-Görðum
Varamenn	Jón Ingi Ólafsson	Þurranesi
Varamenn	Jóhann Pétur Ágústsson	Brjánslæk
Norðvesturhólf	Sigríður Ólafsdóttir	Víðidalstungu
Norðvesturhólf	Birgir Þór Haraldsson	Kornsá
Norðvesturhólf	Bjarni Egilsson	Hvalnesi
Norðausturhólf	Böðvar Baldursson	Heiðargarði
Norðausturhólf	Sigurður Þór Guðmundsson	Holti
Norðausturhólf	Guðfinna Harpa Árnadóttir	Straumi
Suðurhólf	Hólmfríður Guðlaugsdóttir	Svínafelli
Suðurhólf	Sæunn Káradóttir	Norðurhjáleigu
Suðurhólf	Ragnar Matthías Lárusson	Stóra-Dal

Fulltrúar deildar sauðfjárbænda á Búnaðarþing 2022.

Geitfjárbændur á Búnaðarþingi:

Gripagreiðslur berast geitabændum seint

Eitt mál verður á málaskrá Búnaðarþings frá Búgreinaþingi deildar geitabænda Bændasamtaka Íslands. Ályktað var að gripagreiðslur bærust geitabændum seint frá ríkinu og er þess krafist að þeim málum verði komið í lag.

Í ályktuninni, sem samþykkt var á Búgreinaþingi Bændasamtaka Íslands 3. mars, kemur fram að þess sé krafist „að lögbundnar greiðslur vegna geitfjárræktar berist bændum á tilskildum tíma ár hvert.

Anna María Flygenring, formaður deildar geitfjárræktar Bændasamtaka Íslands og Búnaðarþingsfulltrúi.

Jafnframt bendir fundurinn á að umsóknarfrestir um styrki séu kynntir geitfjárbændum tímanlega."

Nýkjörinn formaður deildar geitabænda er Anna María Flygenring, bóndi í Hlíð, og er hún jafnframt eini búnaðarþingsfulltrúi fyrir deildina.

Hún segir að greiðslurnar sem um ræðir séu hluti af búvörusamningi og skiptist þannig að 69 prósent sé greitt fyrir hverja vetrarfóðraða geit, skráða í Heiðrúnu, átta prósent er greitt til innleggjenda á fiðu og átta prósent á lítra af mjólk. Síðan fara 15 prósent til reksturs hafrastöðvar Geitfjárræktarfélags Íslands.

Hún segir að seinkun þessara greiðslna komi sér illa fyrir geitabændur, meðal annars vegna skila á virðisaukaskatti, en mjög oft þurfi að reka á eftir þeim. */smh*

TOPPTÆKI TIL SÖLU
fyrir þann sem vill skapa sér góða aukavinnu

GMC árg. 1999, 5.4 ltr., loftpúðar að aftan
Tvær HARDY úðunardælur m. 2x300 ltr. tönkum auk 2x50 mtr. slöngum.
Westwood sláttutraktor auk kurlara og 2ja öxla kerra m. sliskjum, burðarg. 2 tonn.
Sími 893 0 705, Gummi Emils

Skógareigendur á Búnaðarþingi 2022:

Skógurinn gegnir lykilhlutverki

Deild skógareigenda ætlar að leggja fram fimm tillögur á Búnaðarþingi. Helstu áherslur skógarbænda í stefnumörkun BÍ eru aukin sjálfbærni og að skógar og skjólbelti gegni þar lykilhlutverki.

Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður Búgreinadeildar skógareigenda hjá Bændasamtökum Íslands og fulltrúi deildarinnar á Búnaðarþingi, segir að skógarbændur ætli að leggja fram fimm tillögur á Búnaðarþingi.

„Áhersluatriði okkar á þinginu eru að efla þurfi Kolefnisbrúna og að sjálfbærni sé höfð í öndvegi í landbúnaði og þar eru skógar í lykilhlutverki."

Tillögur deildar skógarbænda

Tillögurnar eru að: 1) skora á stjórn BÍ að bjóða stjórnum deilda þóknun fyrir sín störf, 2) Búnaðarþing taki áskorun að hefja kolefnisjöfnun landbúnaðarins, 3) hvetja bændur til að koma upp skjólbeltum á bújörðum sínum, 4) leggja áherslu á skógrækt, skjólbeltarækt og landgræðslu í komandi búvörusamningum og að lokum 5) skora á að Bændasamtökin einfaldi inngönguferli í BÍ.

Jóhann Gísli Jóhannsson, fulltrúi deildar skógarbænda á Búnaðarþingi 2022.

Ábyrg landnýting

Jóhann segir að aldrei hafi verið mikilvægara nú en að horfa til landnýtingar. „Treysta þarf jarðvegsauðlindina og tryggja sjálfbæra nýtingu lands sem meðal annars styður við þá matvælaframleiðslu sem hér fer fram. Mismunandi lausnir henta ólíkum landgerðum. Skógrækt er vitanlega auðlind framtíðarinnar, sem og landgræðsla, en einnig má horfa til endurheimtar votlendis þar sem við á.

Skjólbeltarækt kemur að góðu gagni til að auka uppskeru af ræktarlandi og spara þar með áburðarnotkun. Skógrækt er þegar orðin mikilvæg auðlind í íslenskum landbúnaði og gegnir til lengri tíma litið stóru hlutverki, bæði í kolefnisbúskap landsins og í timburframleiðslu.

Í búvörusamningum þarf að tryggja fjármagn til skógræktar, skjólbeltaræktunar og landgræðslu á bújörðum og hvata fyrir allar búgreinar til að vinna að kolefnishlutlausum landbúnaði sem allra fyrst." */VH*

SÁÐVARA SS 2022

GRASFRÆ

GRÆNFÓÐUR

BYGG

HAFRAR

SÁÐVÖRULISTI

Notaðu myndavélina á símanum til að skanna kóðann!

RÚLLUPLAST 2022

Rúlluplast Tenospin | 750mm x 25µm x 1500m

Litur	Listaverð án vsk.	Magn á bretti
○ ● Hvítt / Grænt	15.098 kr	15
● Svart	14.915 kr	15

Rúlluplast Tenospin | 750mm x 25µm x 1700m

Litur	Listaverð án vsk.	Magn á bretti
○ Hvítt - ÁN KASSA	16.653 kr	15

Rúlluplast Tenoplus | 750mm x 21µm x 1900m / 2400 m

Litur	Listaverð án vsk.	Magn á bretti
○ Hvítt - 1900 m	17.550 kr	15
● Grænt - 2400 m - UPPSELT	21.777 kr	15

Undirplast, net og garn	Stærð	Listaverð án vsk.
TrioBale Compressor undirplast	1400 x 0,020 x **1800 m**	35.099 kr
TrioBale Compressor undirplast	1400 x 0,017 x **2200 m**	35.900 kr
Westfalia net	123 x 3000 m	26.500 kr
Westfalia net	130 x 3000 m	27.900 kr
Cobra Miljö rúllugarn	-	3.500 kr

Verð eru gefin upp án vsk og með fyrirvara um prentvillur

BÚVÖRUR SS | www.buvorur.is

Fosshálsi 1, 110 Reykjavík - 575-6071 | Ormsvelli 4, 860 Hvolsvelli - 575-6099

FRÉTTIR

Garðyrkjubændur á Búnaðarþingi:

Kalla eftir endurskoðun nýliðunarstyrkja

Axel Sæland, formaður búgreinadeildar garðyrkjunnar.

„Búvörusamningar eru okkur alltaf ofarlega í huga og nú þegar endurskoðun þeirra er á næsta leiti þá er óhjákvæmilegt að horfa fram hjá þeim. Starfsskilyrði greinarinnar eru undir og mikilvægt að samningar takist vel til að garðyrkja haldi áfram að þróast í rétta átt.

Ríkisstjórnarsáttmálinn gefur góð fyrirheit um að stuðningur við garðyrkju verði meiri og betri í næstu endurskoðun. Því er það okkar að nýta þann meðbyr sem greinin er að fá frá stjórnvöldum og almenning," segir Axel Sæland, formaður búgreinadeildar garðyrkjunnar.

Deildin leggur tvær tillögur fyrir Búnaðarþing, önnur fjallar um endurskoðun á félagsgjaldi Bændasamtakanna en í hinni er kallað eftir endurskoðun á nýliðunarstyrkjum sem eru í boði fyrir nýja bændur. „Við teljum að bilið milli þeirra sem borga lægsta gjald og hæsta vera of mikið. Nauðsynlegt er að grunngjaldið sé hækkað á við eitt stöðugildi hjá búi. Það er skoðun garðyrkjudeildarinnar að Bændasamtökin eigi að vera málsvari þeirra sem hafi atvinnu og hagsmuni af því að vera bændur. Það er hins vegar eðlilegt að stærri aðilar borgi hærra gjald þar sem hagsmunir þeirra eru meiri. Gjaldið þarf samt að vera þannig að bændur sjái hag sinn í því að vera í samtökunum.

Öflug hagsmunasamtök bænda er hagur landbúnaðarins í heild og ættu því allir þeir sem eru með rekstur í landbúnaði að sjá hag sínum borgið innan öflugra samtaka," segir Axel um fyrri tillöguna.

Engin tryggingavernd fyrir útiræktendur

Sú síðari endurspeglar ósk garðyrkjubænda um endurskoðun nýliðunarstyrkja í landbúnaði.

„Það er óljóst hvað garðyrkjumenntun vegur hátt í styrkjakerfinu og möguleikar á háskólamenntun í garðyrkju er ekki til staðar á Íslandi. Þar af leiðandi eiga nýir aðilar í garðyrkju minni möguleika á að skora hátt í stigagjöf sem nýliðunarstyrkurinn byggir á og eiga því á hættu að fá enga styrki. Einnig vegur starfsreynsla mjög hátt í styrkjakerfinu og þar sem minna er um ættliðaskipti í garðyrkju og meira um nýja aðila þá skora þeir líka lægra í styrkjakerfinu. Þetta viljum við að verði endurskoðað," segir Axel.

Hann bætir við að tryggingavernd bænda hafi verið mikið í umræðunni og þá sérstaklega hjá útiræktendum. „Það eru mjög miklar áskoranir sem fylgja íslensku veðurfari. Í dag hafa bændur enga tryggingu fyrir sína útiræktun. Þetta eitt og sér gerir greininni erfitt fyrir í að fá nýja ræktendur inn. Tryggingavernd bænda þarf að vera til staðar til að greinin eigi möguleika á að þrífast í nánustu framtíð." */ghp*

Orkurannsóknarsjóður Landsvirkjunar úthlutaði 35 verkefnastyrkjum til orkumála og rannsókna á náttúru og umhverfi. Sjóðurinn veitti alls 59 milljónum króna en sex verkefni innan Landbúnaðarháskóla Íslands hlutu styrki upp á samtals 10,7 milljónir króna. Verkefnin lúta meðal annars að háhraðamælingum tengdum endurheimt votlendis, skordýrarækt, mati búfjár á íslenska túndru, áburðargjöf í skógrækt og olíujurtaræktun.

Mynd/Landsvirkjun

Loðdýrabændur á Búnaðarþingi 2022:

Vilja gera Byggðastofnun að betri lánveitanda

Deild loðdýrabænda ætlar að leggja fram tillögu þess efnis á Búnaðarþingi 2022 að Bændasamtök Íslands hefji viðræður við stjórnvöld um að finna leiðir til að gera Byggðastofnun að betri lánastofnun fyrir landbúnaðinn.

Einar E. Einarsson, loðdýrabóndi að Syðra-Skörðugili og fulltrúi deildar loðdýrabænda á Búnaðarþingi, segir að loðdýrabændur ætli að leggja fram eina tillögu á þinginu.

„Tillagan snýr ekki eingöngu að málefnum loðdýrabænda heldur ætluð landbúnaðinum í heild og gengur út á að efla Byggðastofnun sem lánastofnun fyrir alla bændur."

Bæta þarf lánakjör Byggðastofnunar

Tillagan gengur út á að Búnaðarþing samþykki að sett verði í gang vinna með stjórnvöldum um lækkun fjármagnskostnaðar við framleiðslu búvara á Íslandi.

„Við viljum að Byggðastofnun verði gert kleift að bjóða bændum lán á betri lánskjörum en gert er í dag, en með því má lækka framleiðslukostnað og styrkja samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar, en eins og vitað er þá er

Einar E. Einarsson, loðdýrabóndi að Syðra-Skörðugili og fulltrúi deildar loðdýrabænda á Búnaðarþingi.

fjármagnskostnaður af fjárfestingum í byggingum, vélum eða jarðnæði lægri í okkar nágrannalöndum heldur en hér á landi þó svo að hér sé til dæmis byggingarkostnaður almennt hærri vegna meiri krafna á byggingar. Með því að lækka fjármagnskostnaðinn við þessar fjárfestingar lagast því að einhverju leyti samkeppnisstaða íslensks landbúnaðar við til dæmis innfluttar landbúnaðarvörur."

Markaður fyrir loðskinn frosinn

Eins og komið hefur fram í Bændablaðinu fraus markaðurinn fyrir loðskinn sama dag og Rússar gerðu innrás í Úkraínu en á þeim tímapunkti voru skinnauppboð í gangi.

Einar segir að loðdýrabændur séu þessa dagana að velta fyrir sér hvernig þeir eigi að snúa sér vegna stöðunnar.

„Spurningin er hvort við eigum að fara í viðræður við stjórnvöld um aðkomu þeirra að vandanum eða hvaða vinkil við eigum að taka. Viðræður við stjórnvöld eru ekki hafnar en við erum að velta þessum málum fyrir okkur hér innan búgreinadeildarinnar og höfum aðeins rætt þetta við stjórn Bændasamtakanna. Málið er því í vinnslu."

Afsetning lífræns úrgangs

„Það er margt við loðdýraeldi sem er jákvætt inn í umræðuna um umhverfis- og loftslagsmál og nýtingu hráefna. Dæmi um það er að hráefni í fóður fyrir loðdýr er að uppistöðu til sláturúrgangur frá matvælaframleiðslu sem víða er til vandræða í dag enda bannað að urða lífrænan úrgang. Loðdýraeldi er því góð aðferð til að afsetja úrganginn og við því klárlega gjaldgeng inn í þá umræðu," segir Einar á lokum. */VH*

Kjúklingabændur á Búnaðarþingi 2022:

Starfsskilyrði greinarinnar efst á baugi

Deild kjúklingabænda innan Bændasamtaka Íslands mun ekki leggja fram tillögu á Búnaðarþing að þessu sinni. Starfsskilyrði greinarinnar og tollamál eru það sem er efst á baugi hjá greininni. Fulltrúar deildar kjúklingabænda á Búnaðarþingi 2022 eru Jón Magnús Jónson og Eydís Rós Eyglóardóttir.

Að sögn Jóns verða starfsskilyrði greinarinnar og landbúnaðar í heild efst á baugi hjá kjúklingabændum á þinginu.

„Við í greininni viljum eins og aðrir í landbúnaði fá að njóta viðunandi starfsskilyrða og þar eiga tollamál stóran þátt."

Ójöfn samkeppni

„Töluvert er flutt inn af fuglakjöti sem er okkur mikið áhyggjumál. Erfitt er fyrir innlend fyrirtæki að keppa við erlenda framleiðslu sem kemur frá risastórum fyrirtækjum. Þar eigum við litla möguleika ef

Jón Magnús Jónson er annar af tveimur fulltrúum deildar kjúklingabænda á Búnaðarþingi 2022.

keppa á í verði en alla möguleika ef litið er til gæða framleiðslunnar og heilnæmi."

Jón segir að þessi staða sé ekki einsdæmi hjá kjúklingabændum því hún eigi við nánast alla landbúnaðarframleiðslu í landinu.

Eldið í góðum farvegi

„Sem betur fer er íslenskt alifuglaeldi vel statt hvað varðar alifuglasjúkdóma og eldið í góðum farvegi. Skimað er reglulega fyrir þeim sjúkdómum sem algengir eru erlendis og engir stofnar eru fluttir inn til framleiðslunnar nema í gegnum einangrunarstöðvar. Þannig lágmörkum við áhættuna á að hingað berist nýir sjúkdómar og með því höldum við niðri notkun á sýklalyfjum," segir Jón.

Alifuglabændum hefur fækkað

Að sögn Jóns leggur deild kjúklingabænda ekki fram tillögu á Búnaðarþingi að þessu sinni.

„Alifuglabændum hefur fækkað á síðustu árum. Þó eru starfandi allnokkrir bændur sem hafa þessa atvinnu með öðrum búskap eða starfsemi. Þetta styrkir sveitirnar bæði með atvinnu og ýmsa þjónustu sem þarf við þessi bú." */VH*

Eggjabændur á Búnaðarþingi 2022:

Umræða um aðföng mikilvæg

Formaður Félags eggjabænda segir að umræða um aðföng í landbúnaði sé mikilvægasta umræðuefnið á Búnaðarþingi að þessu sinni. Því ef aðföng hækki muni matvælaverð hækka í kjölfarið

Fulltrúar deilda eggjabænda á Búnaðarþingi 2022 verða Stefán Már Símonarson og Halldóra Hauksdóttir.

Að sögn Stefáns, sem jafnframt er formaður Félags eggjabænda, munu eggjabændur ekki leggja fram neina formlega tillögu á þinginu.

Hafa áhyggjur af afleiðingum stríðsins í Úkraínu

„Því er samt ekki að neita að við hjá deild eggjabænda erum talsvert upptekin af ástandinu í Úkraínu og

Stefán Már Símonarson, formaður Félags eggjabænda.

þeim afleiðingum sem stríðið hefur. Í búskap eins og okkar skipta aðföng gríðarlegu máli, hvort sem þau eru í formi korns eða tilbúins fóðurs og það sem veldur okkur mestum áhyggjum."

Aðföng og matvælaverð

„Annað sem er þessu tengt er innlend kornrækt sem við munum fylgjast með og taka þátt í umræðum um ef til kemur enda slík ræktun mikilvæg að okkar mati.

Eins og staðan er í dag ýtir umræðan um aðföng öllu öðru til hliðar að mínu mati enda gríðarlega mikilvægt mál og áhyggjuefni að ef aðföng hækka í verði mun matvælaverð hækka í kjölfarið," segir Stefán. */VH*

Hrein íslensk fæðubót **frá Eylíf**

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó
Ókeypis heimsending af www.eylif.is

Árni Pétur Aðalsteinsson

Er sannfærður um að Active JOINTS gerir mikið gagn fyrir mig

Ég hafði verið lengi með verki í líkamanum, sérstaklega slæmur í hnjánum og prófað ýmis fæðubótarefni og verkjalyf í gegnum tíðina. Læknirinn var búinn að gefa það út að lítið væri í þessu að gera annað en að fara í liðskiptaaðgerð á hnjám, en þá var mér bent á að prófa **Active JOINTS** frá Eylíf.

Þegar ég hafði tekið það inn í þrjár vikur fór ég að finna verulegan mun á mér, ég átti miklu auðveldar með að stíga fram úr rúminu og ganga upp tröppur, sem áður hafði valdið mér miklum verkjum. Ég fór erlendis í 2 vikur og gleymdi að taka **Active JOINTS** með mér og fann verulegan mun á mér, en þegar ég hóf inntökuna aftur þá var það uþb. 2 vikur sem ég var orðinn betri aftur.

Það er ótrúlegt að finna hvað þessi **Active JOINTS** hefur gert mikið fyrir mig. Nánast öll óþægindi eru farin í hnénu og ég er með vellíðunar tilfinningu innra með mér sem ég hef ekki fundið fyrir lengi. Ég er sannfærður um að **Active JOINTS** er að gera mikið gagn fyrir mig.

Ég mæli svo sannarlega með **Active JOINTS** frá Eylíf.

Árni Pétur Aðalsteinsson

Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum gæða-hráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.
„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra" segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum. Öll framleiðsla Eylífar fer fram á Grenivík.
„Við vitum öll að heilsan er dýrmætust því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna, **Happier GUTS**" segir Ólöf Rún.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

Hreint óerfðabreytt hráefni Íslensk framleiðsla

Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Þórdís S. Hannesdóttir

Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** frá Eylíf það hefur reynst mér mjög vel. Ég hef alltaf verið með lata þarmastarfsemi og hef verið að prófa ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna en var bara hætt að hugsa um þetta því ekkert virtist koma að gagni og ég hugsaði bara „ég er bara svona og lítið við því að gera".

Ég var svo heppin að kynnast **Happier GUTS** nýlega eftir ábendingu um að þetta virkaði vel, en ég var búin að vera í langri hvíld frá öðrum bætiefnum. Ég ákvað ég að prófa **Happier GUTS** sem ég sé ekki eftir, því eftir ca 2ja mánaða notkun fann ég gríðalegan mun á mér, allt annað líf en áður. Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** því það hefur hjálpað mér mjög mikið.

Ragnar Þór Alfreðsson

Líður betur og er ánægður með Stronger LIVER frá Eylíf

Mér var bent á að prófa **Stronger LIVER** frá Eylíf og ákvað ég að slá til. Ég hef verið í eftirliti hjá lækninum mínum vegna heilsufarsins og fer reglulega í tékk og blóðprufur.

Eftir að hafa notað **Stronger LIVER** í nokkra mánuði þá kom í ljós að blóðprufan kom óvenjulega vel út, öll gildin fyrir lifrina voru mun betri en áður. Þetta kom mér skemmtilega á óvart og hef ég verið mjög ánægður með vöruna því að mér líður vel af því að nota hana.

Því get ég sagt með sanni að ég mæli með **Stronger LIVER** frá Eylíf og ætla að halda áfram að nota vöruna.

Ragnar Þór Alfreðsson,
trésmiður

Nýjasta varan frá Eylíf er Stronger LIVER sem inniheldur fjögur íslensk hráefni:

- *Kítósan* er unnið úr rækjuskel, sem eru náttúrulegar trefjar og hefur staðfesta virkni
- *Kalkþörungar* sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunni, margar rannsóknir staðfesta virkni þess.
- Íslenski kísillinn frá *GeoSilica* sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni þess.
- *Íslensk hvönn* sem eru vel þekkt fyrir sína góðu áhrif á meltinguna í gegnum tíðina
- Við styrkjum blönduna með öflugri blöndu af kólín, mjólkurþistli og C vítamíni.

Kólín stuðlar að viðhaldi eðlilegarar starfsemi lifrar og að eðlilegum fituefnaskiptum.

Athugið að ekki má taka D vítamín eða önnur fituleysanleg vítamín á sama tíma. Látið líða ca 2 klst á milli.

EYLÍF

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (24. tölublöð) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** Guðrún Hulda Pálsdóttir gudrunhulda@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Sími smáauglýsinga: 563 0300 – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Blessaðir ólígarkarnir

Stríðið í Úkraínu hefur opnað augu fólks fyrir ýmsum furðulegheitum sem tengjast stríðandi aðilum þó enn kjósi margir að trúa bara því sem hentar best. Enda er sannleikurinn yfirleitt það fyrirbæri sem fyrst fýkur út um gluggann í stríði.

Mikið fer fyrir umræðu um rússneska ólígarka (oliharchs), sem svo eru kallaðir, og urðu skyndilega ríkir og vellauðugir við hrun Sovétríkjanna sálugu sem staðfest var með undirritun Alma-Ata samningsins 21. desember 1991. Ólígarkarnir, eða frumkvöðlarnir eins og þeir voru líka kallaðir, urðu í raun til þegar ákveðið var að fara í einkavæðingu á orku- og iðnaðarinnviðum gömlu Sovétríkjanna. Þá var gott að eiga vini í háum stöðum í nýju Rússlandi.

Vesturlandabúar, og Íslendingar þar á meðal, eru nú mjög uppteknir af að fordæma þá ólígarka sem þarna spruttu upp og efnuðust óstjórnlega við að ná undir sig ríkiseigum gamla stórveldisins. Þar má meðal annars nefna orkukerfið með öllum sínum olíuiðnaði, sem Þýskaland og fleiri ESB ríki eru nú afskaplega háð.

Talandi um ólígarka, þá má velta því fyrir sér hvort það skipti máli af hvaða þjóðerni þeir peningamenn eru sem kunna að nýta sér tækifærin þegar pólitískri fulltrúar þjóða ákveða að bjóða þeim aðgengi að eigum almennings fyrir slikk. Ætli rússneskir ólígarkar séu eitthvað verri en kollegar þeirra af sama sauðahúsi í öðrum löndum þegar upp er staðið? Hvort við köllum þá ólígarka eða eitthvað annað skiptir væntanlega engu máli.

Við kölluðum snillingana sem fleyttu rjómann af íslensku samfélagi fyrir bankahrunið 2008 útrásarvíkinga. Allt voru það snillingar á sinn hátt í að maka sína króka og áttu þá auðvelt með að eignast vini í ótrúlegustu kimum íslenskra stjórnmálaflokka til hægri og vinstri.

Á Íslandi þurfti ekki að leggja niður eitthvað sovét til að opna kjötkatlana og hefja hér ólígarkauppeldi í stórum stíl. Aðeins þurfti að búa til fáein lög um kvóta og frjálst og óháð framsal veiðiheimilda, til að blása almennilegu lífi í nasir þessara nýju þjóðfélagsþegna. Upp úr þessu spratt mikil gróska og hugmyndaauðgi um hvernig mætti betur nýta verðmæti almennings sem lágu fyrir hunda og manna fótum og voru auk þess án nokkurra hirða að séð varð. Ríkisstofnanir voru seldar fyrir slikk og stundum var jafnvel aldrei ljóst hvort nokkuð hafi komið upp í kaupverðið. Samt dugði það vel til að kaupa einn banka og annan, jafnvel með fallegum loforðum um að nýta rúblugróða frá sjálfu draumalandi „orginal“ ólígarka. Auðvitað voru það svo tóm leiðindi að setja út á það þegar peningaloforðin reyndust mörg í plati og öll þessi spilaborg hrundi til grunna einn góðan haustdag 2008.

Batnandi mönnum er samt best að lifa. Búið var að sannreyna uppskriftina að getnaði almennilegra ólígarka á Íslandi og ástæðulaust að láta svo góða uppskrift fara forgörðum. Nóg er líka til af eignum sem skrifaðar eru á þjóðina og best að losa hana við slíka bagga. Orkukerfið reyndist rússneskum ólígörkum mikill happafengur líkt og kollegum þeirra í ESB og því skyldi slíkt hið sama ekki geta átt við okkar eigin ólígarka? Þó löngum hafi verið þrætt fyrir að innleiðingar ótal orkupakka myndi leiða til uppskipta og sölu á stærsta orkufyrirtæki landsmanna, þá er nú búið að opinbera áhugann á slíku í röðum alþingismanna. Enda til hvers að láta þjóðina sitja uppi með slíkan ófögnuð þegar duglegir menn geta grætt svo miklu meira á því bixi? Orkuna sjálfa, sem hér drýpur af hverju strái, geta ólígarkar af íslenskum ættum síðan gert að enn meiri pening með innleiðingu á mælum, – sem eru sagðir afskaplega smart. */HKr.*

Stefnumörkun Bændasamtakanna

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is

Búnaðarþing 2022 verður haldið dagana 31. mars til 1. apríl næstkomandi, unnið er að undirbúningi og skipulagi þessa dagana svo þingið geti gengið sem best má verða. Mikil reynsla var af Búgreinaþingunum fyrr í mánuðinum og margt rætt þar sem mun rata inn á Búnaðarþingið.

Eitt af stóru málum þingsins er stefnumörkun Bændasamtakanna til næstu ára. Mikilvægt er að ná samstöðu um helstu mál til framtíðar svo stjórn og starfsmenn hafi veganesti til næstu verka.

Upprunamerki

Viku eftir Búgreinaþingið var afhjúpað nýtt upprunamerki landbúnaðarafurða, „Íslenskt staðfest“, en ráðherra matvæla afhjúpaði merkið með viðhöfn í Hörpu þann 14. mars síðastliðinn. Merkið hefur strax fengið athygli sem samræmd skilaboð um íslenskar afurðir og vil ég óska öllum til hamingju með merkið. Nú er það okkar að standa vörð um merkið og vinna því sess í huga neytenda. Þetta er ekki átaksverkefni heldur langtímahugsun sem þarf að fylgja íslenskri framleiðslu til framtíðar.

Fæðuöryggi?

Nú stöndum við frammi fyrir þeim tímum að ekkert er sjálfgefið í þessari veröld. Eins og þróun átaka í Austur-Evrópu er að raungerast höfum við framleiðendur talsverðar áhyggjur af þróun aðfangaverðs. Í áburði hefur það raungerst og það meira að segja fyrir stríðsrekstur. En hvernig verður þróun til lengri tíma með áburð til framtíðar þar sem fyrirsjáanlegt er að viðskiptahömlur á Rússland munu vera í talsverðan tíma þótt átökum ljúki? Þetta er eitthvað sem við verðum að vera meðvituð um og hvernig við leysum áburðarmál til framtíðar.

Frá vel heppnuðu Búgreinaþingi sem fram fór nýverið. Fram undan er svo Búnaðarþing þar sem allar búgreinadeildir innan Bændasamtaka Íslands ræða málefni landbúnaðarins í heild.

Annað sem truflar okkur í dag eru þessar miklu hækkanir á kornafurðum og möguleikar úkraínskra bænda til að yrkja jörðina á vordögum. En eins og hefur komið fram er framleiðsla á korni og kornafurðum mjög mikil á þessu svæði og hefur í raun bein áhrif á verð á heimsmarkaði á þessum afurðum. Nú sem aldrei áður er nauðsynlegt að ráðamenn þjóðarinnar í samstarfi við Bændasamtökin marki stefnu til framtíðar um birgðir, ekki síður eflingu á þeim þáttum sem geta leitt til meiri sjálfbærni til lengri tíma. Því við erum og verðum alltaf að horfa til þess að fyrst og fremst eru bændur matvælaframleiðendur. Ég vil hvetja til þess að bændur horfi til þeirra möguleika sem við höfum til að verða sjálfum okkur nóg í að brauðfæða íslenska þjóð.

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Þeir eru nokkrir Svínadalirnir á Íslandi, en þessi liggur samsíða norðanverðum Hvalfirði. Fyrir miðri mynd blasir bærinn Geitaberg og á bak við hann sjást tveir stallar neðan við rætur Söðulfells, sem er 358 metra hátt. Um gilið hægra megin á myndinni rennur Geitabergsá út í Þórisstaðavatn. Hægt er að aka í Svínadalinn skammt frá Ferstiklu í Hvalfirði og yfir Dragaveg meðfram Ferstikluhálsi. Þaðan liggur leiðin meðfram bænum Geitabergi og yfir Geldingardraga (Dragaveg) og yfir í Skorradal. Myndin er hins vegar tekin af Svínadalsvegi sem liggur til vesturs meðfram Þórisstaðavatni og Eyrarvatni og niður í Leirársveit. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF

Hafliði Halldórsson, verkefnastjóri markaðssviðs BÍ, Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri BÍ, Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra og Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ, við afhjúpum merkisins.

Upprunamerki fyrir íslensk matvæli og blóm:

Íslenskt staðfest

Upprunamerki fyrir íslensk matvæli og blóm var afhjúpað 14. mars síðastliðinn. Tilgangur merkisins, Íslenskt staðfest, er að auka sýnileika og markaðshlutdeild íslenskra afurða, tengja neytendur betur við frumframleiðendur og fræða um kosti íslenskra matvæla og verslunar.

Bændasamtök Íslands eiga og reka merkið sem byggir á áratugareynslu af notkun sambærilegra merkja á Norðurlöndunum. Stofnun merkisins er afrakstur áralangs samtals hagaðila og opinberra aðila á innlendum matvörumarkaði.

Upprunamerki fyrir matvæli og blóm

Gunnar Þorgeirsson sagði í ávarpi sínu að merkið væri kærkomið og að með tilkomu þess gætu íslenskir neytendur treyst því að vara sem það ber sé íslensk, bæði matvara og blóm.

„Hugmyndin og sérmerki fyrir íslenska matvælaframleiðslu hafa nokkrum sinnum komið upp og aðdragandinn að merkinu orðinn talsvert langur. Fyrir íslenska bændur, matvælaframleiðendur og Bændasamtökin er helsti kostur merkisins að með því er sannarlega íslensk framleiðsla aðgreind frá innfluttri. Að mínu mati er það langstærsti kosturinn við merkið, því núverandi reglugerð um merkingu matvara er opin í báða enda og nánast gagnslaus. Dæmi um það er að ef seldur er hreinn vöðvi eða hreint kjöt þá verður að geta uppruna þess, en ef sami vöðvi eða kjöt er selt kryddlegið þarf ekki að geta upprunans.

Þeir sem koma til með að nota merkið þurfa því að standa klárir á því að um sé að ræða íslenska framleiðslu og ekkert annað.“

Að sögn Gunnars hafa ýmsir, og þar á meðal stóru verslunarkeðjurnar, lýst áhuga á að nota merkið en hann segir einnig að of snemmt sé að segja til um móttökurnar þó að hann voni að þær verði sem mestar.

Svar við óskum neytenda

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra afhjúpaði merkið við athöfn og sagði meðal annars að merkið væri unnið í samræmi við tillögu sem samráðshópur undir forystu Bændasamtaka Íslands lagði fyrir atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið 2020 um betri merkingar matvæla og innleiðingu sameiginlegs merkis fyrir íslenskar matvörur.

„Vinna við gerð merkisins hófst í júní 2021 og núna, eftir níu mánaða meðgöngu, lítur merkið dagsins ljós.“ – Ráðherra sagði einnig að:

„Merkið væri svar við ósk neytenda um að geta á einfaldan hátt staðfest íslenskan uppruna hráefna og fá upprunamerkingu á íslenskar afurðir. Vaxandi hluti neytenda vill geta valið íslenskar vörur og leggja sig fram um að styðja íslenska framleiðslu og verslun. Rótgróin íslensk vörumerki geta jafnvel ekki uppruna íslenskra hráefna, sem rýrir traust neytenda.

Á sama tíma eru sannast sagna óskýrar upplýsingar í gangi og dæmi um að vörur séu sagðar íslenskar á forsendum um úrvinnslu innanlands, sem dregur úr trausti neytenda. Einnig eru dæmi um að sannarlega íslenskar vörur séu í samkeppni við innfluttar staðgönguvörur, án þess að upprunans sé getið. Einhverjir framleiðendur gætu talið að heimilisfang fyrirtækisins dugi, en markaðsrannsóknir sýna að sú tíð er löngu liðin. Hið minnsta má fullyrða að grátt svæði í merkingum rýri neytendavernd og sé líklegt til að skapa ákveðið vantraust neytenda, sem er óþarft.

Lagaramminn er skýr, ekki er hægt að skylda seljendur til að merkja allar innfluttar vörur, svar við þessu liggur í að merkja íslenskar vörur sérstaklega.“

Samstarf við alla virðiskeðjuna

Hafliði Halldórsson, sérfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands, og Guðrún Vaka Steingrímsdóttir, yfirlögfræðingur BÍ, hafa stýrt hönnun merkisins og þeirri hugmyndafræði og reglum sem liggja að baki notkun þess.

Hafliði segir að lykilatriði í gerð merkisins sé að veita frumframleiðendum, matvælaframleiðendum, verslunum og neytendum þjónustu til að styrkja sameiginlegan grundvöll með íslenskar afurðir og eiga með því farsælt samstarf við alla virðiskeðjuna.

Að sögn Hafliða má nota merkið á allar tegundir matvælahráefna, matvara og plantna sem uppfylla skilyrði um íslenskan uppruna. Merkið á því erindi í fjölmarga matvöruflokka og geta ferskar, frosnar og þurrvörur verið merktar upprunamerkinu, auk blóma.

„Við fengum leyfi til að nýta okkur samanlagða hálfrar aldar reynslu af slíkum merkjum á Norðurlöndunum og byggir merkið því á vel heppnuðum og sannreyndum fordæmum. Þannig gátum við sparað dýrmætan tíma, vinnu og fjármuni við gerð merkisins, sem er svar við gráu svæði í evrópskri löggjöf, sem skyldar ekki í öllum tilfellum seljendur matvöru til að merkja uppruna hráefna.“

Að sögn Hafliða er notkun merkisins valkvæð en háð leyfi og skilyrðum sem eru byggð á staðli og sæti úttektum þriðja aðila eða vottunarstofu. „Enda er slíkt algjört lykilatriði í að afla merkisins trausts og fylgis neytenda sem skilar svo notendum sama trausti. Liður í því að skapa traust er að á opinni heimasíðu merkisins birtum við allar reglurnar sem notendur merkisins gangast undir.“

Sýni sér um úttektir

Vottunarstofan Sýni sér um úttektir hjá þeim fyrirtækjum sem kjósa að nota merkið. Enginn má nota merkið nema hafa til þess leyfi sem sótt er um sérstaklega, gangast undir staðal merkisins og uppfylla opinberar kröfur til sinnar starfsemi.

Kostnaður við notkun merkisins byggir á norskri fyrirmynd og í tveimur skrefum. Í fyrsta lagi fast árgjald byggt á veltu fyrirtækisins með allar matvörur og í öðru lagi veltugjaldi á merktum vörum. Nánari upplýsingar um merkið má finna á stadfest.is. */VH*

MÆLT AF MUNNI FRAM 294

Pétur Jónsson, kenndur við Hallgilsstaði í Hörgárdal, var lipur hagyrðingur og eftir hann liggur talsvert af vísum. Kunnastur var Pétur þó fyrir vörubílarekstur undir nafninu **„Pétur og Valdimar“**, sem starfrækt var lengi á Akureyri. Fyrsta vísa Péturs í þessum þætti tengist ferðalagi Lúðrasveitar Akureyrar til Selfoss. Með í för var góðvinur Péturs, **Ingvi Flosason** rakari. Eftirmál ferðarinnar á Selfoss urðu þau helst að allir þátttakendur veiktust herfilega af matareitrun. Ingvi rakari slapp ekki við eitrunina. Þá orti **Pétur**:

Ingvi betur hefði verið heima,
hljómsveitina og sukkið bara dreyma.
Rauðkálið, það reið honum að fullu,
rakarinn fékk pissmígandi drullu.

Pétur giftist ekki um ævina, en lét þó eftir sig tvö börn. Einhverju sinni var hann að því spurður hví hann væri ókvæntur. **Pétur** ansaði:

Ógiftur ég ennþá má
ævi minni flíka.
Fjarlægðin gerir fjöllin blá
og flestar konur líka.

Vilja sér á toppinn tildra,
að tilveran sé fyrir sig.
Reynast líkt og rottugildra,
ég ræðst ekki í að gifta mig.

Bjarni á Grýtubakka orti svo hranalega um son sinn Ara:

Ekki er von hann Ari minn
ætíð þarflegt vinni,
af því hann er, auminginn
undan mömmu sinni.

Vilhjálmur Benediktsson á Brandaskarði orti um sjálfan sig og reiðhest sinn:

Eftir farinn æviveg
æði gleðisnauðan
við höldum báðir, hann og ég,
horaðir út í dauðann.

Um sveitasímann sinn orti **Ísleifur Gíslason**:

Oft ég fremdi axarskaft
eða missti af fregnum,
hefði ég ekki hjálparkjaft
hangandi á veggnum.

Ein sú mergjaðasta vísa sem ort hefur verið. Höfundurinn enda **Þórarinn Sveinsson** í Kílakoti:

Hefur sjónlaust hugarfar,
helgar krónum stritið.
Klakahrjónur heimskunnar
hafa skónum slitið.

Þegar **Eisenhower** millilenti á Keflavíkurvelli orti **Jón M. Pétursson** frá Hafnardal:

Ýmsar plágur ennþá henda
okkar smáu þjóð.
Eisenhower er að lenda,
ekki er spáin góð.

Eftir **Þorstein Guðmundsson** á Skálpastöðum eru næstu fjórar ferskeytlur:

Það geta brugðist þagnarheit
þegar skiljast vegir,
ef þrennir vita, þjóðin veit
það, sem enginn segir.

Drottinn skapti mig til manns
úr mold og leir og ryki.
Var það ekki á ábyrgð hans
að ekki smíðin sviki ?

Ég hef ferðast stað úr stað
og stöðugt fundið betur,
að sumarið getur synjað um það,
sem mig dreymdi í vetur.

Það erfist, sem að ættin gaf
eins og dæmin sanna.
Dúfa kemur ekki af
eggjum hræfuglanna.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR

Aðfangamál í ljósi stríðsátaka í Úkraínu:

Enginn fyrirsjáanlegur skortur en útlit fyrir umtalsverðar verðhækkanir á fóðri

– Greina má aukinn áhuga bænda á eigin kornrækt

Framboð og verð á aðföngum bænda í Evrópu markast nú og um ófyrirsjáanlega framtíð að talsverðum hluta af stríði Rússa í Úkraínu, því drjúgur hluti af því hráefni sem hefur verið notað til framleiðslunnar fyrir heimsmarkað á uppruna sinn í Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi.

Íslenskir söluaðilar aðfanga fyrir bændur eru sammála um að ekki sé fyrirsjáanlegur skortur á mikilvægum aðföngum en miklir óvissutímar séu fram undan varðandi verðlag – einkum á fóðri – og líkurnar á gríðarlegum verðhækkunum muni aukast meðan stríðið heldur áfram.

Viðskiptaþvinganir á Rússa hafa nú þegar leitt til mikilla verðhækkana á hrávöru og hafa um leið þvingað framleiðendur aðfanga til að leita nýrra lausna. Gríðarmiklar kornbirgðir hafa hlaðist upp í Rússlandi og Úkraínu sem ekki er hægt að koma á markaði.

Í samtölum við aðfangasala kemur fram að nóg sé til af sáðvöru og rúlluplasti og svo virðist sem verðhækkanir á þessum aðföngum séu ekki orðnar verulegar.

Langtímasamningar SS

Elías Hartmann Hreinsson, deildarstjóri búrekstrardeildar Sláturfélags Suðurlands (SS), segir að vegna langtímasamninga sem SS hafi gert sé góð staða á framboði aðfanga fyrir bændur næstu mánuði.

„Varðandi fóður, þá gerðum við í nóvember á síðasta ári samning við okkar framleiðanda í Danmörku til 11 mánaða og tryggjum okkur því fast verð á því tímabili. Fóðrið sem við kaupum er allt frá DLG í Danmörku og það er framleitt þar, en nokkrar hækkanir urðu við síðustu verðbreytingar vegna þróunar á heimsmarkaði.“

Elías segir að áburðurinn sé einnig tryggður, sem hefur verið pantaður hjá SS.

„Eitthvað af honum er kominn og annað er á leiðinni. Aftur á móti veit maður ekkert hvað verður svo síðar, því áburðarframleiðslan er auðvitað í gríðarlegri óvissu í ljósi stríðsástandsins. Ég veit að Yara, okkar samstarfsaðili, hefur verið að taka fosfór úr eigin námum í Finnlandi, köfnunarefnisáburðurinn er framleiddur í Þýskalandi, og köfnunarefni í tví- og þrígildan áburð er framleitt í verksmiðjum Yara í Noregi og Finnlandi. En svo eru stórir framleiðendur á áburði sem hafa fengið fosfór og köfnunarefni í Rússlandi og kalí frá Hvíta-Rússlandi. Yara tók áður kalí frá Hvíta-Rússlandi en vegna viðskiptabanns hefur fyrirtækið snúið sér að Kanada, en það er óhætt að segja að verð á fosfór og kalí hafi hækkað gríðarlega á síðustu vikum.

Einhverjir áburðarframleiðendur hafa verið að taka fosfór frá Marokkó, en það er annars eðlis – upprunnið úr sjó og ríkt af kadmíumi. Vandamálið er að í Evrópu fyrir utan Norðurlöndin eru ekki hámarksgildi fyrir kadmíuminnihald í áburði og þó að það hafi ekki mikil áhrif á jarðveginn til skamms tíma þá safnast þetta upp og getur mengast mjög,“ segir Elías.

Á vef Matvælastofnunar er bent á að kadmíum sé þungmálmur og með endurtekinni notkun á kadmíum-ríkum áburði skapast hætta á skaðlegum áhrifum vegna aukinnar upptöku plantna á efninu.

Verðhækkanir verða á sáðvöru

Elías segir að framboð á sáðvöru hafi ekki verið eins mikið og áður.

„Það má búast við gríðarlegum verðhækkunum á sáðvöru. Balkanlöndin hafa verið að framleiða sáðvöru fyrir þessi lönd eins og Rússlandi og Úkraínu, þar sem stór hluti ræktunar fyrir Evrópumarkað hefur farið fram. En núna veit maður ekki hvernig það mun þróast.“

Hann segir að engin spurning sé hins vegar um það að nú sé lag fyrir íslenska bændur að fara í eigin kornrækt – og fyrir kornbændur að auka við sig.

„Kornverð kemur til með að hækka mikið. Mér finnst eins og það sé hugur í bændum.

Við sjáum núna líka óhemjumikla aukningu í sölu á kalki og það virðist hafa náð í gegn að við það að laga sýrustig jarðvegsins nýtist áburðurinn miklu betur. Til að gefa dæmi um það hversu góða raun það getur gefið, er að það er eitt afurðamikið kúabú hér á Suðurlandi sem hefur náð sýrustiginu upp í 6,3 til 6,5 með því að kalka reglubundið á hverju ári í mörg ár. Þar er nú dreift áburði á við gott sauðfjárbú. Mér finnst að það mætti huga betur að ýmsum slíkum þáttum búrekstrarins, betri kostnaðargreiningum og nákvæmari útreikningum á fóðurgildi hverrar heyrúllu til dæmis.“

Bygg og maís hækkað um 30-40 prósent

Úlfur Blandon, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs hjá Fóðurblöndunni, segir stöðuna hjá fyrirtækinu ágæta í dag hvað varðar fóður og áburðinn hafi verið verið búið að tryggja áður en stríðið skall á.

„Við getum í raun keypt það sem vantar af fóðri og enginn skortur er, en það er reyndar allt miklu dýrara. Bygg og maís hefur hækkað um 30 til 40 prósent á undanförnum dögum og ástæðan fyrir því er kannski aðallega sú að öll kornsíló í Rússlandi og Úkraínu eru full af bygg og maís. Óvissa í þessum málum hefur mikil áhrif á verð, Þeir koma þessu ekki úr landi og á markað – og því hækkar heimsmarkaðsverð.

Við höfum hvatt bændur til að fara út í kornrækt, sem hafa tök á því, og finnum fyrir áhuga. Bændur eru að tryggja sér sáðvöru. Það reyndar leit ekkert vel út fyrir tveimur vikum síðan varðandi framboð á sáðvöru en síðan hefur ræst úr því og við fengum það magn sem við vorum með í fyrra og meira til,“ segir Úlfur og bendir á að verðhækkun á sáðvöru sé í raun ekki enn komin inn þó hún sé einhver nú þegar.

Viðskiptaþvinganir á Rússa hafa nú þegar leitt til mikilla verðhækkana á hrávöru og hafa um leið þvingað framleiðendur aðfanga til að leita nýrra lausna. Gríðarmiklar kornbirgðir hafa hlaðist upp í Rússlandi og Úkraínu sem ekki er hægt að koma á markaði.

Elías Hartmann Hreinsson, deildarstjóri búrekstrardeildar SS.

Úlfur Blandon, framkvæmdastjóri hjá Fóðurblöndunni.

Jóhannes Baldvin Jónsson, deildarstjóri hjá Líflandi.

Olían og mjólkin

„Áburðurinn okkar er kominn yfir til Finnlands og það er búið að sekkja hann nánast allan. Hann kemur svo í tveimur sendingum, í næstu viku og svo í lok mánaðarins. Hann er svona að mestu upprunninn frá Rússlandi – eins og stór hluti af öllum áburði á markaði hér í Evrópu. Sérstaklega fosfórinn og kalí,“ segir Úlfur sem hefur ekki áhyggjur af yfirvofandi vöruskorti á áburði – til dæmis á næsta ári.

„Við höfum aðallega áhyggjur af hækkandi áburðarverði sem búvöruverð nái ekki að halda í við. Einu sinni var það þannig að olíuverð og mjólkurverð hélst alltaf í hendur – og það var þannig í mörg ár. Mjólkurlítrinn í dag út úr búð kostar um 176 krónur á meðan olían á bensínstöð kostar í dag yfir 300 krónur lítrinn, það er því miður staðreyndin.

Það er að mörgu að huga í þessu en við sjáum það og vissum að bændur skera ekki niður fóður í kýrnar sínar, en spara frekar við sig í endurræktun túna og slíku – og huga vel að betri nýtingu áburðar.“

Áskoranir í verðlaginu

Jóhannes Baldvin Jónsson, deildarstjóri vöruþróunar og ráðgjafar hjá Líflandi, tekur undir með Úlfi um að verðhækkanir á fóðri kunni að verða umtalsverðar á næstu misserum, sem skýrast af miklum hækkunum á hrávöru til fóðurgerðar.

„Það er ekki fyrirsjáanlegur skortur en okkar áskoranir verða í verðlaginu því það er mikill titringur á mörkuðum. Fyrir ástandið sem skapaðist við innrás Rússa í Úkraínu höfðu þegar átt sér stað nokkrar hækkanir vegna ýmiss konar þróunar á heimsmarkaði, meðal annars vegna verðhækkana á áburði, hækkunar á skipafrakt og fleiri þáttum.“

Áburðinum dreift í apríl

Áburði Líflands verður dreift til viðskiptavina í apríl.

„Okkar áburður er núna tilbúinn á Bretlandseyjum og fer í skip eftir tæpar tvær vikur, en hráefni í hann kemur víða að og meðal annars frá Rússlandi. Hrávaran var öll trygg og komin til Skotlands þegar stríðið braust út.“

Í ljósi nýlegra tíðinda af viðskiptabanni á einn eigenda PhosAgro, eins helsta fosfórframleiðanda Rússlands, má búast við því áburðarkreppan verði enn harðari ef heldur fram sem horfir. Með viðskiptabanninu lokaðist fyrir allan útflutning á fosfór frá PhosAgro til Evrópu.

„Þetta getur dregið dilk á eftir sér og snert okkur beint því þessi fosfór frá Rússlandi inniheldur lítið af kadmíum og hentar því vel hér á Íslandi þar sem ströng skilyrði eru um hámarks kadmíuminnihald áburðar. Við höfum hvatt stjórnvöld til að rýna þetta mál og taka skref í því að koma í veg fyrir að hér verði hugsanlegur skortur á þessu mikilvæga innihaldsefni áburðar í náinni framtíð,“ segir Jóhannes.

Óvissa með skeljasand til kölkunar túna

Jóhannes bendir á að vegna mikilla hækkana á áburði sé kölkun túna og ræktarlands mikilvægur liður í að bæta nýtingu áburðarefna og auka uppskeru. Nú sé hins vegar sú staða uppi að námaleyfi Björgunar, eina vinnsluaðila skeljasands í landinu, hafi ekki fengist endurnýjað og ekki fyrirséð með frekari dælingu hans.

„Birgðir þeirra eru nú á þrotum sem gerist á versta tíma þegar bændur þurfa nú sem aldrei fyrr að beita öllum tiltækum ráðum til að auka framleiðni nytjalands. Við hjá Líflandi höfum hvatt matvælaráðuneytið og Bændasamtökin til þess að beita sér í því að lausn finnist á þessu máli, enda er skeljasandur eina íslenska jarðefnið sem raunhæft er að nýta í þessum tilgangi,“ segir Jóhannes.

Bændur hugleiða kornrækt

„Það er alveg ljóst að bændur fara fyrr af stað í sínum hugleiðingum varðandi sáðvörur,“ segir Jóhannes, spurður um hug bænda til eigin kornræktar.

„Það má greina aukinn áhuga á kornrækt og ég tel hyggilegt að bændur ígrundi það að bæta í þar. Það hafa orðið lítils háttar verðhækkanir á sáðkorni en ekki miklar breytingar til að mynda á grasfræi, sem skýrist af því að samningar um verð á þessum tegundum voru gerðir á seinni hluta síðasta árs.

Hluti af sáðvörunni er þegar kominn og hluti hennar er á leiðinni.“

/smh

Lely Center Ísland
Landbúnaðarleikföng

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Við erum með allt klárt fyrir vorþrifin

N1 Vefverslun
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki

Tork-rúlla með kjarna

Mjúkur og sterkur tvöfaldur pappír til að þurrka hendur og þrífa bleytu og óhreinindi. Passar í TORK M2 vegg- og gólfskammtara.

Örtrefjaklútur 40×40 cm

Örtrefjaklútur sem kemur í staðinn fyrir gömlu bómullartuskuna í eldhúsinu. Hentar mjög vel í eldhúsum og til þrifa á helstu flötum.

Litir: Blár, gulur, rauður og svartur.

Léttur samfestingur

Þunnur samfestingur með hnjápúðavösum. Hentar vel fyrir iðnaðarmenn, bændur o.fl.

Litur: Navy blár með kóngabláu. Stærðir: 48-72.

S-1 EXTRA 20L

Altækt hreinsiefni til að hreinsa olíu, óhreinindi, fitu, prótein o.s.frv. af öllum hreinsihæfum yfirborðum í matvæla- og fiskiðnaði, sem og í skipum.

H80 Olíu-og fituhreinsir í vatnslausn - 20L

Hentar vel á verkstæðum og í vélarúmum við þrif á gólfum og öðrum yfirborðum. Efnið lyktar minna og er minna ertandi fyrir notendur en mörg önnur sterk hreinsiefni.

Gólfskafa og álskaft

Álskaftið er er 153,5 cm, þyngd 0,58 kg. Þvermál 40mm. Notist við hitastig -18°C til 79°C. Heilsteypt gólfskafa úr polypropylene efni, thermoplasti og gúmmíi. Má nota við hitastig frá -18°C til 80°C.

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • **Blönduós** s. 440 1339 • **Húsavík** s. 440 1448
Höfn s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574 • **Klettagarðar** s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

FRÉTTIR

Aðalfundir tveggja ára hjá Æðarræktarfélagi Íslands

Aðalfundir Æðarræktarfélags Íslands fyrir árin 2020 og 2021 verða haldnir laugardaginn 26. mars 2022 í húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands í Keldnaholti, Árleyni 22, Reykjavík. Fundurinn hefst klukkan 10.00 og stendur til klukkan 13.00.

Meginverkefni fundanna er skýrsla stjórnar, afgreiðsla ársreikninga og kosningar til stjórnar. Jafnframt verður lögð fyrir aðalfund tillaga að ákvæði til bráðabirgða við lög félagsins til að heimila rafræna kosningu um það hvort Æðarræktarfélagið sameinist Bændasamtökum Íslands.

Ef tillaga þessi verður samþykkt munu rafrænar kosningar um sameiningu fara fram í kjölfar fundarins. Ef sameining við BÍ verður fyrir valinu verður næsti aðalfundur nýrrar búgreinadeildar (Búgreinaþing) árið 2023.

Ákvörðun um hvort ÆÍ sameinist Bændasamtökunum sem Búgreinadeild æðarræktar eða haldi áfram sem sjálfstætt félag er mikilvæg fyrir félagið og, að sögn Guðrúnar Gauksdóttur formanns, segir að stjórn félagsins telji nauðsynlegt að sem flestir félagar greiða atkvæði. Í kjölfar kynningarfundar með BÍ þann 27. janúar síðastliðinn gekkst stjórn ÆÍ fyrir skoðanakönnun meðal félagsmanna um hug þeirra til sameiningar. Í könnuninni tóku þátt 122 og voru 52 samþykkir sameiningu við Bændasamtökin en 70 mótfallnir. */VH*

Rangárþing ytra:

Fiskiræktun í Eystri-Rangá

Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur lýst yfir vilja sínum til þess að skipta upp jörðunum Fossi og Árbæ í sveitarfélaginu, þannig að meginhluti jarðarlands hvorrar jarðar verði á sér landnúmerum. Það land sem eftir stendur á hvorri jörð fyrir sig ber þá upprunalega landnúmerið og samkvæmt lögum þá fylgir veiðiréttur upprunalega landnúmerinu.

Jafnframt lýsir sveitarfélagið yfir vilja til að leigja óstofnuðu félagi um fiskirækt í efri hluta Eystri-Rangár, sem Lýður Skúlason, Guðmundur Ingi Hjartarson og Finnur Björn Harðarson eru í forsvari fyrir, land það sem verður á upprunalegu landnúmerunum. Leigunni fylgir aðgengi að efri hluta Eystri-Rangár, innan jarðanna, og er fyrrgreindum aðilum veitt vilyrði um leyfi fyrir að þeir leggi nauðsynlega veiðislóða, gerist þess þörf, með fyrirvara um samþykki leyfisveitenda varðandi skipulag og umhverfismál. Þetta kemur m.a. fram í síðustu fundargerð sveitarstjórnar. Þar segir enn fremur að um sé að ræða leigu til allt að 5 ára eða þar til kemur í ljós hvort áætlanir um fiskiræktina muni ganga eftir. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum varðandi árangur í fiskirækt er vilji til að framlengja leiguna til allt að 30 ára. */MHH*

Leiðrétting

Á forsíðu síðasta Bændablaðs kom fram að Friðrik Jakobsson hefði verið mótshaldari hestamótsins Mývatn Open. Hið rétta er að hestamannafélagið Þjálfi hélt mótið þar sem Friðrik er formaður. Beðist er velvirðingar á mistökunum. */ghp*

Hrossabændur á Búnaðarþingi:

Alþjóðlegt samstarf mikilvægt

Deild hrossabænda leggur áherslu á kynningu á starfi hrossabænda og aukna þátttöku þeirra sem stunda hrossabúskap. Fyrir Búnaðarþinginu liggur tillaga frá deildinni er lýtur að mikilvægi WorldFengs, upprunaættbókar íslenska hestsins.

„Eitt af því sem við í deild hrossabænda þurfum að gera og er aðkallandi er að auka þátttöku þeirra sem eru að stunda hrossabúskap í stórum og smáum stíl til að efla okkar búgreinadeild. Það á reyndar ekki bara við um hrossabændur en auka þarf þátttöku allra bænda í Bændasamtökunum," segir Sveinn Steinarsson, formaður deildar hrossabænda.

„Helstu áherslur hrossabænda í tengslum við komandi Búnaðarþing er að kynna hvað starfið okkar gengur út á og hvaða þættir í okkar starfi eru mikilvægastir. Fyrir þingið mun koma tillaga sem samþykkt var á Búgreinaþinginu og varða mikilvægi þess að staðið sé vörð um ættbók íslenska hestsins, Worldfeng, en ættbókin er alger miðja í öllu okkar starfi og varðar ræktun hestsins um víða veröld," segir Sveinn.

„Þá má einnig nefna, þó að ekki liggi fyrir beint tillaga þess efnis, að þátttaka okkar í alþjóðlegu samstarfi um ræktun hestsins er afar mikilvæg enda er Ísland upprunalandið og mikilvægt að við stöndum vörð um það."

Sveinn Steinarsson, formaður deildar hrossabænda.

Þá segir Sveinn að þátttaka hrossabænda í markaðsverkefninu Horses of Iceland sé farvegur þeirra í kynningu á hestinum og hestamennskunni. „Ánægjulegt að segja frá því að nú er búið að tryggja samstarfið út árið 2025, sem við erum ákaflega stolt af og ánægð með." */ghp*

Kornbændurnir í Vallanesi njóta ávaxtanna af góðu sumri á Austurlandi:

Markaðssetja lífrænt vottað heilhveiti

– Mikil gæði á bæði hveiti og byggi

Veðurblíðan á Austurlandi síðasta sumar var kornbændum hagstæð þó talsvert hafi þurft að hafa fyrir því að góð uppskera næðist, meðal annars með mikilli vökvun.

Ávöxturinn hefur nýlega litið dagsins ljós á Vallanesi á Fljótsdalshéraði, en Móðir Jörð hefur nýlega sett lífrænt vottað heilhveiti á markað.

Að sögn Eyglóar Bjarkar Ólafsdóttur, sem hefur umsjón með vörulínu Móður Jarðar, var heilhveiti fyrst sett á markað fyrir um tíu árum en ræktunin á því er ekki eins stöðug og í bygginu. „Það þarf lengra sumar og er viðkvæmara í slæmu árferði. Lífrænt ræktað korn er mun ríkara af örverum í ytra byrði kornsins og hefur betri spírunareiginleika.

Heilhveitið er þess eðlis að það þarf minni vinnslu og slípun og kemur því tilbúnara beint af akrinum. Fyrir þá sem vilja gerja korn, spíra eða nota í súrdeigsbakstur er þetta korn afbragð."

Eymundur Magnússon, kornbóndi í Vallanesi, er hér á hveitiakrinum sumarið 2021. Á innfelldu myndinni er pakki með Heilhveiti frá Vallanesi.

Byggið einnig gott

„Byggið frá sumrinu 2021 er einnig af frábærum gæðum, bústið korn og flott í alla matargerð sem og í bakstur. Margir bakarar hafa tileinkað sér að nota soðið bankabygg í brauðin, byggmjölið er mikið notað sem og byggflögur sem einnig má setja utan á brauðin.

Uppskerumagn eftir þetta hlýja sumar var þó ekki met eins og við vorum að vona því vorið var kalt, þótt eftirleikurinn hafi verið góður náði það ekki að vega upp þetta kalda vor að fullu," segir Eygló.

Hún bætir við að hið góða sumar hafi ekki síst skilað sér í metaðsókn á staðinn. „Margir Íslendingar lögðu leið sína í Vallanes til að njóta grænmetisrétta sem þar er boðið upp á í Asparhúsinu. Við vorum einnig með akurbaunir í ræktun í sumar í fyrsta sinn utandyra. Þær heppnuðust að því leyti að þeirra var notið í einhverjum mæli og þóttu ljúffengar en samkvæmt mælingum náðu þær þó ekki fullum þroska. Þessi tilraun var þó þess virði því ræktun belgjurta bætir jarðveginn og dregur úr áburðarþörf í kjölfarið," segir Eygló. */smh*

NÁTTÚRULEGA GÓÐIR PÁSKAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Íslenska lambakjötið er ómissandi hluti af íslenskum páskum. Í meira en þúsund ár hefur læri, hryggur, lund eða fillet með kjarngóðri sósu fært okkur ómælda gleði um hátíðina – en möguleikarnir til að galdra fram ljúffengan páskamat úr íslensku lambakjöti eru í raun óendanlegir.

Skoðaðu uppskriftirnar
á íslensktlambakjöt.is

FRÉTTIR

Mesti orkukostnaðurinn er í Grímsey

Heildarorkukostnaður hér á landi er hæstur í Grímsey þar sem rafmagn er framleitt og hús kynt með olíu. Næsthæsti heildarorkukostnaður er í Nesjahverfi í Hornafirði, sem skilgreint er sem dreifbýli hvað raforku varðar og ný hitaveita var nýlega tekin í gagnið.

Ísafjörður, Bolungarvík, Patreksfjörður og Flateyri, þar sem eru kyntar heitaveitur, koma þar á eftir. Heildarorkukostnaður er, líkt og áður, lægstur á Seltjarnarnesi, á Flúðum og í Mosfellsbæ.

Orkustofnun reiknaði út fyrir Byggðastofnun kostnað á ársgrundvelli við raforkunotkun og húshitun fyrir svipaðar fasteignir á nokkrum þéttbýlisstöðum og í dreifbýli.

Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m² að grunnfleti og 350 m³. Almenn raforkunotkun er sú raforka sem er notuð í annað en að hita upp húsnæði, svo sem ljós og heimilistæki, en miðað er við 4.500 kWst í almennri rafmagnsnotkun og 28.400 kWst við húshitun án varmadælu og 14.200 kWst með varmadælu.



Bilið minnkar

Lægsta mögulega verð fyrir viðmiðunareignina, með flutnings- og dreifingarkostnaði, fæst hjá Veitum: Í Reykjavík, í Kópavogi og austurhluta Garðabæjar, á Seltjarnarnesi, í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og á Akranesi, um 78 þúsund krónur.

Hæsta gjald í skilgreindu þéttbýli er um 92 þúsund krónur hjá Orkubúi Vestfjarða en raforkuverð er nokkuð hærra í skilgreindu dreifbýli, eða 103-104 þúsund krónur fyrir viðmiðunareign.

Árið 2020 var lægsta mögulega verð í dreifbýli 53% hærra en lægsta mögulega verð í þéttbýli, en árið 2021 hafði bilið lækkað niður í 32% vegna aukins dreifbýlisframlags.

Meiri munur í húshitun

Munurinn á húshitunarkostnaði milli svæða er mun meiri en á raforkuverði. Lægsta verð fyrir húshitun með rafmagni hefur lækkað talsvert undanfarin ár, m.a. vegna niðurgreiðslna á dreifi- og flutningskostnaði, og mikil lækkun varð árið 2021 með aukinni samkeppni á raforkusölumarkaði.

Lægsti húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign er á Flúðum, um 68 þúsund krónur, og þarnæst í Brautarholti á Skeiðum og á Seltjarnarnesi um 75 þúsund.

Á þessum stöðum er lægsti húshitunarkostnaður um þriðjungur af kostnaðinum þar sem hann er hæstur. */MÞÞ*

Kúabændurnir með verðlaunin, frá vinstri: Fjóla Ingveldur Kjartansdóttir í Birtingaholti 4, Björgvin Viðar Jónsson í Dalbæ og Aðalsteinn Þorgeirsson fyrir hönd Núpstúnbænda. Mynd / Gunnar Kristinn Eiríksson

Nautgriparæktarfélag Hrunamanna:

Dalbær er afurðahæsta búið

Aðalfundur Nautgriparæktarfélags Hrunamanna fór nýlega fram. Á fundinum voru eftirtalin verðlaun veitt:

Fjóla í Birtingaholti 4 tók við Huppuhorninu fyrir efnilegustu kvígu félagsmanna. Sú heitir Skerpla 1699 frá Birtingaholti 4 með 310 stig. Björgvin Viðar í Dalbæ tók við tvennum verðlaunum fyrir hönd móður sinnar, Arnfríðar í Dalbæ.

Dalbær var afurðahæsta búið á síðasta ári með 8.342 kg mjólkur og 700 kg MFP. Þar var einnig afurðahæsta kýrin en hún heitir Snúra 546 frá Dalbæ, sem mjólkaði 13.293 lítra.

Aðalsteinn á Hrafnkelsstöðum var staðgengill Núpstúnsbænda og tók við verðlaunum þeirra fyrir ræktunarbú ársins. Þau voru með 690 kg MFP og er það 164 kg aukning milli ára. */MHH*

Vísbendingar um að jarðhitakerfið á Hjalteyri sé fullnýtt:

Virkja þarf önnur jarðhitakerfi sem eru fjær Akureyri

– Heitavatnsnotkun á Akureyri hefur tvöfaldast á 20 árum

Vísbendingar eru um að jarðhitakerfið á Hjalteyri sé orðið fullnýtt, en það mun að sögn Helga Jóhannessonar, forstjóra Norðurorku, koma betur í ljós á næstunni hvernig kerfið bregst við minnkandi dælingu.

Í febrúar sl. kom fram aukið klórmagn í mælingum á jarðhitavatninu. Það bendir til aukins snefliefnamagns úr sjó sem að líkindum kemur gegnum Strýturnar á botni Eyjafjarðar úti fyrir Arnarnesi.

„Ef þetta er raunin, að jarðhitakerfið við Hjalteyri sé um það bil fullnýtt, blasir við að virkja þarf önnur jarðhitakerfi og þau eru lengra í burtu," segir Helgi. Norðurorka á jarðhitaréttindi við Ytri-Vík og Syðri-Haga í Dalvíkurbyggð og hafa þau verið til rannsóknar undanfarin ár en kostnaðarsamt er að sækja heitt vatn um langan veg.

Jarðhitakerfið á Hjalteyri hefur verið í notkun um 20 ár og staðið undir allri aukningu hitaveitunnar frá þeim tíma.

„Við getum þakkað fyrir að Hjalteyrarkerfið hafi verið svo gjöfult sem raun ber vitni, ekki síst þegar horft er til þess að heitavatnsnotkun á Akureyri og tengdum veitum hefur tvöfaldast á þessum tveimur áratugum," segir hann.

Hjalteyri. Lagning aðveituæðar til Akureyrar í ágúst 2019. Mynd / Axel Darri Þórhallsson / Norðurorka



Heitavatnsnotkun á Akureyri og tengdum veitum hefur tvöfaldast á þessum tveimur áratugum.

Er nauðsynlegt að hita upp íþróttavelli yfir veturinn?

Norðurorka hefur alla tíð lagt áherslu á að ganga ekki of nærri náttúruauðlindum og haft sjálfbærni að leiðarljósi. Hlutverk félagsins er að sjá notendum fyrir heitu vatni og þeim lífsgæðum sem hitaveitu fylgir. Tvöföldun á notkun á heitu vatni á 20 árum er langt umfram fólksfjölgun yfir sama tímabil.

„Það má velta ýmsu upp varðandi notkun á heitu vatni og hvort við gætum umgengist þessa auðlind okkar af meiri virðingu og haft í huga að sóa henni ekki," segir Helgi og nefnir m.a. hvort nauðsynlegt sé að hita upp íþróttavelli að vetrarlagi, hvort breiða ætti yfir sundlaugar og eins megi spyrja sig hvort brýna nauðsyn beri til að hita upp bílaplön sem dæmi um hugsanlegan sparnað á heitu vatni.

„Það er margt sem hægt er að skoða og gera betur. Við búum á svæði sem ekki er sérlega ríkt af heitu vatni og þurfum virkilega að huga að því hvernig best er að nýta það," segir hann.

Aðveitulögnin nýtist

Helgi segir stöðuna ekki á þann veg að heitt vatn á Hjalteyrarsvæðinu sé að verða búið, nú sé að finna jafnvægi í sjálfbærri nýtingu á jarðhitakerfinu og bregðast þannig við vísbendingum, framhaldið sé að huga að nýjum vatnsöflunarsvæðum. Enn á eftir að leggja einn áfanga í svonefndri Hjalteyrarlögn sem er eitt af stóru verkefnum Norðurorku undanfarin ár.

Kostnaður við heildarverkefnið kringum Hjalteyri var áætlað um 2,5 milljarðar króna en Helgi segir að nýja aðveitulögnin muni alltaf nýtast, ekki síst þegar vatn er sótt úr norðri.

/MÞÞ

limtrevirnet.is

STEINULLAR-EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn

- Íslensk framleiðsla með stuttum afhendingartíma.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- CE vottaðar steinullareiningar samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVirnet

ÍSLENSKT gjörið svo vel

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTIR

Landform deiliskipuleggur hesthúsahverfið á Selfossi

Skipulags- og byggingarnefnd Árborgar, ásamt bæjarstjórn sveitarfélagsins, samþykktu fyrir skömmu að hefja vinnu við breytingu á gildandi deiliskipulagi svæðis hestamanna á Selfossi.

Markmið breytingar er að stækka núverandi svæði til að koma fyrir fleiri hesthúsum og ef til vill öðrum byggingum tengdri starfseminni á svæðinu. Svæðið í heild er um 33 ha að stærð og tekur til vallarsvæðis, keppnissvæðis, reiðhallar og heshúsahverfis. Nú hefur verið samþykkt að semja við Landform á Selfossi um vinnuna á grundvelli verðkönnunar, sem var gerð á meðal sex fyrirtækja. */MHH*

Reykjavíkurborg með 600 matjurtagarða til leigu

Reykjavíkurborg hefur opnað fyrir umsóknir Reykvíkinga um matjurtagarða í borginni. Um 600 matjurtagarðar verða leigðir út á vegum borgarinnar í sumar, þar af eru 200 í Skammadal.

Matjurtagarðarnir eru í boði í Vesturbæ, Fossvogi, Laugardal, Árbæ, Grafarvogi og Kjalarnesi við Fólkvang, sem bættist við í fyrra. Matjurtagarðarnir verða opnaðir 1. maí. Garðarnir verða merktir hverjum og einum. Vatn er aðgengilegt á öllum svæðum. Garðáhöld, plöntur og útsæði fylgja ekki með görðunum.

Leigugjöld ársins 2022 eru 6.000 kr. fyrir garðland í Skammadal (u.þ.b. 100 fermetrar) og 5.000 kr. fyrir garð (u.þ.b. 20 fermetrar). Kassar í Grafarvogi, Árbæ og Kjalarnesi verða á kr. 4.000 kr. kassinn (8 fermetrar).

Umsóknir sendist á netfangið matjurtagardar@reykjavik.is.

/MHH

Hitaveita Flúða með lægsta húshitunarkostnað landsins

Jón Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, upplýsti í Pésanum, nýjasta fréttabréfi Hrunamannahrepps, að Hitaveita Flúða er með lægsta húshitunarkostnað á landinu og Flúðir eru síðan í öðru sæti varðandi heildarkostnað á rafmagns- og húshitunarkostnaði á landinu.

Hitaveitan á Flúðum er með lægsta húshitunarkostnað á landinu. Mynd / MHH

„Hitaveita Flúða er því mikið stolt okkar og það er ljóst í umræðunni varðandi uppbyggingu á öðrum þéttbýliskjörnum að mikilvægt er að hafa gott aðgengi að heitu og köldu vatni, svo ekki sé talað um möguleika á ljósleiðaratengingu. Þannig eigum við að vera í nokkuð góðum málum að geta sinnt þessu öllu með sóma," segir Jón meðal annars í Pésanum. */MHH*

Örn Traustason og Valur Höskuldsson hjá Ektafiski á Hauganesi með fötur af saltsteini. Myndir / Ektafiskur

Saga Ektafisks ehf. og fjölskyldu á Hauganesi nær um 100 ár aftur í tímann:

Afsalt, sem áður var hent, er nýtt í framleiðslu saltsteina fyrir búfé

„Við erum að hefja hönnun á nýjum saltsteini með þaramjöli í samvinnu við bændur hér í nágrenninu og hann mun væntanlega koma á markað áður en langt um líður," segir Elvar Reykjalín, framkvæmdastjóri og eigandi Ektafisks ehf. á Hauganesi.

Ektafiskur hefur fengið styrk úr uppbyggingarsjóði Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi eystra til að vinna að vöruþróun á nýjum saltsteini fyrir búfé.

Á vegum Ektafisks var á liðnu ári unnið að undirbúningi vegna framleiðslu á saltsteini og fór að sögn Elvars bróðurpartur ársins í þróunarvinnu, en vandað var til verka. Varan var tilbúin til sölu í desember síðastliðnum og er saltsteinninn nú til í flestum stærstu fóðurverslunum lands. „Þetta hefur líkað vel og það er ánægjulegt," segir hann.

Saltfiskvinnsla Ektafisks á Hauganesi á sér langa sögu sem teygir sig um 100 ár aftur í tímann. Trausti Jóhannesson, afi Elvars, byrjaði að salta sinn fisk á Hauganesi upp úr árinu 1900.

Örn Traustason ekur á lyftaranum með stæðu af saltsteinafötum.

„Þetta var í litlum mæli hjá honum og bara til heimabrúks fyrsta kastið, en framleiðslan jókst smám saman og einkum þegar synir hans, þeir Óli, Sigurður og Jóhannes, tóku við," segir Elvar. Þriðja kynslóðin rekur saltfiskverkun Ektafisks á Hauganesi nú, fjórða kynslóð skilaði sínu að hans sögn og nú er fimmta kynslóðin að störfum og innan við tólf ár í að sjötta kynslóðin, nýjasti fjölskyldumeðlimurinn, komi til starfa.

Óviðunandi að henda því sem hægt er að nýta

Elvar segir að saltið sem notað er til að salta fiskinn komi um langan veg, alla leið frá Túnis. „Þegar fiskur er saltaður er saltið notað tvisvar til þrisvar sinnum, en eftir það er þó nokkur hluti saltsins sem kallast afsalt ekki nýtt meir í fiskinn.

Því hefur hingað til verið hent að mestu leyti í sjóinn. Umræður um fullnýtingu hafa orðið æ háværari með árunum og því auðvitað algjörlega óviðunandi að henda því sem hægt er að nýta," segir hann.

Í framhaldinu var farið að undirbúa framleiðslu á Ekta bætiefna saltsteini fyrir búfé úr afsaltinu. Elvar segir að þegar saltið komist í snertingu við fiskinn taki það í sig ýmis góð efni. „Við bætum svo í og setjum efni í sem búfé er nauðsynlegt eins og fiskimjöl, hafkalk, magnesíum, melassa, seleni og vítamínum." – Hann segir að Ektafiskur hafi verið í frábæru samstarfi við Nýsköpunarklasann Norðanátt við þróun saltsteinsins og þá muni styrkur Uppbyggingarsjóðs koma sér vel fyrir áframhaldandi þróun vörunnar. */MÞÞ*

Búfé er sólgið í saltsteinana og gildir þá einu hvort um er að ræða kindur, kýr eða hesta.

fastus.is

CONVOTHERM

CONVOTHERM
VANDAÐIR OFNAR

Convotherm 4 easyDial eru frábærir ofnar með 7 eða 11 skúffum.
Þægilegt viðmót og auðveldir í notkun.

Nánari upplýsingar veitir sölufólk okkar í síma 580 3900

Síðumúli 16 I 108 Reykjavík I Sími 580 3900 I fastus.is

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Íslensk ullarsæng

Tilvalin til
fermingargjafa

LOPI

Sængurnar fást á lopidraumur.is
Frí heimsending innanlands

Icelandic Wool
A sign of quality

STEKKUR

Umhirða vorlauka

Núna er rétti tíminn til að setja vorlaukana í potta og mold. Vorlaukar eru settir niður að vori og blómstra að sumri og fram á haust.

Eftir að vorlaukar eru komnir í pott á að setja pottinn á bjartan stað. Þegar fyrstu blöðin koma í ljós á að flytja pottinn á svalari stað en gæta þess að birta sé nóg. Gott er að gefa áburð þegar vöxturinn er kominn vel af stað og plantan hefur náð vænum 10 sentímetrum.

Seinni hluta maí eða í byrjun júní er kominn tími til að herða jurtirnar með því að setja pottinn út á svalir eða tröppur í 2 til 3 klukkutíma á dag. Útiverutíminn er svo lengdur smám saman þar til hætta á næturfrosti er liðinn hjá. Eftir það er óhætt að hafa plönturnar úti allan sólarhringinn.

Vorlaukar, hnýði og forðarætur þurfa bjartan og skjólgóðan stað í garðinum svo að blómin fái notið sín. Jurtir í pottum er auðvelt að flytja í skjól, gerist þess þörf. Það auðveldar þeim lífið og eykur blómgunina.

Fæstir vorlaukar lifa veturinn af úti en þeir sem vilja rækta þær áfram eiga að láta blöðin sölna að fullu og taka svo pottinn inn fyrir fyrsta frost. Geyma skal pottinn með forðarótinni eða rótina sjálfa á þurrum og svölum stað yfir veturinn.

Næsta vor er forðarótin sett aftur í pott með góðri mold og þegar búið er að vökva vaknar jurtin af dvala sínum.

Auðræktanlegir vorlaukar

Brúska er harðgerð, fjölær jurt sem vex upp af stuttum jarðstöngli. Kemur seint upp og nær 35 til 40 sentímetra hæð. Ræktuð vegna breiðra blaðanna sem eru græn eða blágræn með gulum eða hvítum lit, slétt, bylgjótt eða hrukkótt.

Blómin lítil, ljósbleik og ljósblá, í hangandi klösum á löngum blómstöngli. Þrífst best í hálfskugga, í rökum jarðvegi og þarf mikið vatn en gerir annars litlar kröfur.

Dalíur eru að öllum líkindum vinsælustu jurtir í heimi sem ræktaðar eru sem vorlaukar. Þær eru gullfalleg blóm og til í fjölda afbrigða. Blómlögun og blómlitir eru fjölbreyttir. Upprunalega koma dalíur frá Mexíkó þar sem þær vaxa villtar. Dalíur urðu snemma vinsælar til ræktunar og mikið um kynbætur og blöndun innan tegunda. Hnýðin eru sett í mold í kringum mánaðamótin mars/apríl. Rótarhálsinn á að standa upp úr moldinni og þess þarf að gæta að moldin sé rök en ekki of blaut. Yfirleitt þarf að binda stærri dalíur upp eftir að þær eru settar út.

Liljur eru um metri á hæð og geta þurft stuðning. Ræktunarafbrigði skipta þúsundum og þegar vel tekst til blómstra liljur stórum og litríkum blómum. Dafna best í frjósamri mold með góðu frárennsli, enda rotna laukarnir ef þeir standa í bleytu.

Snotra vex af hnýði og getur orðið 20 til 40 sentímetra há og þær eru fáanlegar í nokkrum litum, bláar, rauðar, hvítar og gular. Gott er að leggja hnýðin í bleyti í 2 til 3 tíma áður en þau eru sett í mold. */VH*

NYTJAR HAFSINS

Samþjöppunin í fiskvinnslunni

Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com

Úr vinnslu Þorbjarnar í Grindavík. Saltfiskverkunarhúsum hefur bæði fækkað og hlutur þeirra stærstu orðið stærri. Þau voru á 49 stöðum árið 1999 en á 26 stöðum árið 2019. Mynd / VH

Umræðan um samþjöppun og hagræðingu í íslenskum sjávarútvegi á síðustu árum og áratugum hefur einkum snúist um fiskiskipaflotann, en þessi þróun er ekki síður afgerandi í fiskiðnaðinum.

Í fiskvinnslugeiranum er samþjöppunin mest áberandi í vinnslu uppsjávarfisks. Þeim stöðum á landinu þar sem starfræktar eru fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur hefur fækkað úr nítján árið 1992 í níu árið 2019 og á þeim fimm stöðum þar sem mest er unnið eru framleidd 88% af öllu lýsi og mjöli.

Færri og stærri uppsjávarfrystihús

Söltun á síld hefur nær lagst af og er nú eingöngu stunduð hjá Loðnuvinnslunni á Fáskrúðsfirði, en þess í stað hefur framleiðsla á frystum uppsjávarafurðum aukist verulega. Jafnframt hefur fækkað þeim frystihúsum sem vinna þessar afurðir. Árið 1992 voru þau á 28 stöðum á landinu en á 17 stöðum árið 2019. Frystihús á fimm stöðum framleiða langmest af frystu uppsjávarafurðunum.

Þessar upplýsingar er að finna í skýrslunni „Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi“, sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið lét taka saman á síðasta ári. Hér á eftir verða áfram raktar upplýsingar úr þessari skýrslu.

Saltfiskvinnslum fækkar

Enda þótt fyrirtækjum sem vinna frystar botnfiskafurðir hafi ekki fækkað mikið hefur átt sér stað mikil samþjöppun í vinnslu. Á þeim 10 stöðum þar sem mest er verkað eru nú framleiddir þrír fjórðu af öllum botnfiskafurðum landsmanna.

Saltfiskverkunarhúsum hefur bæði fækkað og hlutur þeirra stærstu orðið stærri. Þau voru á 49 stöðum árið 1999 en á 26 stöðum árið 2019 og hlutur 10 stærstu staðanna farið úr 70% í 90%. Söltun hefur dregist mikið saman á þessu tímabili. Árið 1999 voru t.d. 112 þúsund tonn af þorski unnin í saltfisk, en árið 2019 hafði magnið minnkað í 41 þúsund tonn. Aftur á móti hefur vinnsla á léttsöltuðum fiski aukist en hann er fluttur út sem lausfryst vara.

Aukin áhersla á ferskfiskvinnslu

Önnur mikilvæg breyting er stóraukin framleiðsla á ferskum flökum og flakabitum sem eru verðmætasti hluti þorskafurða. Jafnframt hefur dregið úr flutningskostnaði þessarar vöru. Fyrir 20 árum var nær ekkert flutt út af ferskum þorskflökum og bitum með skipum heldur einungis með flugi. Framfarir í flutningstækni og bætt geymsluþol hefur opnað möguleika á skipaflutningum. Nú er svo komið að jafnmikið er flutt út af ferskum afurðum með skipum og með flugvélum.

Staðsetning fiskvinnslufyrirtækja

Fyrirtæki sem selja ferskar unnar fiskafurðir með flugi eða skipum eða óunninn fisk með gámum til útlanda hafa ótvíræðan hag af því að staðsetja sig nálægt flugvöllum eða höfnum.

Árið 2019 voru 34% af öllum botnfiski sem seldur var ferskur með flugi unninn af fiskvinnslum sem staðsettar voru á höfuðborgarsvæðinu og fyrirtæki á Suðurnesjum seldu 22%. Þessi fyrirtæki eru bæði staðsett nálægt stærsta millilandaflugvelli og stærstu höfn landsins. Við Eyjafjörð eru fyrirtæki sem seldu 24% af öllum ferskum fiskafurðum og fluttu þær beint í skip í millilandahöfnum á Norðurlandi, Austurlandi og á höfuðborgarsvæðinu, eða í flug á Keflavíkurflugvelli.

Samdráttur í sjófrystingu

Samfara aukinni framleiðslu á ferskum fiskafurðum hefur orðið verulegur samdráttur í frystingu á sjó. Sjófrysting var árið 2019 komin niður í 23% af heildarbotnfiskaflanum en var 32% árið 2010.

Frystitogurum hefur fækkað, sér í lagi þeim sem veiða þorsk. Samdráttinn í sjófrystingunni má að hluta rekja þess hve landvinnslan hefur þróast hratt með aukinni tæknivæðingu. Nýting á aflanum er mun betri í landvinnslu þótt þyngst vegi þó trúlega hár launakostnaður og hátt veiðigjald á sjófrystar afurðir, að því er segir í skýrslunni.

Bent er á að framleiðsla á verðmætari afurðum í landi hafi einnig náð lengra með aukinni sjálfvirkni. Erfitt sé að koma við hátæknivinnslu hliðarhráefnis um borð í skipi og því ekki hægt að nýta lifur, hrogn, roð, hausa, hryggi, afskurð, maga og innyfli til framleiðslu á niðursoðnum afurðum, lýsisafurðum, snyrtivörum, lyfjum, ensímum, bragðefnum og fæðubótarefnum, svo dæmi séu nefnd.

Krosseignarhald

Meðal stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins er mikil fjölbreytni, bæði hvað varðar áherslur í starfsemi og hve stóran hluta virðiskeðjunnar þau ráða yfir. Bent er á í skýrslunni að mörg dæmi séu um krosseignarhald milli stærri og minni fyrirtækja sem auki sveiflujöfnun. Fyrirtæki sem sérhæfi sig annars vegar í botnfiskveiðum og -vinnslu og önnur sem sérhæfi sig í uppsjávarveiðum og -vinnslu eigi hvort í öðru. Slíkt stuðli að stöðugleika í rekstri og dragi úr fjárhagslegri og rekstrarlegri áhættu.

Auk þess hafi efnahagslegur styrkur stærstu fyrirtækjanna gert þeim kleift að ekki aðeins kaupa, heldur einnig taka þátt í að þróa nýjustu tækni í veiðum og vinnslu í samvinnu við innlend tækni- og rannsóknafyrirtæki.

Fækkun starfa í fiskvinnslu

Samfara fækkun og stækkun fiskvinnsluhúsa og síaukinni tæknivæðingu hefur störfum í fiskvinnslu fækkað um helming á síðustu fjórum áratugum. Árið 1982 voru ársverkin 9.800. Árið 2014 voru þau tæplega 6.000 og árið 2019 komin niður í 5.000.

Í nefndri skýrslu segir að þróunin allra síðustu árin eigi sér tvær meginskýringar. Annars vegar hafi sjálfvirkni og aukin vél- og tæknivæðing í stærstu fiskvinnsluhúsunum hugsanlega fækkað atvinnutækifærum og hins vegar hafi aukinn útflutningur á óunnum fiski minnkað eftirspurn eftir vinnuafli.

Fiskvinnslan ekki á leið úr landi

Það er mat skýrsluhöfunda að enda þótt einstaka vinnslugreinar geti átt í erfiðleikum með að standast erlenda samkeppni sé samt ekki ástæða til þess að óttast að fiskvinnsla flytjist í stórum stíl til útlanda.

Til þess sé samkeppnisstaða stóru íslensku fyrirtækjanna einfaldlega of sterk. Lítil ástæða sé því til að halda að útflutningur hérlendis þróist með svipuðum hætti og í Noregi þar sem útflutningur á óunnum þorski var um 51% árið 2020.

***Heimild**:*
Staða og horfur í íslenskum sjávarútegi og fiskeldi. Höfundar: Sveinn Agnarsson prófessor, Sigurjón Arason prófessor, dr. Hörður G. Kristinsson og dr. Gunnar Haraldsson.



242 fiskvinnslufyrirtæki

Haustið 2020 voru 242 fiskvinnslufyrirtæki á skrá hjá Matvælastofnun. Þar meðtalin 40 fyrirtæki sem framleiða eldisafurðir og 20 fyrirtæki sem dreifa fiskafurðum.

Flest fyrirtækin eru með leyfi fyrir margs konar vinnslu, svo sem framleiðslu á ferskum og frystum afurðum (69 leyf), söltuðum fiskafurðum (63), hertum, þurrkuðum og hefðbundnum afurðum (41) og hrognum (25). Þá hafa verið veitt 56 leyfi til framleiðslu á tilbúnum afurðum til neyslu með því að beita hita- og efnameðhöndlun.

MHG VERSLUN

Husqvarna á Íslandi - allt til á lager

Husqvarna K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm

Husqvarna K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm

Husqvarna K3600 MK II
Steinsög
Sögunardýpt 27cm

Husqvarna FS400
Gólfsög
Sögunardýpt 16,2cm

Husqvarna FS524
Gólfsög
Sögunardýpt 24cm

Husqvarna K2500
Steinsög
Sögunardýpt 14,5cm

Husqvarna K7000
Steinsög / forsög
Sögunardýpt 14,5cm

Husqvarna K7000 Ring
Steinsög
Sögunardýpt 27cm & 32cm

Husqvarna 450E
Keðjusög - 3 hestöfl

Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl

Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG

Husqvarna LT6005
Jarðvegsþjappa - 69KG

Husqvarna LG204
Jarðvegsþjappa - 211KG

Husqvarna LG300
Jarðvegsþjappa - 270kg

Husqvarna LG504
Jarðvegsþjappa - 513kg

Husqvarna S26
Þurrsuga

Husqvarna S36
Þurrsuga

Husqvarna W70
Blautsuga

Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl

Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl

Husqvarna LC353AWD
Garðsláttuvél - 4,8 hestöfl

Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl

Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl

Husqvarna AM105
Slátturóbot - 600m2 - 25% halli

Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli

Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli

Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli

Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli

Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli

Husqvarna 525BX
Laufblásari - 1,14 hestöfl

MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | Sími **544 4656** | www.**mhg.is**

FRÉTTIR

Fundið fé – greining tækifæra í aukinni verðmætasköpun í sauðfjárrækt:

Vísbendingar um að hægt sé að ná meiri verðmætum út úr bústofnunum

– Fleiri burðir, ferskara kjöt og betri nýting aðfanga

Fyrir rúmu ári síðan var farið af stað með nýtt verkefni hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sem hafði það að markmiði að skoða möguleikana á skilvirkari framleiðslu í sauðfjárrækt og bættari nýtingu aðfanga.

Í verkefninu, sem heitir „Fundið fé – þróun á framleiðslukerfi í sauðfjárrækt“, voru skoðaðar leiðir til að fjölga burðum yfir árið og nýta um leið sauðamjólk til frekari afurðavinnslu.

Verkefnið leiðir í ljós að einhverjir möguleikar eru í stöðunni fyrir bændur til að brjótast út úr þeim bágu kjörum sem þeim stendur til boða í hefð - bundinni sláturtíð.

Runólfur Sigursveinsson hefur leitt verkefnið af hálfu RML. „Verkefnið er fjármagnað bæði í gegnum styrk úr Matvælasjóði og með vinnuframlagi frá RML. Verið er leggja lokahönd á vinnslu verkefnisins en því mun ljúka nú á vormánuðum,“ segir hann.

Möguleikar til að auka árstekjurnar

Að sögn Runólfs var markmið verkefnisins að skoða möguleika íslenskra sauðfjárbænda til að auka árstekjur sínar eftir hverja vetrarfóðraða kind. „Sérstaklega voru skoðaðir möguleikar á að fjölga burðum á ársgrundvelli – þrír burðir á tveimur árum – og einnig að nýta sauðamjólk til afurðavinnslu samhliða kjötframleiðslunni.

Loks að vera með dreifðari burðatíma en nú er venjan, með það að markmiði að geta verið með ferskt lambakjöt lengur á markaði en hefðbundin haustslátrun gefur möguleika á.“

Möguleiki að láta ær bera á átta mánaða millibili

„Við leituðum víða fanga við vinnslu verkefnisins, til dæmis var farið yfir íslenskar lífeðlisfræðilegar rannsóknir á burðartíma íslenskra áa sem unnar voru á sínum tíma á seinni hluta síðustu aldar af dr. Ólafi R. Dýrmundssyni. Þær niðurstöður sýndu að hægt væri að stjórna að hluta fengitíma og þá burðartíma. Möguleikar væru að láta íslenskar ær bera með átta mánaða millibili og ná þannig þremur burðum á tveimur árum.

Sömuleiðis var leitað fanga í nágrannalöndum og í Kanada varðandi mismunandi framleiðslukerfi sem byggja á því að vera með ferskt lambakjöt á markaði nær allt árið. Eins var haft samband við starfandi bændur hér á landi sem hafa verið að spreyta sig á nýbreytni og markaðssetningu, m.a. í heimavinnslu og beinni sölu. Meðal annars sauðfjárbú sem hafa farið út í mjólkurframleiðslu að hluta og í kjölfarið farið í vinnslu úr henni í formi sauðaosta,“ útskýrir Runólfur.

Hægt að ná meiru út úr fjárstofninum

Runólfur segir að svona verkefni geti opnað enn frekar á að einstakir bændur leiti fjölbreyttari leiða til að ná meiru út úr sínum bústofni en þeir hafi núna miðað við þetta lága afurðaverð út úr hefðbundinni slátrun í september og október.

„Þegar eru ákveðnar vísbendingar komnar fram um slíkt. Nefna má líka að til dæmis í Kanada er ferskt og ófrosið lambakjöt í boði nær allt árið. Sömuleiðis virðast vera að skapast auknir möguleikar á

Í verkefninu Fundið fé – þróun á framleiðslukerfi í sauðfjárrækt eru settar fram leiðir til frekari verðmætasköpunar fyrir íslenska sauðfjárbændur, meðal annars með því að fjölga burðum. Mynd / smh

Runólfur Sigursveinsson, verkefnisstjóri hjá RML. Mynd / Aðsend

örsláturhúsum eða verktakaslátrun sem skapa einmitt þessa möguleika að hafa ferskt lambakjöt á boðstólum í lengri tíma ársins en er núna.

Mögulega mun svona verkefni einnig opna frekar augu framleiðenda fyrir fjölbreyttari framleiðslu með tilliti til mismunandi markaðssetningu – til dæmis beint til veitingahúsa og/eða mun meira inn á staðbundna veitingastaði með hliðsjón af ferðaþjónustunni á hverjum stað.“

Þrjár leiðir til breyttra framleiðsluhátta

„Síðustu hlutar verkefnisins felast í því að settar eru upp þrjár mögulegar leiðir til breyttra framleiðsluhátta með það að markmiði að ná aukinni nýtingu á aðföngum í framleiðslu sauðfjár annars vegar og hins vegar að skapa sér sterkari grunn í tekjuöflun viðkomandi bús,“ segir Runólfur. „Í þessu sambandi er lögð áhersla á hagvæmnigreiningu hverrar leiðar fyrir sig út frá ákveðnum forsendum.

Í fyrsta lagi framleiðslukerfi út frá þremur burðum á tveimur árum. Í öðru lagi að fara út í mjólkurframleiðslu og ostagerð með kjötframleiðslunni. Í þriðja lagi að vera með dreifðan burðartíma að hluta. Náttúrulegur fengitími íslenska fjárkynsins er frá nóvember og fram í apríl þó svo hefðbundinn fengitími sé í raun í desember og fyrri hluta janúar. Með þessari leið yrði sláturtími lamba því mun dreifðari en hann er í dag – og þar með auknir möguleikar á fersku lambakjöti í lengri tíma á markaði.

Síðasti hluti verkefnisins verður að útbúa fræðslu- og kynningarefni, ætlað sem fyrstu skref í þekkingarleit fyrir þá einstaklinga sem hafa hug á að skoða frekar möguleika sína út frá sinni aðstöðu til að takast á við breytta framleiðsluhætti. Jafnframt verða unnir rafrænir leiðbeiningabæklingar og mögulega frekari kynningar á fundum meðal sauðfjárbænda,“ segir Runólfur að lokum, spurður um hvað verði um niðurstöður verkefnisins. */smh*

Kaltjón á túnum bænda er meðal tjóna sem Bjargráðasjóður hefur bætt.

Bjargráðasjóður undir Náttúruhamfaratryggingar Íslands

Frá og með 3. mars næstkomandi mun umsýsla með Bjargráðasjóði færast frá Bændasamtökum Íslands til Náttúruhamfaratrygginga Íslands, samkvæmt samningi við matvælaráðuneytið.

Bjargráðasjóður er í dag sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins, en var til ársins 2016 að jöfnu í sameign ríkisins og Bændasamtaka Íslands.

Fjárhagsaðstoð vegna náttúruhamfara

Bjargráðasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 49/2009 og er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hlutverk hans er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara, meðal annars vegna tjóns á girðingum og vegna uppskerubrests af völdum óvenjulegra kulda, þurrka og kals.

Fjárhagsaðstoð sjóðsins felst í veitingu styrkja sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni í samræmi við fjárhag og stöðu sjóðsins. */smh*

Efnahagsleg áhrif stríðsins í Úkraínu kalla á tafarlaus viðbrögð

– að mati Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem fram kemur í nýrri skýrslu – Hveiti hefur hækkað um 88,4% frá ársbyrjun

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, telur að innrás Rússa í Úkraínu muni hafa mikil og langvarandi áhrif á efnahag um allan heim. Í nýrri skýrslu stofnunarinnar kemur fram að hagvöxtur er skör minni í ár vegna átakanna en verðbólga gæti aukist um 2,5% um allan heim.

Vöruverð hefur og mun hækka mikið samkvæmt skýrslunni. Rússland og Úkraína standa undir um þriðjungi af útflutningi á hveiti í heiminum og eru auk þess afar mikilvægir framleiðendur áburðar og málma sem notaðir eru í iðnaði.

og hagkerfi heimsins væru að reyna að rísa úr tveggja ára kreppu vegna heimsfaraldurs sé augljóst að stríðið muni skaða enn frekar alþjóðlegan efnahag og auka verðbólgu.

„Við sjáum að stríðið hefur vakið upp öfl andsnúin hnattvæðingu sem gætu haft djúpstæð og ófyrirsjáanleg áhrif. Stefnur stjórnvalda gegna mikilvægu hlutverki við að endurreisa það öryggi sem glatast hefur," segir Laurence Boone.

Áhyggjur stofnunarinnar beinast ekki síst að fátækari ríkjum sem reiða sig mjög á ódýran innflutning á kornvörum frá Rússlandi og Úkraínu. Framboðsskortur kallar á tafarlaus og samheldin viðbrögð stjórnvalda heimsins. Forgangsatriði sé að hlúa að þeim flóttamönnum sem nú flýja í milljónavís frá Úkraínu.

OECD metur það svo að markvissar ráðstafanir í ríkisfjármálum upp á um 0,5% af vergri landsframleiðslu (GDP) gæti dregið verulega úr efnahagslegum áhrifum kreppunnar án þess að auka verðbólgu.

/ghp

Hráefnisverð rýkur upp

Heimsmarkaðsverð á hveiti hefur hækkað um 88,4% frá janúar 2022, áburðarverð um 77,3% og verð á maís um 42,1%. Verð á nikkel hækkar um 63,4%, palladíum hækkar um 34,8% og álverð um 17%. Afleiðingar þessa eru og verða gífurlegar að mati Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Með truflunum á aðfangakeðju hveitis, maís og áburðar má búast við auknu hungri og fæðuóöryggi um allan heim. Hækkun málmverðs mun meðal annars leiða af sér áhrif á flugvéla- og bílaframleiðslu.

Þar sem Evrópa reiðir sig mjög á orkuframboð Rússa mun kostnaður á olíu og jarðgasi aukast gríðarlega og bitna á heimilum álfunnar og trufla fjölbreytta framleiðslu vöru og þjónustu.

Um 27% af eldsneyti og 41% af jarðgasi til Evrópu kemur frá Rússlandi samkvæmt Mathias Cormann, framkvæmdastjóra OECD, en hann sagði við kynningu skýrslunnar að það muni taka nokkur ár að byggja upp orkuöryggi í Evrópu og aðgerðir í þá átt þyrftu að hefjast strax.

Laurence Boone, yfirhagfræðingur OECD.

OECD óttast andstöðu við hnattvæðingu

Aðalhagfræðingur stofnunarinnar, Laurence Boone, benti á að um leið

FRÉTTASKÝRING

Verulegur samdráttur í milliríkjaviðskiptum með kornvörur í kjölfar stríðsátaka

– Hefur þegar leitt til mikilla verðhækkana á hveiti og öðrum kornvörum

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Stríðsátök í Úkraínu hafa vakið óvissu um að þjóðir heims geti ekki tryggt sitt fæðuöryggi. Samkvæmt gögnum utanríkisþjónustu landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna (United States Department of Agriculture – USDA), þá stendur Úkraína fyrir um 10% af hveiti sem fer á útflutningsmarkaði á heimsvísu. Rússland var talið standa fyrir um 16% af hveiti á þeim markaði á markaðsárinu 2021/22.

Megnið af hveitinu frá Úkraínu er að jafnaði flutt úr landi á fyrstu mánuðum hvers árs, en markaðsárið er talið frá byrjun júlí til loka júní. Eins og staðan er nú er ólíklegt að sá útflutningur gangi hnökralaust fyrir sig. Vitað er að í Úkraínu eru miklar birgðir af hveiti í tönkum sem ekki tókst að selja úr landi áður en átökin hófust. Þá er ljóst að verð hefur líka verið að hækka umtalsvert.

Verð á nokkrum tegundum af hveiti hafði verið að sveiflast vegna lítils framboðs í kjölfar þurrka á síðasta ári, en var á greinilegri uppleið. Við innrás Rússa í Úkraínu tók verðið hins vegar stökk í öllum tegundum hveitis, einkum á útflutningskvótum. Þar voru dæmi um að kvótaverð á vetrarhveiti (Hard Red Winter - HRW) færi úr 162 dollurum tonnið upp í 539 dollara á einum sólarhring. Þá eru miklar áhyggjur yfir að fram undan séu þurrkar á helstu ræktunarsvæðum.





Um 6,9 milljóna tonna nettó samdráttur í milliríkjaviðskiptum með kornvörur

Verulega hefur dregið úr milliríkjaviðskiptum með kornvörur vegna viðskiptabanns og annarra vandræða sem orsakast hafa af stríðsátökum í Úkraínu. Samkvæmt tölum landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna nú um miðjan mars, nam sá samdráttur samtals 11,4 milljónum tonna á móti auknum viðskiptum í sex ríkjum sem nemur 4,5 milljónum tonna. Nettó samdráttur í viðskiptum með kornvörur nam því um 6,9 milljónum tonna. Nokkur ríki hafa síðan verið að auka sinn innflutning sem nemur í heild 800 þúsund tonnum. Þar á meðal er Belarus (Hvíta-Rússland) sem hefur aukið innflutning frá Rússlandi úr 100 í 400 þúsund tonn.

Mikill samdráttur í kornvöruútflutningi frá Úkraínu

Langmest voru áhrifin á Úkraínu sem hefur undanfarin ár verið að flytja út um 24 milljónir tonna af hveitikorni. Þar er samdráttur upp á 4 milljónir tonna. Þá kemur Rússland, sem hefur verið að flytja út 25 milljónir tonna, en hefur þurft að horfa upp á samdrátt upp á 3 milljónir tonna. Einnig hefur þetta þýtt minni innflutning á kornvörum til ESB ríkja sem nemur um 400 þúsund tonnum.

Indland hefur staðið vel varðandi sín kornmál og þar hefur verið mikil birgðasöfnun. Hefur landið því verið að auka útflutning sinn úr 7 í 10 milljón tonn og nemur aukningin því um 3 milljónum tonna.

Ástralía stendur einnig vel vegna góðrar uppskeru og þar hefur útflutningur aukist um eina milljón tonna, eða úr 26 í 27 milljón tonn.

Rússar halda áfram viðskiptum innan Efnahagsbandalags Evrasíu

Rússar voru þegar byrjaðir að skipa út hveiti í febrúar. Hafa þeir notið viðskiptavildar hjá Efnahagsbandalagi Evrasíu EAEU og flutt út með skipum um Kaspíahaf. Í þessu efnahagsbandalagi eru auk Rússa, Armenía, Belarus, Lýðveldið Kasakhstan og Lýðveldið Kyrgys. Hveitiviðskipti Rússa á þennan markað koma til viðbótar öflugum útflutningi frá Evrópusambandinu, Indlandi og Ástralíu.

Útflutningur á maís fór strax að hökta við innrás Rússa

Af útflutningi á korni eða maís hafa Úkraína og Rússland samanlagt staðið fyrir um 16% af milliríkjaviðskiptunum á heimsvísu. Útflutningur þessara ríkja á maís fór strax að hökta við innrás Rússa í Úkraínu. Útflutningur á maís frá Rússlandi hélst þó óbreyttur um Kaspíahaf.

Minnkandi hlutdeild Úkraínu og Rússlands á heimsmarkaði í hveiti og maís verður að líkindum að hluta mætt með auknum útflutningi Bandaríkjanna að mati USDA. Þá ætti ný uppskera frá Brasilíu og Argentínu að koma á markað innan fárra mánaða, en það gæti þó oltið á því hvernig þeim þjóðum hefur tekist að tryggja sér áburð.

Um 6 milljóna tonna samdráttur í útflutningi á maís frá Úkraínu

Útflutningur Úkraínu á maís dregst saman úr 33,5 í 27,5 milljón tonn, eða um 6 milljónir tonna. Á móti kemur að Bandaríkin munu auka sinn útflutning um 2 milljónir tonna, eða úr 61,5 í 63,5 milljónir tonna. Bandaríkin eru jafnframt langstærsti útflytjandi heims á maís.

Nokkuð góð staða varðandi bygg

Úkraína og Rússland hafa staðið samanlagt fyrir um 30% af útflutningsmarkaði á byggi. Viðskipti hafa þar verið nokkuð blómleg með auknu framboði frá Ástralíu og Kanada. Var framleiðsla Kanadamanna reyndar mun meiri en búist var við. Þá voru Úkraínumenn þegar búnir að skipa út megninu af sínu byggi áður en átökin hófust. Áhrifin af stríðsátökunum í Úkraínu hafa því væntanlega mun minni áhrif á byggmarkaðinn en varðandi maís og hveiti.

Verð á hrísgrjónum hækkar líka

Þótt framboð og verð á hefðbundnum kornvörum hafi verið að sveiflast mjög, þá á það ekkert síður við hrísgrjónamarkaðinn. Framleiðsla á hrísgrjónum hefur aukist á Indlandi og í Taílandi, sem gerir meira en að vega upp samdrátt í Brasilíu. Sömuleiðis hefur hrísgrjónaneysla aukist á Indlandi sem nemur meiru en samdrætti í hrísgrjónaneyslu í Brasilíu og á Madagaskar samanlagt.

Milliríkjaviðskipti með hrísgrjón hafa verið að aukast þvert á það sem hefur verið að gerast með aðrar korntegundir. Þetta gerist á sama tíma og verð á hrísgrjónum hefur snarhækkað. Þar má nefna að kvótaverð á hrísgrjónum í Bandaríkjunum hefur hækkað um 45 dollara, eða í 655 dollara tonnið. Er það einkum þröng birgðastaða sem er sögð vera að þrýsta upp verðinu. Verð í Víetnam hefur hækkað vegna lágrar birgðastöðu um 8 dollara og var þar komið í 400 dollara. Verð á Indlandi hækkaði um 5 dollara og fór í 360 dollara tonnið. Aftur á móti hefur kvótaverð lækkað í Taílandi um 5 dollara tonnið og stóð um miðjan mars í 424 dollurum. Í Pakistan lækkaði verðið um 8 dollara og fór í 351 dollar tonnið.

Rússar hafa notið viðskiptavildar hjá Efnahagsbandalagi Evrasíu EAEU og flutt m. a. út með skipum um Kaspíahaf. Í þessu efnahagsbandalagi eru auk Rússa, Armenía, Belarus, Lýðveldið Kasakhstan og Lýðveldið Kyrgys.

Ísland og Noregur eru einu Evrópuríkin sem geta framleitt yfir 100% af raforkuþörf sinni með endurnýjanlegri orku

– ESB-ríkin eru með 37,5% að meðaltali í endurnýjanlegri raforku og eiga langt í land með að ná markmiðum í loftslagsmálum

Hlutfall raforku í heiminum sem framleitt er með kolum hefur aldrei verið hærra en um þessar mundir. Það þýðir að þau loftslagsmarkmið sem sett hafa verið virðast eiga enn lengra í land með að nást en ætla mætti af umræðunni. Kolakynt raforkuframleiðsla stendur fyrir um 30% af losun koltvísýrings í heiminum.

Gert var ráð fyrir að raforkuframleiðsla á heimsvísu úr kolum hækkaði um 9% á árinu 2021, samkvæmt skýrslu fjölríkjastofnunarinnar Coal 2021 og staðsett er í París. Raforka er ein helsta uppspretta orku í iðnaði ríkja um allan heim fyrir utan beinnar nýtingar á kolum og olíu.

Tímaritið TIME fjallaði um málið í lok desember síðastliðinn, en þá var búist við að magn raforku sem framleitt er úr kolum næði sögulegu hámarki á síðasta ári. Eftirspurn eftir raforku var einfaldlega meiri en hægt var að sinna með öðrum hætti en að nýta kol, olíu og gas í meira mæli til raforkuframleiðslu samkvæmt Alþjóðaorkumálastofnuninni (IEA). Til að bæta gráu ofan á svart lokuðu Þjóðverjar þrem kjarnorkuverum í byrjun þessa árs án þess að geta uppfyllt þá raforkuframleiðslu með endurnýjanlegri orku. Það mun enn auka á þennan vanda. Þjóðverjar eru þegar komnir upp að vegg með fjölgun vindrafstöðva vegna vaxandi andstöðu við sjón- og hljóðmengun sem hlýst af risastórum vindmyllum nærri byggð.

Ísland og Noregur í algjörum sérflokki

Fróðlegt er að skoða þetta í samanburði við tölur Eurostat um framleiðslu Evrópuríkja á raforku úr endurnýjanlegum orkulindum. Þar kemur í ljós að Ísland og Noregur eru einu Evrópuríkin sem framleiða meira en sem nemur heildarraforkunotkun landanna af hreinni raforku úr endurnýjanlegum orkulindum, eða yfir 100%. Það þýðir að kolefnislosun þessara landa vegna raforkuframleiðslu gerist ekki lægri. ESB ríkin eru með að meðaltali 37,5%. Að vísu hafa á undanförnum misserum komið í ljós hnökrar á þessari raforkuframleiðslu á Íslandi vegna andvaraleysis í áframhaldandi uppbyggingu orkuframleiðslu og dreifikerfis.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir um raforkuframleiðslu ríkja er til fólk sem fullyrðir að Íslendingar séu mestu umhverfissóðar heims í losun koltvísýrings og annarra gróðurhúsalofttegunda. Þar hefur verið reynt að blekkja losunartölur ríkja til að þóknast umræðunni með því að beita hausatöluútreikningi. Eins er iðulega talað um losun frá landnotkun, sem er utan sviga í loftslagsmarkmiðum, rétt eins og orku- og iðnaðarmengunin í Evrópu ásamt flugrekstri og fleiru sem keyrt er áfram á kolum, olíu og gasi. Skekkjan í þessari umræðu eins og hún hefur oft verið matreidd hér á landi er því í hrópandi ósamræmi við veruleikann sem birtist í tölum Eurostat og WindEurope.

ESB-ríkin eru langt frá því að ná sínum markmiðum

Heildar uppsett afl í vindorku í Evrópu er nú 236 GW samkvæmt tölum WindEurope í Brussel. Uppsett afl vindrafstöðva í Evrópu jókst um 17,4 gígawött á árinu 2021, þar af 3,4 GW í sjó. Það er um 18% aukning á milli ára. Af þessu uppsetta afli vindorkuvera voru 11 GW innan landa Evrópusambandsins (ESB-27). Þetta var samt ekki talið nóg aukning til að geta mætt loftslagsmarkmiðum. Reyndar segir á heimasíðu WindEurope að uppsett afl í vindorku sé ekki einu sinni helmingurinn af því sem til þurfi að uppfylla loftslagsmarkmið fyrir 2030 um að komast með endurnýjanlega raforku upp í 40% af heildarraforkuþörfinni. Þar eru Noregur og Ísland þegar með yfir 100%.

Um 81% af nýjum vindorkuvirkjunum sem reistar voru í Evrópu á síðasta ári voru á landi. Svíþjóð, Þýskaland og Tyrkland byggðu flestar slíkar vindmyllur. Bretland var hins vegar með mesta heildarfjölda nýrra vindorkuvirkjana, en flestar þeirra nýju vindorkuvera eru á hafi úti.

Vindurinn óstöðug orkulind

Gallinn við þessa uppbyggingu vindorkuvera í Evrópu er hversu ótrygg orkan er. Þetta kom berlega í ljós í fyrrasumar þegar ríkjandi var mjög lítill vindur í Evrópu þannig að raforkuframleiðsla vindorkuveranna hrundi. Það ásamt ónógu innflæði af gasi til raforkuframleiðslu í Evrópu leiddi til orkuskorts og ört hækkandi orkuverðs.

Vantar mikið á að nóg sé gert í uppsetningu vindorkuvera í Evrópu

WindEurope gerir ráð fyrir að Evrópuríkin í heild muni setja upp 116 GW af nýjum vindorkuverum á tímabilinu 2022-2026, eða um 23 GW á ári. Þrír fjórðu þessara auknu raforku munu koma frá vindmyllum á landi. Gert er ráð fyrir að ESB-27 muni byggja að meðaltali 18 GW af nýjum vindorkuverum á árunum 2022-26. Þessi ríki þurfa hins vegar að setja upp 32 GW í vindorku á ári til að ná nýju markmiði ESB um 40% endurnýjanlega orku.

Þýskaland getur í dag framleitt allt að 45,3% af raforkuþörf sinni með endurnýjanlegri orku, þ.e. ef veður eru hagstæð. Önnur raforka í landinu er að mestu framleidd með kolum, olíu og gasi. Þýskaland verður öflugasta vindorkuríki Evrópu ef áætlanir ganga eftir næstu fimm árin, um að auka uppsett afl þar í vindorkuverum á landi um 19,7 GW og í hafinu um 5,4 GW. Önnur öflug ríki með uppsetningu á nýjum vindorkuverum á árunum 2022-2026 eru Bretland með 15 GW samtals, Frakkland með 12 GW, Spánn með 10 GW og Svíþjóð með 7 GW.

Evrópa er ekki nálægt því að ná sínum markmiðum

Þrátt fyrir árlega fjölgun í uppsetningu á vindmyllum mun Evrópu ekki takast að setja upp nærri eins margar vindmyllur á landi og álfan þarf til að ná orku- og loftslagsmarkmiðum sínum. Evrópa þyrfti að setja upp 25 GW af nýjum vindorkuverum á landi að meðaltali á ári á tímabilinu 2022-2026 að mati WindEurope. Svipuð mynd er fyrir vindorku á sjó. Þrátt fyrir vaxandi árlega uppsetningu mun Evrópa ekki komast neitt nærri því að koma upp eins miklu uppsettu afli í vindorku á sjó og hún þarf til að ná orku- og loftslagsmarkmiðum sínum. Til þess þyrfti Evrópa að setja meira en 8 GW í uppsettu afli í vindmyllum úti í sjó að meðaltali á ári á tímabilinu 2022-2026, segir á heimasíðu WindEurope.

Um 80% af orkuþörf heimila í ESB er ekki endurnýjanleg

Þegar rætt er um kolefnislosun er líka vert að hafa í huga hitunar- og kælikostnað heimila. Heildarorka til heimila í Evrópusambandinu nemur um 26,3% af heildarorkunotkun. Inni í því er húshitun og kæling, ásamt orku til eldunar, lýsingar og annarrar tækjanotkunar Þar af stendur endurnýjanleg orka og orka frá sorporkustöðvum fyrir 20,1% af orkuþörf heimila. Kol og timbur standa fyrir 2,8% af orkuþörf heimila, olía fyrir 11,8%, gas fyrir 32,1%, fjarvarmi fyrir 8,5% og raforka fyrir 24,7%. Ef horft er til raforkunnar einnar og sér er um 70% af henni framleidd með jarðefnaeldsneyti.



Samkvæmt tölum Eurostat eru Noregur og Ísland einu Evrópulöndin sem framleiða meira af raforku með endurnýjanlegum orkugjöfum en heildarraforkunotkunin er í löndunum. ESB-ríkin eiga flest öll langt í land að ná því marki og þar er raforkan sem upp á vantar framleidd með kolum, olíu, gasi og kjarnorku og kolefnislosun er í takti við það.

Íslensk sker sig líka úr varðandi hitun húsnæðis

Þegar þessar tölur frá Evrópu eru bornar saman við tölur Orkustofnunar um íslenskan veruleika þá sést að 89,6% íbúðarhúsnæðis á Íslandi var hitað með jarðvarmaorku. Þá var 6,8% húsnæðis hitað með rafmagni og 3,4% með vatnshitara sem ýmist var kyntur með raforku eða olíu. Einungis 0,1% húsnæðis var kynnt á annan hátt. Þetta er þveröfugt við það sem þekkist í löndum ESB þar sem um 80% húshitunar er fengin með jarðefnaeldsneyti eða öðrum óendurnýjanlegum orkugjöfum.

Nærri milljarður tonna CO_2 ígilda puðrast út í loftið vegna orkunotkunar í húsum í ESB

Á árinu 2019 nam losun gróðurhúsalofttegunda vegna raforkunotkunar í húsnæði í ESB ríkjum samtals 533 milljón tonna CO_2 ígildum. Þá nam losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar jarðefnaeldsneytis í húsum í ESB ríkjum 446,7 milljón tonna CO_2 ígildum 2019. Þá á eftir að ræða losun vegna húsbygginganna sjálfra.

Þótt Norðmenn hafi sett fram áform árið 2020 um að banna olíu til húshitunar, þá hafa olía og timbur verið ríkjandi orkumiðlar þar í landi til húshitunar. Norðmenn búa ekki við jarðhita eins og Íslendingar.

Þrátt fyrir þessi tölfræðigögn frá evrópskum stofnunum er því enn haldið fram hér á landi að Íslendingar losi mest allra þjóða af CO_2 ígildum út í andrúmsloftið.

Stríð hefur neikvæð áhrif

Ljóst er að stríð í Úkraínu er þegar farið að hafa veruleg neikvæð áhrif varðandi losun gróðurhúsalofttegunda. Sprengjur og brennandi hús skapa mikla mengun og viðskiptahöft koma til með að hafa mikil áhrif á orkunotkun í Evrópu. Forsætisráðherra Bretlands viðraði þær skoðanir þriðjudaginn 16. mars sl. að Bretland yrði að gera allt til að losna við að kaupa orku af Rússum. Var hann þá á leið til Sádi-Arabíu til viðræðna um olíu og gaskaup. Kynnti hann jafnframt vangaveltur um að setja á ný kraft í olíuleit við strendur Bretlands. */HKr.*

FRÉTTIR

Rannsóknin Landfræði íslenskrar garðyrkju:

Hvernig mæta garðyrkjubændur aukinni eftirspurn?

– Ætlar að greina samverkandi þætti sem móta íslenskan garðyrkjuiðnað

Nicholas Ian Robinson safnar nú saman upplýsingum frá garðyrkjubændum á Íslandi fyrir doktorsrannsókn sína sem ber heitið Landfræði íslenskrar garðyrkju.

Markmið rannsóknarinnar er að greina þá margvíslegu þætti sem móta íslenskan garðyrkjuiðnað, með það að markmiði að auka þekkingu á iðngreininni til handa garðyrkjubændum, stjórnvöldum og í þágu fræðasamfélagsins.

„Sjónum verður beint að þeim leiðum sem íslenskir garðyrkjubændur nýta til að mæta eftirspurn eftir auknum gæðum og aukinni fjölbreytni grænmetis- og ávaxtategunda á íslenskum markaði," segir Nicholas, sem er doktorsnemi í landfræði við Kaliforníuháskóla, Davis, en hann hefur verið búsettur hér á landi í áratug. Rannsóknin er einnig unnin í samstarfi við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands en Nicholas hefur verið gestarannsakandi við deildina frá árinu 2019.

Nicholas er jafnframt garðyrkjubóndi í Reykjalundi í Grímsnesi ásamt maka sínum, Áslaugu Einarsdóttur, mannfræðingi og framkvæmdastýru. Þar stunda þau bæði gróðurhúsaræktun og útiræktun á fjölbreyttum grænmetistegundum, bæði í tilraunaskyni og í markaðsskyni, og hafa selt afurðir sínar á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu með nýstárlegum markaðsaðferðum. Ásamt upplýsingum sem Nicholas safnar um þessar mundir frá íslenskum garðyrkjubændum munu ræktunartilraunirnar og markaðsaðferðirnar liggja til grundvallar rannsókn hans. Markmiðið er að greina hvernig best megi tryggja sjálfbærni í innlendri grænmetisframleiðslu, bæði í umhverfislegu og hagrænu tilliti.

Nýverið fór í loftið vefsíðan gardyrkjurannsokn.is, sem ætlað er að kynna rannsóknina fyrir garðyrkjubændum. Nicholas leggur áherslu á mikilvægi þess að sem flestir starfandi garðyrkjubændur sjái sér fært að taka þátt í rannsókninni svo að niðurstöður hennar gefi sem gleggsta mynd af iðngreininni og hvernig best megi styðja við greinina. Þátttakendum verður boðið að fylla út rafræna spurningakönnun og í framhaldinu mun Nicholas heimsækja nokkra þátttakendur og taka við þá viðtöl.

Auk þess að vinna nú að doktorsrannsókn er Nicholas Ian Robinson einnig garðyrkjubóndi í Reykjalundi í Grímsnesi.

„Ég vil sjá hvaða aðferðir stuðla best að sjálfbærni íslenskra ræktunarvistkerfa, sjálfbærni dreifðra byggða og tryggri afkomu garðyrkjubænda og annarra starfsmanna iðngreinarinnar. Við erum mjög spennt að sjá afraksturinn og teljum að þetta gæti verið gott framlag til umræðu um framtíðarmöguleika íslenskrar garðyrkju og hvernig best megi styðja við grænmetisbændur," segir Nicholas. */ghp*

YLEININGAR

YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐSEÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: *bondi@byko.is*



byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Tímabær öryggisuppfærsla auk endurnýjunar á viðmóti gagnagrunnsins mun kosta um 30 milljónir króna.

Upprunaættbók íslenska hestsins:

WorldFengur fjárvana

– Vilja aðkomu ríkisins að endurnýjun

Rekstur WorldFengs, upprunaættbókar íslenska hestsins, er langt frá því að standa undir kostnaði. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur kallað eftir fjármagni til að ráðast í aðkallandi endurnýjun.

Gagnagrunnurinn Worldfengur er rúmlega 20 ára gamalt samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands og FEIF, alþjóðasamtaka eigenda íslenska hestsins. Þetta er miðlægur gagnagrunnur sem geymir upplýsingar um íslenska hestinn um allan heim, en þar má finna upplýsingar um ættir, afkvæmi, dóma, eigendur, ræktendur, kynmótamat, örmerki, liti og fleira. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur séð um rekstur hans síðan árið 2020.

Aðgangur að Worldfeng er greiddur gegnum árgjöld sem koma í gegnum hestamannafélög um allan heim, en samkvæmt Karvel Karvelssyni, framkvæmdastjóra RML, eru afnotagjöldin langt frá því að svara kostnaði við rekstur grunnsins. „Hann var rekinn með 11–13 milljóna króna tapi í fyrra. Við þurfum að endurskoða innheimtu því þetta gengur einfaldlega ekki upp. Þetta er miklu meira en eingöngu skýrsluhaldskerfi, heldur grunnurinn að ræktun íslenska hestsins á heimsvísu. Starfið er alþjóðlegt og mikilvægt en er ekki viðurkennt með fjármagni," segir Karvel.

Nú sé leitað leiða til að fá hið opinbera til að taka þátt í nauðsynlegum endurnýjunum. „Það þarf að endurnýja grunninn vegna öryggis en einnig er viðmótið úrelt." Því þurfi að aðlaga hann að breyttum tímum, snjallvæða og gera notendavænni. Karvel ráðgerir að slík uppfærsla kosti um 30 milljónir króna ofan á almennan rekstur.

Gunnar Sturluson, forseti FEIF.

Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri RML.

„Skilyrði þess að íslenskur hestur sé viðurkenndur sem svo er að hægt sé að rekja ættir hans til Íslands í gegnum WorldFeng. Hann er því algjört lykilgagn í ræktunarstarfinu," segir Gunnar Sturluson, forseti FEIF, og vísar þar í reglugerð um uppruna og ræktun íslenska hestsins (nr. 422/2011). „Það þarf að fylgja því fjármunir ef slíkt á að vera hægt."

/ghp

Áhrif stríðs á matvælaverð:

Brauðverð Egypta í hæstu hæðum

Yfirvöld í Egyptalandi hafa sett fast markaðsverð á brauði til að stemma stigu við hækkandi matvælaverði í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu.

Moustafa Madbouly forsætisráðherra setti fast verð á kíló af óniðurgreiddu brauði í 11,5 egypsk pund, sem samsvarar tæpum 85 íslenskum krónum. Verð á brauði hefur hækkað gríðarlega á undanförnum mánuðum þar í landi og var nær 20 krónum fyrir innrásina. Egyptaland er einn stærsti innflytjandi hveitis í heiminum, enda er brauð undirstöðufæða meðal bæði ríkra og sér í lagi fátækra þar í landi. Lágt verð á brauði skiptir því meginmáli og er niðurgreitt af ríkinu. Egyptar flytja stærsta hluta hveitis inn frá Úkraínu og Rússlandi.

/ghp

Verk og vit 2022

vfs.is

Við erum á bás **B60**,
hlökkum til að sjá ykkur

ALVÖRU VERKFÆRI
Á TILBOÐI VEGNA VERK OG VIT 2022

Skannaðu QR kóðann til að sjá öll tilboðin!

GJAFALEIKUR

Taktu þátt, við drögum **28. mars.**
Í aðalvinning er þetta glæsilega **Scott Aspect 900 fjallahjól.**
Í aukavinning er **Milwaukee M12 borvél**
***Skannaðu QR kóðann** til að skrá þig.*

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • **vfs.is**

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna
Allt frá fræjum til umbúða

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Frjó umbúðasalan, hluti af
Samhentum síðan 2016

http://www.samhentir.is/is/thjonusta/gardyrkjudeild

Suðurhraun 4, 210 Garðabæ, sími 575 8000, www.samhentir.is, sala@samhentir.is

ÁHUGALEIKHÚS Á ÍSLANDI

Á fjölum framhaldsskólanna

Leikfélag Menntaskóla Ísafjarðar setti nýverið á svið leikverkið Ekki um ykkur en þar rifjar hópur gamalla vina upp unglingsárin, ástir, vonir og vitleysisgang. Mynd / Ágúst Atlason

Í verki Menntaskólans við Hamrahlíð sjást þau Oddný Þórarinsdóttir sem Fleur, önnur sjóræningjanna, og Lúkas Nói Ólafsson í hlutverki kaupsýslumannsins Alistair. Í þessari senu vill Fleur fá Alistair til að synda svolítið með sér en sá síðarnefndi er ekki alveg á þeim buxunum. Mynd / Kristjana Stefáns.

Leikfélög framhaldsskólanna víðs vegar um landið standa í sýningum þessa dagana enda stór þáttur félagslífs og án efa mikilvægur hluti þess að læra að standa fyrir framan fjölda manns og láta til sín taka.

Eitt elsta leikfélag sem heimildir eru til um er Herranótt, nú leikfélag Menntaskólans í Reykjavík. Var það stofnað árið 1787 og talið hið elsta á Norðurlöndunum.

Upphaflega hóf Herranótt þó tilvist sína í Skálholtsskóla er skólapiltar hófu skólaárið á nokkurs konar uppistandi þar sem gert var grín að ræðum virðulegra presta staðarins, en grín þetta hafði þó á sér brag vikivakahátíða svokallaðra, þar sem voru sett upp hin ýmsu gervi og brugðu piltarnir sér í allra kvikinda líki.

Við fjölgun framhaldsskóla í landinu fjölgaði leikfélögum þeirra að sama skapi og má segja að við hvern einasta séu nú framkvæmd kraftaverk á sviði á einn eða annan hátt. Hér á síðunni er stiklað á stóru og nokkur þeirra kynnt til leiks. Er víst að á fjölum framhaldsskólanna má sannarlega finna leikaraefni framtíðarinnar.

Á móti straumnum
Menntaskólinn við Hamrahlíð

Leikritið Á móti straumnum fjallar um tvenn hjón sem ákveða að leigja saman bát og fara í skemmtisiglingu upp ána Orb. Fríið fer þó ekki eins vel og vonir stóðu til vegna ósættis hjónanna og smæð bátsins. Ferðalagið tekur óvænta stefnu þegar siðblindir sjóræningjar hertaka bátinn.

Á endanum verða þau öll að velja hvort þau eigi að sigla með eða á móti straumnum. Síðasta sýning verður föstudaginn 25. mars. (miðar tix.is)

Grease
Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Föstudaginn 18. mars sl. frumsýndi Leikfélag Keflavíkur ungmennasöngleikinn Grease en hann er settur upp í samstarfi við Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Vox Arena, leikfélag NFS. Listrænir stjórnendur voru allir þátttakendur í Fyrsta kossinum en því sýningarferli lauk 19. febrúar og því byrjuðu æfingar á Grease ekki af fullum krafti fyrr en um miðjan febrúar.

Má því segja að síðustu vikur hafi verið afar krefjandi fyrir alla sem að sýningunni koma en stjórnarmeðlimir Leikfélags Keflavíkur eru þó mjög ánægðir með samstarfið við leikfélag NFS. Síðasta sýning verður laugardaginn 26. mars. (miðar tix.is)

Ekki um ykkur
Leikfélag Menntaskóla Ísafjarðar

Verkið fjallar um vinahóp sem hittist úti á landi í jarðarför eins æskufélaga þeirra – þó lítið sem ekkert samband hafi verið síðan á unglingsárunum. Að jarðarför lokinni ákveða þau þó að skella sér saman í sumarbústað til að rifja upp gamla tíma en í verkinu er hoppað á milli tveggja tímaskeiða þar sem áhorfendur kynnast hópnum bæði í fortíð og nútíð. Hver kyssti hvern, hver var skotinn í hverjum og svo framvegis. Sýningartímabilið stóð yfir í rétt rúma viku, lauk núna 19. mars, en var leikendum ausið mikið lof af þeim heppnu er á horfðu.

Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Vox Arena, leikfélag NFS, settu á svið söngleikinn fræga, Grease, í samstarfi við Leikfélag Keflavíkur. Mynd / vefsíða BLÍ

Hvað er í gangi?!

√ **Spéverkið Ef væri ég gullfiskur** í höndum Leikfélags Reykholts verður sýnt í Aratungu. Frumsýnt verður föstudaginn 25. mars en miða má finna bæði á tix.is og við innganginn. Sýnt verður 27. og 30. mars, 1., 2. og 3. apríl næstkomandi. Sýnt er kl. 20 nema á sunnudögum, þá kl. 17.

√ **Kardimommubær Freyvangsleikhússins** var frumsýndur þann **4. mars nk.** við frábærar undirtektir og fullt hús. Miða má finna á Tix.is eða í síma 857-5598, en sýnt verður áfram næstu vikur.

√ **Leikdeild Umf. Skallagríms** frumsýndi söngleikinn Slá í gegn á dögunum og sló svo sannarlega í gegn. Tíunda og allra síðasta sýning er þó því miður nú í kvöld, **fimmtudaginn 24. mars, klukkan 20** ... en kannski hafa einhverjir heppnina með sér hvað varðar miðakaup. Einnig er einhver möguleiki á frekari sýningum ef aðsókn er mikil. Sími 696-1544 / eða leikdeildskalla@gmail.com.

Límtré-Timbureiningar

STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

Hér að ofanverðu má sjá leikara í verkinu Hvert örstutt spor, þau Andra Þór Agnarsson, Laufeyju Hafsteinsdóttur og Kristjón Elvarsson, en hér fyrir neðan eru „hjónin Lóa og Óli“, eða þau Daníel Snær Garðarsson og Amylee da Silva Trindade. Myndir / Aðsendar

Hvert örstutt spor
Lista- og menningarsvið framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu /Leikfélag Hornafjarðar

Í tilefni 60 ára afmælis leikfélags Hornafjarðar nýverið var leikritið Hvert örstutt spor, byggt á „Silfurtúngli“ Halldórs Laxness, en það verk var skrifað árið 1954 og var þess tíma þjóðfélagsádeila.

Hvert örstutt spor er sett á svið í samstarfi við lista- og menningarsvið framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu, eins og vani hefur verið sl. ár. Áður hefur samstarfið ma. fætt af sér verk á borð við Fílamanninn (2019), Ronju Ræningjadóttur 2018), Pilt og stúlku (2017) og Love me do (2016).

Sýningar hófust þann 18. mars sl. en síðasta sýning er nú föstudaginn 25. mars. (miðar s. 892 9707) */SP*

RANDEX

RANDEX - VAGNAR
AF VÖNDUÐUSTU GERÐ

• Við bjóðum margar stærðir og útfærslur af **RANDEX** vögnum
• **Hardox 450** stál með allt að **80% meiri endingu**
• **Hagstætt verð**

Gerðu kröfur - hafðu samband við Snorra Árnason í síma **590 5130** og kynntu þér þína möguleika

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR

MERLO
Fullkominn fyrir íslenskar aðstæður!

VERKFÆRI EHF

Merlo P27.6 Top

- Vinnuþyngd: 4.850kg
- Hámarks lyftigeta: 2.700kg
- Hámarks lyftihæð: 5.9 m
- Lyftihæð með hámarks þyngd: 3.3 m
- Hámarkshraði: 40km á klst
- Joystick stýring á bómu
- Fram og afturkeyrsla á joystick
- Hraðtengi
- Fjórhjólastýri og Fjórhjóladrif
- Led ljósabúnaður á húsi og vinnuljós á bómu
- BSS dempun á gálga

MERLO

www.verkfaeriehf.is
S. 544-4210
Sale@verkfaeriehf.is
Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi

TÆKNI & VÍSINDI

Mikið að gerast í smíði rafhjóla:

Yamaha á leiðinni með nýstárlegt rafhjól

Yamaha B-01 er einhvers staðar á milli rafhjóls og bifhjóls, með öflugum mótor að aftan og risastórum dekkjum fyrir alvöru utanvegaakstur.

Nýjasta rafreiðhjólið frá Yamaha er ekki bara framúrstefnuleg ímyndun – fyrirtækið hefur gefið það út að rafhjólið verði sett í framleiðslu og að það verði komið í sölu snemma árs 2023.

Það er bara mars 2022, en árið er nú þegar að reynast spennandi í rafhjólaheiminum. Framleiðandinn Ducati hefur t.d. afhjúpað fjaðurlétt rafhjól. Cannondale afhjúpaði nýja gerð með 100 mílna drægni, eða um 161 km. Biktrix afhjúpaði annað hjól sem var sérstaklega hannað til að koma í veg fyrir að það hreinlega liðist í sundur, eins og það sé viðtekin venja hvað varðar ný rafhjól. Þá setti Rad Power Bikes á markað eitt af sterkustu og jafnframt ódýrustu samanbrjótanlegu rafhjólunum sem menn hafa nokkurn tíma séð.

Fyrr í þessum mánuði bættist Yamaha við hópinn með par af nýjum rafhjólum sem eru smíðuð fyrir borgarferðir og stíga og fleira er á döfinni hjá fyrirtækinu. Yamaha B-01 er einhvers staðar á milli rafhjóls og bifhjóls, með öflugum mótor að aftan og risastórum dekkjum fyrir alvöru utanvegaakstur. Mest áberandi er grind með opinni vinnupallahönnun í stað hefðbundinnar rörasmíði. Hjólið er vissulega athyglisvert, en eins og greint er frá í ritinu Electrek er B-01 ekki bara til sýnis.

„Framtíð þess mun rætast fyrr en seinna,“ sagði Eric De Seynes, forseti Yamaha Motors Europe. – „Við munum hefja framleiðslu á þessu ökutæki innan eins árs, frá og með 2023.“ */HKr.*

Rad Power Bikes setti á markað eitt af sterkustu og jafnframt ódýrustu samanbrjótanlegu rafhjólunum sem sagt er að hafi nokkru sinni sést á markaðnum.

Cannondale afhjúpaði nýja gerð af rafhjóli sem sagt er vera með 100 mílna drægni eða til 161 km aksturs á einni hleðslu.

Rafhlöðu- og rafbílafyrirtækið Gogoro í samvinnu við ProLogium Technology um rafhlöðuhönnun:

Fyrstu útskiptanlegu „fastkjarna“-liþíum-keramikrafhlöður heims kynntar í Taívan

Rafhlöðu- og rafbílafyrirtækið Gogoro í Taipei, höfuðborg Taívan, afhjúpaði frumgerð af útskiptanlegum „fastkjarna“-rafhlöðum í heiminum þann 8. mars síðastliðinn. Var þetta gert í léttu rafmagnsbifhjóli frá Gogoro. Með þessari rafhlöðu telur fyrirtækið sig jafnframt vera að búa til nýjan staðal fyrir skiptanlegar rafhlöður í léttum rafknúnum farartækjum.

Rafhlaðan var þróuð í samvinnu við ProLogium Technology, sem er sagt leiðandi fyrirtæki í rafhlöðuiðnaðinum og með sérþekkingu á liþíum-keramikrafhlöðum (LCB). Keramikið í rafhlöðunum er sagt gera það nær ómögulegt að í þeim kvikni. Þá á að vera hægt að hlaða þær mun hraðar en eldri rafhlöður.

Útskiptanleg Gogoro „fastkjarna“-rafhlaða var kynnt í Taipei, höfuðborg Taívan, þann 8. mars síðastliðinn.

Ekki í dreifingu alveg á næstunni

Gogoro útskiptanlegu fastkjarna-rafhlöðunum er hægt að skipta á nokkrum sekúndum á rafhlöðuskiptistöðvum. Þar eru rafhlöðurnar síðan endurhlaðnar fyrir næsta viðskiptavin.

Kálið er þó ekki sopið þótt í ausuna sé komið, því nýju rafhlöðurnar fara ekki strax í dreifingu á þúsundir rafhlöðuskiptistöðva Gogoro sem notast enn við hefðbundnar liþíum-jóna rafhlöður. Nýju fastkjarna-rafhlöðurnar eru enn á þróunarstigi. Ekki er heldur útséð með hvort Gogoro tekst að fjármagna framleiðsluna. Þessi kynning í Taipei er því væntanlega fyrst og fremst til að ganga í augun á mögulegum lánveitendum og/eða fjárfestum.

Gogoro framleiðir sínar eigin vinsælu rafmagnsskutlur. Þá eru stór fyrirtæki eins og Yamaha einnig í samstarfi við Gogoro um að fá rafhlöður Gogoro í sín léttu bifhjól.

Önnur öflugri „fastkjarna“-rafhlaða í þróunarferli

Þá er Gogoro með nýjan „fastkjarna“ rafhlöðupakka í þróun. Hann er sagður geta aukið núverandi getu Gogoro rafhlaðanna úr 1,7 kílówattstundir (kWst) á hverja rafhlöðu í 2,5 kWst. Sú 40% aukning á orkuþéttleika myndi leiða til sambærilegrar aukningar á drægni. Slíkt afl myndi t.d. duga ágætlega fyrir venjulegan golfbíl. Smábíllinn Wuling Mini, sem er sagður vinsælasti ódýri rafbíllinn í Kína, þyrfti 3-5 rafhlöður af þessari nýju gerð. Wuling Mini er framleiddur af kínversk-bandarísku samsteypunni SAIC-GM. */HKr.*

Gogoro rafskutlan var hönnuð í samstarfi við Yamaha og hugsuð til markaðssetningar um allan heim.

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm

Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm

Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm

Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max

Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm

Husqvarna K770 14” Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm

Husqvarna K4000 Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



ÆRSLABELGIR

Þar sem tveir hoppa saman, þar er gaman

Setjum upp Ærslabelgi um allt land

Skannaðu kóðann fyrir frekari upplýsingar

HREINIR GARÐAR

aerslabelgir.is / aerslabelgir@hreinirgardar.is / 571-2000

LÍF & STARF

Fyrir tilstilli sameiginlegra vina fékk garðyrkjuneminn Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir að heimsækja garðyrkjustöðina Gróður á Hverabakka til að skoða slíka stöð í rekstri. Nokkrum mánuðum síðar var hún orðin eigandi stöðvarinnar. „Ég held þetta sé ekki alveg búið að síast inn einu sinni, enda hefur verið svo mikið að gera síðan ég tók við," segir Halla, en á Gróðri er stunduð tómatarækt í rúmum 4.000 fm af gróðurhúsum ásamt útiræktun yfir sumarmánuði. Mynd / ghp

Halla Sif keypti gróðrarstöð á fyrsta ári í garðyrkjunámi:

„Ætli þetta sé ekki nett brjálæði"

– Nýliði í atvinnugreininni lætur til sín taka í stjórn Búgreinaeildar garðyrkjunnar

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Það skortir ekki atorku í Höllu Sif Svansdóttur Hölludóttur, þrítugum garðyrkjunema, sem festi kaup á garðyrkjustöðinni Gróðri á Hverabakka við Flúðir á sínu fyrsta ári í námi. Meðfram nýju hlutverki sínu sem garðyrkjubóndi reynir hún að klára námið og er nýliði í stjórn deildar garðyrkjunnar.

Halla Sif er alin upp á Dalsmynni í Eyja- og Miklaholtshreppi, blönduðu búi með kúm og kindum, en á ekki langt að sækja garðyrkjuáhugann. „Amma mín, Margrét í Dalsmynni, ræktaði talsvert af matjurtum. Hún var aldrei í neinni framleiðslu en var dugleg að gefa fólki. Ég var alltaf með henni að dútla mér við að prikla og stússa," segir Halla sem hefur frá unga aldri haft metnað fyrir matjurtaræktun. „Þetta var eiginlega aðaláhugamálið mitt og ég ræktaði alltaf heima við þegar ég bjó í Reykjavík. En einhverra hluta vegna sá ég það þó ekki sem raunhæfan möguleika að vinna við garðyrkju framan af. Mig langaði til dæmis alltaf í Garðyrkjuskólann en sá ekki beint framtíð í því."

Halla lagði garðyrkjuna því ekki fyrir sig heldur nam heimspeki og Mið-Austurlandafræði við Háskóla Íslands. Hún stefndi á framhaldsnám erlendis og vann hjá hvalaskoðunarfyrirtæki í nokkur ár.

„Svo fór ég á opinn dag Garðyrkjuskólans á Reykjum á sumardaginn fyrsta árið 2018 og langaði í framhaldinu að slá til og skrá mig í skólann. Ég fann líka löngun til að komast í tengingu við eitthvað sem hefur raunveruleg

Gróðrarstöðin er sú eina sem ræktar sellerí hér á landi og hyggst Halla Sif auka framleiðsluna. Mynd / HSSH

og bein áhrif á umhverfismál og auðlindanýtingu. Það var eitthvað sem kveikti í mér þarna. Skólinn tekur bara inn nýnema á tveggja ári fresti en ég fékk að byrja aðeins í fjarnámi meðfram vinnu árið 2019."

Skall svo kófið á og Halla missti vinnuna. Þótti henni þá rakið að hella sér af fullum krafti í garðyrkjunámið um haustið. „Ég var þá þegar komin með þann draum í magann að vinna sjálfstætt og vera með eigin ræktun og rekstur. Ég sá þó fyrir mér að vinna hjá einhverjum í einhvern tíma áður en af því yrði, enda gríðarleg fjárfesting að eignast land og koma rekstri af stað."

Halla hugar að nýgræðlingum. Mynd / ghp

Sagan af kaupum Gróðurs

Fyrir tilstilli sameiginlegra vina fékk garðyrkjuneminn Halla að heimsækja garðyrkjustöðina Gróður því hún hafði áhuga á að skoða garðyrkjustöð í rekstri. Í því innliti komst hún að því að stöðin væri til sölu.

„Húsnæðið var í góðu standi, öll tæki til staðar og mjög vel að rekstrinum staðið. Í framhaldinu gerði ég mér grein fyrir því að það væri nokkuð langsótt að ætla að koma rekstri af stað sjálf, fá markaðshlutdeild og gera allt frá grunni. Það eru líka ekki margar svona stöðvar á landinu og ég fór að átta mig á að þetta væri frekar einstakt tækifæri."

Byggðastofnun hafði þá nýlega byrjað með lán til fjármögnunar jarðarkaupa í landbúnaði í því skyni að styðja við nýliðun, nýsköpun og framþróun, en í gegnum þá leið er hægt að fá allt að 90% lánshlutfall ef um er að ræða kynslóðaskipti.

„Vitandi af lánaleiðinni og mögulegum nýliðunarstyrk í landbúnaði sá ég að þetta væri jafnvel raunhæft. Á þessum tíma var líka bullandi Covid og ég var búin að vera atvinnulaus, lokuð inni heilan vetur og sumar og langaði að komast aftur út á land og komast á hreyfingu. Tímapunkturinn spilaði því klárlega inn í þessa ákvörðun."

Hún lét því vaða og bauð í garðyrkjustöðina og rekstur hennar. Kaupferlið tók marga mánuði og fól í sér, að sögn Höllu, gott samstarf við Byggðastofnun og seljendur. Hún fékk svo garðyrkjustöðina Gróður afhenta 1. júní síðastliðinn.

„Ætli þetta sé ekki nett brjálæði. Ég held þetta sé ekki alveg búið að síast inn einu sinni, enda hefur verið svo mikið að gera síðan ég tók við."

Halla býr þó að góðum stuðningi því fyrri eigendur, Þorleifur

Jóhannesson og Sjöfn Sigurðardóttir, búa enn á staðnum og eru henni innan handar.

„Hér starfar líka gott fólk sem hefur haldið starfseminni gangandi þótt þau séu komin með nýjan yfirmann sem kann frekar lítið," segir Halla.

Ætlar að auka við útiræktun

Á garðyrkjustöðinni Gróður er stunduð ylrækt í rúmum 4.000 fm gróðurhúsum ásamt útiræktun. Starfsmannafjöldinn er frá sex á veturna og upp í 12–15 á sumrin. „Undirstaða rekstursins eru sólskinstómatarnir sem við ræktum allan ársins hring. Síðan erum við með minna af hefðbundnum stórum tómötum. Úti ræktum við blómkál, kínakál og sellerí, sem ég vil auka töluvert strax í sumar," segir Halla en Gróður er eini ræktandi sellerís á landinu.

Hún segist enn vera að finna jafnvægi eftir stökkið stóra. „Það er allt svo nýtt og ég læri eitthvað á hverjum degi. Um leið og ég fæ svar við einni spurningu vakna tíu aðrar. Ég áttaði mig alveg á að þetta yrði mikil skuldbinding, enda kallar þetta á viðveru hér alla daga og það mun ekkert breytast á næstunni. Ég var líka bara orðin þreytt á því að sitja við tölvu og vildi vera á meiri hreyfingu. Mér finnst þetta því spennandi, enda þarf að huga að mörgum breytum og umhverfið er rosalega lifandi."

Halla segir sveitungana á Flúðum hafa tekið henni opnum örmum. „Fjölskyldan er vestur á Snæfellsnesi og flesti vinirnir í bænum svo þetta eru viðbrigði, rétt eins og að flytja til útlanda. En hér er garðyrkja aðalatvinnugreinin og allir af vilja gerðir til að hjálpa mér. Ég er í stöðugu sambandi við reynsluboltana á svæðinu, þau eru ekki orðin þreytt á mér, enn þá að minnsta kosti," segir hún hlæjandi.

Í náinni framtíð sér Halla fyrir sér að auka framleiðslu Gróðurs, enda vanti ekki eftirspurn eftir þeim afurðum sem hún ræktar.

„Þetta mun snúast um stærðarhagkvæmni. Ég er byrjuð að auka útiræktunina, en það er ekki hlaupið að því að bæta við sig starfsfólki þegar vantar húsnæði á svæðinu. Útiræktuninni fylgir rosalega mikil handavinna. Hver einasti kálhaus er handskorin upp, svo þarf að snyrta og pakka. Með því að bæta geymsluaðstæður og tækjakost gæti ég vonandi boðið upp á fjölbreyttari útiræktaðar afurðir og yfir lengra tímabil. Svo dreymir mig strax um að byggja við gróðurhúsin. En ég vona að ég eigi eitthvað inni til að fullnýta rýmið sem er til staðar, setja t.d. upp sparneytnari lýsingu og stýra aðstæðum betur. Þannig vil ég fyrst reyna að auka kíló af uppskeru á hvern fermetra í stað þess að bæta við fermetrum."

- Frh. á næstu síðu.

Halla býr vel að því að hafa reynslumikið starfsfólk og fyrri eigendur Gróðurs sér til halds og trausts. Mynd / ghp

Undirstaða rekstursins eru sólskinstómatarnir. Mynd / ghp

„Ég áttaði mig alveg á að þetta yrði mikil skuldbinding, enda kallar þetta á viðveru hér alla daga og það mun ekkert breytast á næstunni." Halla vill m.a. auka útiræktun og geta boðið upp á fleiri afurðir. Mynd / HSSH

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir styrki til orkuskipta 2022

Heildarfjárhæð til úthlutunar er allt að 900 m.kr.
Styrkupphæð til hvers verkefnis ræðst af getu sjóðsins og fjölda umsókna.
Styrkir geta numið 33% af áætluðum stofnkostnaði.

Verkefnastyrkir

1. Bætt orkunýting: Búnaður sem minnkar raforkunotkun til beinnar hitunar í rafkyntum varmaveitum og/eða minnkar olíunotkun.

2. Minnkun olíunotkunar í iðnaði: Búnaður sem nýtir vistvæna orku í stað olíu.

3. Raf- og lífeldsneyti og metan: Bættir innviðir (t.d. dreifing, varaafl) og/eða framleiðsla raf- eða lífeldsneytis úr orku sem tryggð hefur verið til þess verkefnis. Nýting líf- og rafeldsneytis og metans skal einnig vera tryggð (t.d. í tæki), hvort heldur sem orkugjafi eða til frekari framleiðslu.

4. Hleðslustöðvar fyrir samgöngur: Uppsetning hleðslu- eða áfyllingarstöðva til þéttingar nets hleðslustöðva við vegakerfið sem og gististaði, frístundasvæði (t.d. íþróttahús, sundlaugar), verslanir og fjölsótta ferðamannastaði. Ef um hraðhleðslustöðvar er að ræða (150 kW og stærri) getur kostnaður við sérlausnir verið innifalinn (t.d. rafhlöður, sólarsellur, vindrellur).

5. Orkuskipti í haftengdri starfsemi: Aðgerðir sem nýta vistvæna orku í haftengdri starfsemi og siglingu til og frá höfn.

orkusjodur.is

ORKUSJÓÐUR

Umsóknafrestur er til 7. maí 2022
Umsóknir skulu sendar gegnum þjónustugátt Orkustofnunar: **gattin.os.is**

ORKUSTOFNUN

EZ-GO RXV ELiTE Golfbílar
Endingargóð og viðhaldsfrí Elite Lithium rafhlaða með 8 ára ábyrgð

Til á lager

MHG VERSLUN
Víkurhvarfi 8, Kópavogur
Sími **544 4656** - www.**mhg.is**

LÍF & STARF

Halla segir mikilvægt að tryggja tilveru verklegs starfsmenntanáms, enda er þörf á fólki sem hefur bæði haldbæra verklega og fræðilega þekkingu. Mynd / ghp

Þungt yfir garðyrkjunáminu

Staða Garðyrkjuskólans hefur verið mikið í umræðunni að undanförnu vegna tilfærslu garðyrkjunáms frá LbhÍ til FSu og hafa nemendur skólans fundið fyrir því að sögn Höllu.

„Námið hefur ekki beint verið draumurinn sem það átti að vera. Covid hefur haft mikil áhrif og vegna skemmda á húsnæði skólans vorum við fyrst í bænum og komumst ekki í aðstöðuna á Reykjum. Það er þungt yfir umræðunni um framtíð garðyrkjunámsins og á köflum eins og að vera dreginn inn í forræðisdeilu. Þetta eru ekki mjög hvetjandi aðstæður og eiginlega magnað að kennararnir hafi náð að halda sjálfum sér og okkur við efnið.“

Hún óttast afleiðingar ef starfsfólk skólans hætti störfum. „Það hljómar eins og sú mikilvæga þekking sem er til staðar núna inni í skólanum sé að fara að glatast. Ein af þeim ástæðum fyrir því að ég vildi læra garðyrkju hér heima er sú að á Íslandi eru sérhæfðar aðstæður sem fólkið sem nú starfar hjá skólanum þekkir, auk þess sem þau eru mikilvæg tenging inn í atvinnugreinina.

Það var metskráning í garðyrkjunám þegar ég byrjaði og áhugi fólks á garðyrkju, hvort sem það er við framleiðslu eða heimaræktun, er bara að fara að aukast. Þá er sorglegt að framtíð eina verklega garðyrkjunámsins virðist hanga á bláþræði frekar en að verið sé að efla það.“

Hún segir mikilvægt að tryggja tilveru verklegs starfsmenntanáms. „Mennta þarf fólk sem tilbúið er til þess að vinna í greininni, með haldbæra verklega reynslu og fræðilega þekkingu. Við þurfum að rækta meira og ræktendur þurfa líka hæfni til að prófa sig áfram með nýja hluti. Núverandi námskrá mætti alveg endurbæta, ég sé það núna þegar ég er byrjuð að vinna við þetta, en slíkt hefur líklega setið á hakanum síðustu ár út af óvissunni í kringum framtíð skólans. Námið er þó klárlega góður grunnur og mér finnst örlítið vafasamt ef þróa á allt garðyrkjunám í fræðilegri átt á háskólastigi. Frekar myndi ég vilja enn meiri áherslu á hið verklega en nú er gert. En til þess þarf að tryggja fjármagn og aðstöðu,“ segir Halla en bætir við að henni hafi verið sýndur mikill stuðningur hjá skólanum í ljósi aðstæðna sinna.

„Mig langaði að minnka við mig námið þegar ég keypti, því það er búið að rífa í að vera í fullu námi meðfram rekstrinum. En svo varð ég smeyk um að það yrði ekki nám fyrir mig til að klára við þær breytingar sem eru að eiga sér stað svo ég er að þrjóskast við að útskrifast í vor sem garðyrkjufræðingur.“

Kallar eftir endurbættum nýliðunarstuðningi

Þótt verkefni Höllu séu ærin þá virðist hún geta á sig blómum bætt – og það á sviði félagsmálanna. Því á liðnu Búgreinaþingi var hún kjörin ný í stjórn deildar garðyrkjubænda. „Þó ég hafi ekki verið lengi starfandi þá verð ég vonandi til staðar í þó nokkurn tíma í viðbót. Því finnst mér mikilvægt að koma að því að móta umhverfi garðyrkjubænda. Það var áhugi fyrir því að fá nýliða í stjórn svo ég sló til.“

Endurskoðun búvörusamninga er henni hugleikin. „Ýmsu er lofað í stjórnarsáttmálanum sem þarf að tryggja að rati inn í búvörusamningana, eins og fast niðurgreiðsluhlutfall á rafmagni. Einnig er þar talað um að auka styrki og efla útiræktun en spurningin er hvað stuðli að raunverulegri hvatningu fyrir fólk sem vill fara út í slíkt.“

Henni finnst horfur framleiðslugreinarinnar bjartar. „Það er meðbyr með innlendri framleiðslu og íslensku grænmeti, neytendur eru mjög meðvitaðir um að á því séu góð gæði og spennandi tækifæri fólgin í að takast á við sívaxandi eftirspurn.“

Á Búnaðarþingi vill Halla sjá umræður fara fram um nýliðunarstuðning. „Ég hélt að nýliðunarstuðningurinn væri eitthvað sem ég gæti gengið að nokkuð vísu, en svo er alls ekki. Kerfið byggir á óljósri stigagjöf sem mætti endurskoða, bæði hvað varðar menntun, starfsreynslu og vægi rekstraráætlunar. Til dæmis er alveg óljóst hvernig starfsmenntanám í garðyrkju telur þar inn í. Enn fremur er erfitt fyrir fólk sem er að koma af stað eigin rekstri að sækja stuðninginn. Ef stuðningurinn á að vera hvati til nýliðunar þarf að vera eitthvert öryggi á bak við hann. Miðað við að stjórnvöld vilji meiri og fjölbreyttari garðyrkjuframleiðslu þá þarf nýliðun að vera raunhæf án þess að þurfa að fjárfesta í risastórri garðyrkjustöð. Það þarf meiri umræðu um hvernig hægt er að gera það.“

Hún hvetur þó fólk, sem býr með þann draum í maganum að gerast garðyrkjubóndi, að hefja þá vegferð með því að skrá sig í nám eða, og enn frekar, að ráða sig til vinnu á garðyrkjustöð til að öðlast þekkingu og reynslu: „Mig vantar sumarstarfsmenn!“

Blómkál og kínakál eru einnig framleidd á Gróðri. Halla segir mikilvægt að auka styrki fyrir útiræktun til að stuðla að raunverulegri hvatningu til þeirra sem vilja stunda hana. Mynd / HSSH



Séð yfir svæði Gróðurs á Hverabakka, en gróðrarstöðin er steinsnar frá Gömlu lauginni við Flúðir. Mynd / ghp

Halla óskar eftir umræðum um nýliðunarstuðning á Búnaðarþingi, en hún telur æskilegt að endurskoða þá stigagjöf sem byggt er á. Mynd / ghp

Endurheimt votlendis er mikilvæg fyrir búsvæði fiska.

Mýrar eru mikilvæg búsvæði fyrir fjölmargar lífverur.

Vandaðir verktakar eru ómissandi við endurheimt votlendis.

Votlendi

Landgræðslan
og Votlendissjóður

Fylgiblað Bændablaðsins
24. mars 2022
www.land.is
www.votlendi.is

Endurheimt votlendissvæðanna í landi Hamraenda og Hnausa á sunnanverðu Snæfellsnesi vakti athygli á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Votlendissvæði Hnausa og Hamraenda er stærsta samfellda votlendissvæðið sem hefur verið endurheimt á vegum Landgræðslunnar.

Vöktun votlendis

Til að fylgjast með þeim breytingum sem verða við endurheimt mýra voru settir út vöktunarreitir árið 2017 á fjórum svæðum sem fyrirhugað var að endurheimta. Gróðurfar var tekið út og lykilþættir mældir reglulega, fyrir og eftir endurheimt, sem framkvæmd var árið 2019.

Svæðin eru fjölbreytt og endurheimtaraðgerðir tókust misvel. Áhugavert er að sjá hversu mikill breytileiki mældist á losun koltvísýrings og metans á milli svæðanna, milli reita innan svæðanna og einnig á milli ára eftir veðurfari.

Eins kemur berlega í ljós hversu mikilvægt það er að vanda til verka við endurheimt votlendis og vinna með þær fjölbreyttu aðstæður sem eru á hverjum stað fyrir sig.

Endurheimtu 90 hektara af votlendi í Vopnafirði

Halldóra Andrésdóttir og Gauti Halldórsson, bændur í Engihlíð, í Vopnafirði eiga jörðina Vatnsdalsgerði og hafa endurheimt 90 hektara af votlendi á þeirri jörð. Björn Halldórsson, bróðir Gauta, rekur búið með þeim hjónum og á jafnframt hluta Vatnsdalsgerðis. Þau hafa girt af í samstarfi við Skógræktina 199 ha í Vatnsdalsgerði. Búið er að planta trjám í um það bil 62 ha þar og 15 ha í landi Engilhlíðar. Aðalbúskapurinn er mjólkurframleiðsla sem er um 400 þúsund lítrar á ári, auk um 100 fjár og nokkurrar nautakjötsframleiðslu.

Þegar Halldóra, Gauti og Björn keyptu Vatnsdalsgerði árið 2005 og fengu þau loftmynd af jörðinni. Myndin var tekin áður en skurðgröftur hófst á jörðinni á sjöunda áratug síðustu aldar. Ætlun fyrri eigenda var að nýta landið sem tún, en aðstæður á umræddu svæði gerðu það að verkum að það varð ekki hæft til túnræktunar.

Halldóra sagði að þegar umræða um losun og kolefnisbindingu hefði verið orðin almenn hefðu þau komist að þeirri niðurstöðu að best væri að endurheimta vistkerfin í Vatnsdalsgerði. „Bónusinn var að geta kolefnisjafnað búskapinn þegar fram liðu stundir. Á næstu árum verður gerð krafa um kolefnisjöfnun í landbúnaði og bændur munu í framtíðinni selja kolefnisbindingu.“

„Við vorum ekki að nýta þetta svæði og það var ljóst að þarna yrðu ekki tún. Auk þess var maður alltaf að sjá umfjöllun um losun gróðurhúsalofttegunda frá framræstu landi,“ sagði Gauti.

Og þau hjón tóku undir það að endurheimtin hefði verið blanda af hugsjón og framlagi til náttúruverndar. „Það var alveg ljóst að það var mikil losun frá þessu svæði,“ sagði Gauti.

Gauti og Halldóra taka þátt í verkefninu Loftlagsvænni landbúnaði. Halldóra sagði að reynslan af þátttökunni væri jákvæð. En geta t.d. Landgræðslan, RML og fleiri aðilar gert meira til að upplýsa bændur og landeigendur um loftlagsmálin? Og hvernig er hægt að fá almennari þátttöku? Gauti sagði að það þyrfti að sýna fram á losun með íslenskum, ritrýndum rannsóknum. „Ég heyri það á bændum að þeir telja ekki hægt að yfirfæra losun erlendis frá yfir á Ísland. Ástæðan sé sérstaða íslensks jarðvegs og lofslags. Almennt trúa menn því ekki að losunin sé eins mikil og sagt er en sumir eru líka í afneitun,“ sagði Gauti og lagði áherslu á að rannsóknir á þessu sviði þyrftu að vera viðurkenndar. Þegar þessi mál væru komin í höfn kæmu fleiri og endurheimtu. „Ég veit að það er verið að rannsaka þessa hluti og mikið er vitað en það skiptir líka máli hvernig fræðsla til bænda fer fram.

Sveitarstjórnir eru í lykilhlutverki

Endurheimt votlendis fellur ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Það gerir hins vegar framræsla lands. Framræslu sem hefur áhrif á þriggja hektara svæði eða stærra eða er á verndarsvæðum er ber að tilkynninga til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um hvort framræslan sé háð umhverfismati. Sé framræst svæði undir 3 ha er það sveitarfélagsins að meta hvort framkvæmdin sé háð umhverfismati.

Votlendi njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013, sjá a-lið 1. mgr. 61. gr. Í samræmi við 3. mgr. sömu greinar skal forðast að raska votlendi nema brýna nauðsyn beri til. Það er því skylda að afla framkvæmdaleyfis til sveitarstjórna vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun.

Iðunn Hauksdóttir, verkefnisstjóri:

Ávinningur endurheimtar votlendis er fjölþættur

„Ég ráðlegg þeim sem vilja endurheimta votlendi á sínu landi að kynna sér málefnið á heimasíðu Landgræðslunnar en þar er mikið af gagnlegum upplýsingum. Ég hvet líka bændur og landeigendur til að hafa beint samband við mig, en þeir sem kjósa að endurheimta votlendi í samstarfi við Landgræðsluna sækja um á rafrænu formi í gegnum heimasíðuna og hefur þá ráðgjafi samband við fyrsta tækifæri," sagði Iðunn Hauksdóttir, verkefnisstjóri endurheimtar votlendis hjá Landgræðslunni.

Fyrstu skrefin

Upphafið er það að Landgræðslan metur hvort raunhæft sé að endurheimta svæðið. Ef það er niðurstaðan hefst greiningarvinnan í samvinnu við landeiganda. Í framhaldinu sækir Landgræðslan um framkvæmdarleyfi hjá sveitarstjórn. Þegar hönnun endurheimtarinnar lýkur hefst framkvæmdin í samstarfi við verktaka. Ári eftir að framkvæmd lýkur er svæðið síðan tekið út aftur.

Aðspurð um skuldbindingar sagði Iðunn að liggi allar forsendur fyrir sé gerður 20 ára samningur milli landeiganda og Landgræðslunnar. Þar segir m.a. að nýta megi landið á sjálfbæran hátt svo fremi sem votlendinu sé ekki raskað aftur.

Og hver borgar?

„Styrkurinn felst í því að Landgræðslan borgar framkvæmdarleyfið og vinnu verktakans. Ef þurfa þykir kostar Landgræðslan einnig lagfæringar á svæðum eftir framkvæmd", segir Iðunn og bætir því við að landeigandinn þurfi ekki að leggja fram mikla vinnu við verkið. „Hlutverk landeiganda er að veita okkur upplýsingar og tjá okkur þeirra sýn og óskir. Ef áhugi er fyrir þá má aðstoða með því að fylgjast með svæðinu og upplýsa okkur um gang mála."

En hvers vegna ættu landeigendur að standa í þessu?

„Ef landeigendur eiga land þar sem framræst mýri er til staðar, og í engri nýtingu, er það í raun land í mjög slæmu ástandi þó að gróður sé til staðar. Kolefnið í lífræna mýrarjarðveginum breytist í koltvísýring við þurrkun lands og hverfur því úr jarðvegi og fer upp í andrúmsloftið í staðinn. Þar með losnar einnig um önnur næringarefni og landið getur tekið að lækka. Svo í raun er hægt að horfa á framræsta mýri eins og rofið, illa farið land. Flestir vilja skila landinu í betra ástandi en þegar þeim var fyrst falið að varðveita það".

Batnar landið?

Aðspurð sagði Iðunn að ávinningur af endurheimt votlendis sé fjölþættur. "Stöðvun losunar gróðurhúsalofttegunda er aðeins einn af mörgum ávinningum endurheimtar votlendis en ekki það eina sem endurheimtin snýst um. Nefna má endurheimt búsvæði lífvera og gróðurs, bættur vatnsbúskapur og stöðvun rofs. Oft erum við spurð hvort við breyting á losun gróðurhúsalofttegunda sé mæld fyrir endurheimt hvers einstaks svæðis en svo er ekki. Mælingar á breytingu á losun þarf að gera oft og yfir langan tíma til að sýna áreiðanlegar niðurstöður og eru ekki raunhæfar í framkvæmd, rétt eins og ekki er gasmælt fyrir og eftir endurheimt á þurrlendi/skóglendi."

Þáttur Votlendissjóðs

Hvar kemur Votlendissjóður inn í þessa mynd? Landgræðslan er ráðgjafi fyrir Votlendissjóð sem fagaaðili endurheimtar vistkerfa. Hjá Votlendissjóði eru margar leiðir í boði fyrir landeigendur sem tengjast kolefniseiningum en Landgræðslan skiptir sér ekkert af þeim málum.

Gagnrýni á endurheimt votlendis

Iðunn nefnir umræðu síðustu ára og harða gagnrýni á endurheimt votlendis sem loftslagsaðgerð og bætir við „Þurrlendið hefur verið í umsjón Landgræðslunnar síðan 1907 en mýrarnar frá árinu 2016. Málaflokkurinn er því frekar nýr af nálinni hjá okkur og sætir meiri gagnrýni en nokkur önnur landgerð sem við vinnum með. Þessi mikla gagnrýni gerir það hins vegar að verkum að við erum sífellt að afla okkur nýrra upplýsinga, endurmennta okkur og að læra af reynslunni.

Mitt helsta markmið sem verkefnastjóri endurheimtar votlendis er að reyna skapa jákvæðari umræður um mýrar, sem mikilvæg vistkerfi náttúru Íslands, og hversu gefandi er að taka þátt í endurheimt þeirra. Mig vantar bara fleira fólk sem vill tala við mig og þá sérstaklega fólk sem er svo heppið að eiga land og fá að gæta þess."

Landgræðslan býður vélaverktökum á námskeið um vernd og endurheimt votlendis með áherslu á aðferðir við framkvæmdir.

Eftir námskeiðið fá þátttakendur staðfestingarskjal sem hægt verður að framvísa þegar sótt er um verk tengd endurheimt votlendis

Fundurinn verður haldinn 19. apríl klukkan 20
Rafrænn fundur (Teams)
Skráning í síma 4883000 eða með tölvupósti á votlendi@land.is

Lestu og læknaðu landið!

Ein þeirra bóka sem hafa haft ótrúlega mikil áhrif á viðhorf fólks til umhverfismála heitir Að lesa og lækna landið. Margir kennarar hafa nýtt sér bókina og bent nemendum á hana. Bókin kostar ekkert og það er auðvelt að hlaða henni niður. Einn viðmælenda þessa blaðkálfs, Halldóra Andrésdóttir, sagði í samtali að á sínum tíma hefði hún ekki haft mikla trú á því að gróðurhúsalofttegundir væru vandamál hér á landi en eftir lestur bókarinnar hefði hún sannfærst um hið gagnstæða. Bókinni er hægt að hlaða frá vefnum www.moldin.net

Landgræðslan þróar aðferðir við framkvæmdir á endurheimt votlendis

Það er hreint ekki sama hvernig staðið er að endurheimt votlendis. Þekking og reynsla kunnáttumanna á borð við Þórð, sem rætt er við í þessum blaðauka, er ómetanleg.

Landgræðslan hélt námskeið fyrir vélaverktaka og fékk nokkra til að mynda s.k. rýnihóp. Þátttakendur, sem allir höfðu reynslu af endurheimt, voru sammála um að námskeiðið væri gagnlegt og hefðu sjálfir vilja sitja það áður en þeir fengu sitt fyrsta verk.

Árið 2019 kom út leiðbeininga rit fyrir framkvæmdaraðila sem má finna á heimasíðu Landgræðslunnar. www.land.is

Landgræðslan vill vanda enn betur til verka og býður áhugasömum verktökum á námskeið þar sem farið er yfir endurheimt votlendis og aðferðir við framkvæmdir.

Beltagröfur eru bestar í endurheimtina

Vopnfirðingurinn Þórður Helgason hóf vélaútgerð með notaðri taktorsgröfu í Vopnafirði fyrir hálfri öld. Hann er maðurinn sem fyllti upp í skurði hjá Vopnfirðingunum Gauta og Halldóru sem sagt er frá á forsíðu blaðsins. Það er full ástæða til að leita til reynslubolta á borð við Þórð. Menn eins og hann þekkja landið og hvernig best er að koma því í samt lag.

Þórður sagði að þegar mokað væri ofan í gamla skurði til að endurheimta votlendi, þyrfti að þjappa nokkuð vel í þá einkum þar sem halli er talsverður.

„Ef lítið er um uppmokstur vegna þess að honum hefur verið ýtt út er ráðlagt að gera band eða einskonar brýr með 10 - 20 metra millibili, þjappa vel og láta þær ná út yfir bakkana beggja vegna og vera nokkuð hærri en yfirborð skurðarins," sagði Þórður. Notað er efni úr skurðbökkum næst bandinu og af bakkanum nálægt því en gæta þess að grafa alls ekki djúpar holur eða gryfjur sem mynda óþarfa hættu fyrir dýr og menn.

En hvernig vélar er best að nota? Þórður sagði að yfirleitt væru beltagröfur taldar bestar í svona verk. Þær fljóta oftast betur en ýtur og minna rask verður á landinu sem unnið er á. „Sjálfur er ég með 22 tonna beltagröfu á löngum undirvagni miðað við þyngd vélar."

En hvenær árs er best að vinna verkin? Þórður segir að gott sé að moka ofan í skurði síðla vetrar ef nota þarf frost í jörð, annars snemma vors. Allt velti þetta þó á aðstæðum

Þá sagði Þórður að það þyrfti að kynna bændum og öðrum landeigendum betur hvað felst í endurheimt votlendis. Þá skipti auðvitað miklu máli að þeir yrðu ekki fyrir umtalsverðum fjárútlátum vegna endurheimtarinnar.

Fiskar njóta góðs af endurheimt votlendis

Mikil áhersla hefur verið lögð á endurheimt votlendis undanfarin ár og hefur umræðan í þjóðfélaginu snúist aðallega um stöðvun á losun kolefnis úr framræstum mýrum. Tjarnir, vötn og lækir á votlendissvæðum eru þó ekki síður mikilvægt búsvæði fiska, og þá aðallega áls og silungs (urriða og bleikju). Hafin er áhugaverð rannsókn á vatnasviði Kálfalækjar á Mýrum sem tekur á ofangreindu. Jóhannes Guðbrandsson fiskifræðingur og nýdoktor LbhÍ leiðir rannsóknina.

Líklega hefur framræsla vatna og lækja á síðustu öld skert verulega búsvæði þessara tegunda. Til að áll geti lokið lífsferli sínum þarf að vera greið gönguleið milli ferskvatns, þar sem hann vex og dafnar, og sjávar þar sem hann hrygnir. Sjógengnir og staðbundnir silungsstofnar þurfa að komast á milli hrygningar- og uppeldissvæða sem yfirleitt eru í lækjum og fæðunámssvæða í sjó eða stöðuvötnum.

Vatnasvið Kálfalækjar er í Hraunhreppi á Mýrum og samanstendur af nokkrum vötnum og lækjum þeirra á milli. Hafið er verkefni til að kanna áhrif framræslu á líffríkið á svæðinu, með sérstaka áherslu á ferskvatnsfiska. Markmiðið er að kanna hvaða áhrif endurheimt geti haft á svæðinu og hvaða leið sé best að fara til að hámarka jákvæð áhrif á líffríkið í sem mestri sátt við núverandi landnýtingu á svæðinu.

Auk jákvæðra áhrifa á fiska verða metin áhrif á jarðvegseiginleika, landnotkun, breytingar á gróðurfari, búsvæði fugla og losun kolefnis. Verkefnið er fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.

Rannsóknir sumarið 2021 á útbreiðslu fiskitegunda og á gæðum hrygningar- og búsvæða leiddu í ljós töluverð áhrif skurðagraftar á útbreiðslu tegunda þar sem hindranir fyrir fiskgengd hafa myndast við skurðgröft. Víðast hvar á svæðinu eru betri búsvæði í náttúrulegum farvegum en þar sem lækir voru grafnir fram. Þó eru undantekningar þar á sem mikilvægt er að taka tillit til ef ráðist verður í endurheimt." Fyrir liggur að sækja þekkingu á lífríki og landnotkun til landeigenda en það hefur tafist vegna heimsfaraldurs. Einnig stendur til að nýta landupplýsingarkerfi til að meta betur heildarávinning á svæðinu.

Mynd t.v.
Jóhannes Guðbrandsson, fiskifræðingur og nýdoktor Landbúnaðarháskólans, segir líklegt að framræsla votlendis hafi eyðilagt eða lokað á mikilvæg búsvæði bæði áls og silungs. Það sé því mikilvægt að huga að búsvæðum þessa tegunda þegar ráðist er í endurheimt votlendis.

Mynd fyrir neðan
Hér er Ásgerður Elín Magnúsdóttir, náttúru- og umhverfisfræðingur, að mæla hæð og dýpt hindrunar í farvegi sem getur hindrað fiska að komast leiðar sinnar. Ásgerður Elín hlaut styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2021 til þess að rannsaka búsvæði fiska í votlendislækjum innan Kálfalækjarvatnasviðs

Mýrarnar eru mikil-vægar

Votlendi er meðal afkastamestu vistkerfa á jörðinni, sambærilegt við regnskóga og kóralrif, og þau veita manninum margvíslega þjónustu. Í rigningum taka votlendissvæði til sín vatn en miðla því frá sér í þurrkatíð, og tempra þannig öfgar í vatnafari.

Í votlendisjarðvegi er bundið mikið magn kolefnis. Á jörðinni þekja votlendissvæði um 3% yfirborðs lands en þau geyma 20-30% alls lífræns kolefnis á landi. Mikilvægt er að það tapist ekki, sem getur gerst við framræslu og aðra röskun.

Vernd og endurheimt votlendis á heimsvísu hefur öðlast nýtt vægi eftir að gildi þeirra til að draga úr loftslagsbreytingum varð ljóst. Votlendissvæði geta haft mikið efnahagslegt gildi þar sem þau eru uppspretta margvíslegra auðlinda og fæðu, t.d. fiska og fugla, og eru oft vinsæl svæði fyrir ferðaþjónustu.

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, ritaði í grein í tilefni alþjóðlega votlendisdagsins. Ofangreindar línur var að finna í greininni.

Dýpt skurða skiptir mestu máli

Algengur misskilningur er að skurðirnir sjálfir losi koltvíoxíð en mesta losunin kemur úr jarðveginum sem þornar út frá þeim. Því skiptir ekki máli hversu grónir skurðir eru heldur dýpt þeirra.

Hvaða áhrif hafa skurðir?

Þegar skurðir eru grafnir lækkar vatnsstaða mýra og jarðvegur þornar. Loft kemst að lífrænum jarðvegi og aðstæður verða hliðhollar rotverum sem brjóta niður kolefni (C) úr lífræna jarðveginum og skila frá sér sem koltvíoxíð (CO_2). Kolefnið úr lífræna jarðveginum breytist úr föstu efni í lofttegund og landið lækkar með tímanum og næringarefni tapast úr vistkerfinu. Metan (CH_4) losun á sér stað í votlendi en er brotabrot af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda úr framræstu landi. Dæmi um áhrif framræslu mýra á lífríkið er breyting á gróðursamfélögum úr votlendisgróðri í þurrlendisgróður, fækkun vaðfugla og örveru- og smádýralíf jarðvegs breytist.



Votlendissjóður greiðir en fær í staðinn kolefniseiningar til átta ára

Votlendissjóður er í virkri endurheimt með fjölda landeigenda um allt land í samvinnu við Landgræðsluna sem mælir og metur jarðir fyrir sjóðinn til endurheimtar og miðlar þekkingu sinni við framkvæmd verkefnanna. Votlendissjóður greiðir framkvæmdina, leyfisöflun og allar mælingar framkvæmdarinnar en fær í staðinn þær kolefniseiningar sem var aflað. Samningurinn gildir í átta ár. Um þetta er gerður staðlaður samningur milli landeigenda og sjóðsins.

Landeigandinn fær í staðinn alla framkvæmdina greidda og að loknum samningstímanum fær landeigandinn vottaðar og staðfestar kolefniseiningar sem unnar voru eftir ferlum IPCC. Þær einingar er hægt að nota í kolefnisjöfnun, rekstur eða áframhaldandi sölu eininganna en þá er það landeigandinn sem selur einingarnar. Forsenda sölu slíkra eininga er að þær hafi verið mældar, metnar og mótaðar í ferlum sem þessum.

Votlendissjóður er sjálfseignarstofnun

Mikilvægt er að halda því til haga að Votlendissjóður er sjálfseignastofnun sem er fjármögnuð af einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum með ríka samfélagsábyrgð. Votlendissjóðurinn hefur engar fyrirfram gefnar heimildir til neinna framkvæmda; hvorki í landi einkaaðila eða hins opinberra. Fyrir framkvæmdum þarf að liggja skýrt leyfi og ríkur vilji viðkomandi landeigenda og sveitarfélags.

Hægt er að kynna sér gagnsemi endurheimtar votlendis á votlendi.is

Stöðvaði losun 5000 fólksbíla!

Endurheimt votlendis er viðurkennd aðferð hjá Loftslagsráði sameinuðu þjóðanna (IPCC) í baráttunni við loftslagsbreytingarnar. Alþjóðleg viðmið um losun hvers hektara sem IPCC hefur gefið út eru 19.5 tonn. Mælingar hér á landi gefa til kynna að meðaltalið sé nokkuð svipað og þegar kemur að losun íslenskra mýra. Þetta þýðir að árlega losar hver hektari í framræstu mýrlendi 19.5 tonn af koldíoxíð. Árið 2019 stöðvaði Votlendissjóður losun 1.404 tonna af koldíoxíði en uppreiknað til 3 ára eru það 4.212 tonn. Árið 2020 stöðvaði sjóðurinn losun 2.636 tonna en uppreiknað til 2 ára eru það 5.265 tonn. Samtals til dagsins í dag eru þetta 9.477 tonn sem samsvara losun 4.738 nýrra fólksbíla á sama tíma.



Íslensk votlendi eru mikilvæg fyrir vaðfugla á norðurhveli jarðar

Dýralíf

Smádýralíf er fjölskrúðugt í mýrum og tjörnum. Í tjörnum og lækjum finnast fiskar svo sem hornsíli, silungar og áll sem er á válista. Votlendi ýmiskonar eru mikilvæg búsvæði fugla og yfir 90% íslenskra fugla utan sjófugla byggja afkomu sína að einhverju leyti á þeim. Íslensk votlendi eru einkar mikilvæg fyrir vaðfugla á norðurhveli jarðar og er þéttleiki þeirra oft mun hærri hérlendis en í nágrannalöndum okkar.

Gróður

Það sem einkennir gróðurfar íslenskra mýra er mikil gróska, þekja æðplantna er mikil og þekja barnamosa lítil þó að oft sé mikið um aðra mosa í sverði. Mýrarnar eru mikilvæg búsvæði sjaldgæfra plöntutegunda og tegunda sem njóta verndar.

Algengar tegundir eru ýmsar starir (Carex spp.), elftingar (Equisetum spp.) klófífa og smárunnar.

Jarðvegur

Jarðvegur mýra er afar ríkur af lífrænu efni vegna þess að þar eru aðstæður ekki hliðhollar rotverum og það lífræna efni sem fellur til ár hvert brotnar ekki niður nema að hluta til en safnast þess í stað upp. Vegna eldvirkni og jarðvegsrofs hér á landi, berst töluvert af steinefnum í jarðveg mýranna og því er jarðvegurinn næringarefnaríkur og sýrustig er tiltölulega hátt miðað við önnur lönd. Kolefni jarðvegs er oft lægra en 25 % í efri lögum en hærra í þeim sem neðar liggja. Þó að hlutfall kolefnis sé tiltölulega lágt miðað við mýrar heimsins er magn kolefnis hátt á Íslandi þar sem steinefnin eru alla jafna viðbót við lífræna efnið en koma ekki í stað þess.

Skotar leggja mikla áherslu á fræðslu og aðgengi almennings að votlendissvæðum

Í byrjun síðastliðins haust fór hópur Íslendinga til Skotlands á vegum ELP (Endangered Landscape Programme) sjóðsins, sem er í eigu sænskrar auðmannsfjölskyldu. Sjóðurinn hefur veitt mjög háa styrki til endurheimtarverkefna, til vistheimtar, landslagsverndunar og fleiri verkefna á því sviði. Ferðin var hugsuð sem hluti af undirbúningsvinnu fyrir endurheimtarverkefni í Hvalfirði. Umrætt verkefni er unnið í samstarfi Fuglaverndar og Votlendissjóðs með aðkomu RSBP (The Royal Society of Bird Protection), sem eru ein stærstu umhverfissamtök heims.

Á síðustu öldum hafa votlendi í Skotlandi átt undir högg að sækja vegna landbúnaðar og skógræktar. Mýrarjarðvegi var víða flett ofan af láglendissvæðum til akuryrkju og iðnaðar. Mórinn var notaður til eldiviðar og

stundum einfaldlega fleytt niður árnar. Skotar eru hins vegar komnir langt á undan okkur í endurheimt votlendis og glataðra vistkerfa.

Vélakostur Skotanna var meiri en Íslendingarnir áttu að venjast. Á svæði nokkru í hálöndunum var t.d. verið að vinna að endurheimt votlendis með afkastamikilli gröfu. Á bómu gröfunnar sem vann að þessu verkefni var skófla til að moka aðliggjandi jarðvegi í skurðinn og hún gat einnig tætt torfurnar og blásið þeim á rétta staði og einnig tætt sinubagga yfir sárið til að flýta fyrir sjálfgræðslu þess.

Á hverju hausti er sina slegin á völdum svæðum á hálendi Skotlands og sett í stórsekki. Sinan er einnig notuð og má nefna að hún er látin græða upp jarðvegssár í svörtum mýrarjarðvegi og til að stöðva rofið sem þar er á áveðurshjöllum og vatnsrofi. Það var eftirtektarvert hve landeigandinn leggur mikla áherslu á alhliða og fjölbreytta endurheimt – ekki bara votlendis heldur líka alhliða vistheimt, fuglavernd, endurheimt byggða, þorpa og bæja.

Þá var eftirtektarvert að skoska skógræktin tekur virkan þátt í endurheimt vistkerfa með því að höggva niður stafafuruskóga og planta innlendum tegundum í staðinn og gildir þá einu hvort stafafuran er fullvaxin eður ei.

Hópurinn heimsótti verndarsvæðið í Abernethy en þar var gestastofan í verðmætu votlendi og umlukt gömlum skógi. Á þessu svæði var mikið langt upp úr aðgengi og fræðslu fyrir almenning. Fræðslan var bæði á formi skilta við göngustíga og leiðsögn starfsmanna verkefnisins um svæðið. Sama áhersla var lögð á fræðslu á 10.000 ha svæði sem er flæðiengi Spey árinnar. Svæðið er af mörgum talið eitt verðmætasta votlendi í Evrópu.

Votlendi geyma gífurlegan forða kolefnis

Votlendi eru mögnuð vistkerfi sem í góðu ástandi gegna mörgum mikilvægum hlutverkum. Þau geyma gífurlegan forða kolefnis sem losnar út í andrúmsloftið við framræslu. Votlendi eru búsvæði ýmissa lífvera sem sumar eiga nú undir högg að sækja auk þess sem votlendi gegna stóru hlutverki við miðlun og geymslu vatns og næringarefna. Þess vegna er mikilvægt að hlúa að votlendi landsins, vernda þau og laga það sem búið er að raska.

Votlendi getur minnkað hættu á flóðum og sveiflum í vatnsrennsli

Votlendi hafa mikið og margvísleg gildi. Umhverfisstofnun hefur raðað votlendi upp í þrjá meginflokka sem hafa vatnsfræðileg-, næringarefnafræðileg- og vistfræðileg gildi. Þannig geymir votlendi stærstan hluta kolefnisforða jarðarinnar. Votlendin eru mikilvæg búsvæði plantna, fugla, fiska og smádýra, bæta vatnsbúskap jarðar og geta jafnað vatnsrennsli og þannig minnkað hættu á flóðum, sveiflum í vatnsrennsli og jarðvegsrofi.

Veruleg miðlun er frá votlendi í árnar sem bætir lífsskilyrði í þeim. Þetta skiptir sérstaklega máli á þurrkatímum, líkt og hér var sumarið 2019. Í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn, en miðla vatni frá sér í þurrkatíð. Á þann hátt viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í lækjum og ám, en jafnt rennsli straumvatna er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa, s.s. laxfiska.

Hagsmunir eigenda og leigjenda veiðiréttar

Þetta eru þættir sem eigendur og leigjendur veiðiréttar ættu að taka til skoðunar og velta fyrir sér hvort tækifæri er til þess að efla vatnsgæði sinna eigna með endurheimt á vatnasvæðunum. Bæði leigutakar og leigusalar veiðiréttar ættu að veita þessu sérstaka athygli því endurheimt votlendis á svæðum þeirra getur skipt miklu máli þegar kemur að fiskgengd og veiði. Þegar fréttir berast af meiri veiði – aukast tekjur landeigenda.

www.votlendi.is

LÍF & STARF

Ferðakaupstefnan Mannamót Markaðsstofa landshlutanna verður haldin í Kórnum í Kópavogi í dag, fimmtudaginn 24. mars.

Mannamót Markaðsstofa landshlutanna snúa aftur:

Um 250 fyrirtæki taka þátt

Ferðakaupstefnan Mannamót Markaðsstofa landshlutanna verður haldin að nýju í dag, fimmtudaginn 24. mars, í Kórnum í Kópavogi á milli 12 og 17. Viðburðurinn er sá fjölmennasti í íslenskri ferðaþjónustu og hefur skipað sér sess sem einn sá allra mikilvægasti í íslenskri ferðaþjónustu.

Þar gefst samstarfsfyrirtækjum markaðsstofanna í öllum landshlutum tækifæri til að kynna sig fyrir fólki í ferðaþjónustu sem starfar á höfuðborgarsvæðinu og koma á nýjum viðskiptasamböndum og styrkja þau sem fyrir eru.

Ekki er vanþörf á því í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19 en vegna hans þurfti að aflýsa viðburðinum árið 2021. Alla jafna fer hann fram í janúar en var frestað fram í mars, einmitt vegna faraldursins. Nú þegar ferðaþjónustan er aftur að komast á skrið er tilhlökkunin eftir því að hittast í Kórnum í Kópavogi orðin mikil, segir í tilkynningu.

Á viðburðinum verða um 250 fyrirtæki með bás þar sem fulltrúar þeirra kynna starfsemina. Gert er ráð fyrir allt að 800 gestum, enda hefur viðburðurinn sannað sig sem einn sá allra mikilvægasti í íslenskri ferðaþjónustu á undanförnum árum.

Enginn aðgangseyrir er fyrir gesti sem mæta á viðburðinn, en þeim er þó bent á að skrá sig áður en þeir mæta svo auðveldara sé að áætla fjölda gesta, en það er hægt að gera á heimasíðu markaðsskrifstofanna. */MÞÞ*

LÍF & STARF

Strúktúr ehf.:

Flytur inn krosslímdar CLT-límtréseiningar í einbýlishús, parhús og blokkir

– frá Binderholz í Austurríki, sem er þriðji stærsti timburframleiðandi í heimi og stærsti framleiðandi CLT- eininga

Fyrirtækið Strúktúr ehf. var meðal þeirra sem voru með kynningarbás á Búgreinaþingi sem haldið var á Hótel Natura fyrir skömmu. Þar kynnti fyrirtækið CLT-límtrés- og stálgrindarhús, yleiningar og klæðningar sem það flytur inn.

Stefna fyrirtækisins er að bjóða vörur sem standast íslenskt veðurfar og uppfylla alla staðla og gæðakröfur sem kaupandinn gerir. Meðal þekktra bygginga sem reistar hafa verið úr timbureiningum frá Strúktúr má nefna hús Hafrannsóknastofnunar að Fornubúðum 5 við Hafnarfjarðarhöfn. Þetta er fimm hæða bygging og er jafnframt stærsta timburhús landsins.

Með öfluga samstarfsaðila

„Við veljum okkur samstarfsaðila af kostgæfni, hvort sem er innlenda eða erlenda birgja," segir Ingólfur Á. Sigþórsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Strúktúr var stofnað árið 2013 og starfsmenn þess búa yfir mikilli reynslu af húsbyggingum. Fyrirtækið flytur inn krosslímdar CLT timbureiningar frá fyrirtækinu Binderholz í Austurríki en þeir eru stærsti framleiðandi CLT í dag og þriðji stærsti timburframleiðandi í heiminum með 29 verksmiðjur og um 5.000 manns í vinnu.

Ingólfur segir að í dag sé gríðarlega álitlegur kostur að byggja úr CLT-timbureiningum.

Umhverfisvænt efni með hátt einangrunargildi

„Aukningin á að byggja úr timbri hefur aukist, ekki síst í ljósi þess að það er verið að nota endurnýtanlegt efni. Efnið bindur kolefni og er því umhverfisvænt. Ekki er að finna kuldabrýr sem bjóða heim raka og myglu. Einingarnar eru með hátt U-gildi og því þarf minni einangrun utan á þær," segir hann og bætir við að í dag megi finna háhýsi um alla Evrópu sem byggð eru úr CLT-timbureiningum.

Íbúðarhús í byggingu sem reist er úr krosslímdum CLT timbureiningum frá Binderholz í Austurríki sem Strúktúr flytur inn. Mynd / Strúktúr

Ingólfur Á. Sigþórson, framkvæmdastjóri Strúktúr.

Hús Hafrannsóknastofnunar í Hafnarfirði er byggt úr CLT timbureiningum og er stærsta timburhús landsins. Mynd / HKr.

Skrifstofuhús, fjölbýlishús, parhús og einbýlishús

„Við erum búnir að reisa í dag 4.200 m^2 hús á fimm hæðum í Hafnarfirði sem er alfarið úr CLT, meira að segja lyftugöng og stigar. Einnig erum við búnir að reisa fjölda einbýlis-, par- og raðhúsa hér á landi auk sumarbústaða. Þá er búið að reisa fjögur 6 íbúða fjölbýlishús í Reykjavík auk fjölda einbýlis og parhúsa. Við sjáum líka um hönnun ef þess er óskað."

Fjölmargir kostir og kostnaðarhagkvæmar lausnir

Ástæða fyrir vinsældum einingaanna er gríðarlegur styrkur í efninu, vistfræðilegi hlutinn og hagkvæmnin.

„Einingarnar koma tilsniðnar á byggingarstað sem gerir það að verkum að það er fljótlegt að reisa og loka húsinu.CLT timbureiningar styttir byggingartíma töluvert meðan ávallt er leitast við að viðhalda miklum gæðum," segir Ingólfur og heldur áfram.

Samsetning massífs timburs og hefðbundinna byggingarefna, svo sem steinsteypu, stál og gler, geta leitt til kostnaðarhagkvæmra lausna sem sameina kosti hefðbundinna efna.

Hagkvæmara en stál

Hlutfallslega lítil þyngd massífs viðar er mikill kostur, til dæmis, þegar við byggjum aðra hæð á eldri byggingar. CLT timbureiningar vinnur rökin hér vegna möguleika þess og sú staðreynd að álagið á byggingunni, vegna lítillar þyngdar, er ekki verulega aukið.

Í ljósi ástandsins í heiminum þá er orðið mun hagkvæmara að byggja úr límtré en stálgrind. */HKr.*

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VB HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Þórhallur Harðarson, framkvæmdastjóri fjármála og stoðsviða hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands, var ánægður með endingu rafhlöðunnar. Mynd / HSN

Græn skref hjá HSN við val á bílaleigubílum:

Ódýrara og betra fyrir umhverfið

Liður í því markmiði Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, HSN, að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er að horfa til grænna skrefa við val á bílaleigubílum.

Framkvæmdastjóri fjármála og stoðsviða átti á dögunum leið á Blönduós frá Akureyri, leiðin var ekin á rafmagnsbíl og náðist á einni hleðslu, auk þess sem 54 kílómetrar voru eftir af hleðslunni. Þegar komið var til Akureyrar var bíllinn settur í hleðslu og var bílstjóri ánægður með endingu á rafhlöðunni, þrátt fyrir mótvind og kulda á leiðinni.

„Það er ekki einungis umhverfislega hagstætt að velja rafmagnsbíl, heldur einnig rekstrarlega hagkvæmt þar sem kostnaður við dísel eða bensínbíl hefði verið 6.500 til 7.500 krónur meira," segir á vef HSN.

Orkuskipti í bílaflotanum

Heilbrigðisstofnun Norðurlands keypti í febrúar fyrsta 100% rafmagnsbílinn, hann er af gerðinni Volvo XC40, en fyrir á HSN alls 6 Outlander tengil-tvinnbíla. Þá er búið að panta Skoda smájeppa sem er 100% rafdrifinn og verður hann afhentur á komandi sumri. Kaup HSN á rafbílum eru hluti af orkuskiptum á bílaflota stofnunarinnar og liður í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

/MÞÞ

BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR

Búnaðarsamband Eyjafjarðar:

Ólíðandi viðskiptahættir og verðmæti fara í súginn

„Það eru ólíðandi viðskiptahættir að skila vöru sem runnin er út á tíma sem í mörgum tilfellum leiðir til þess að umtalsverð verðmæti fara í súginn," segir í ályktun sem samþykkt var á aðalfundi Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Hvatti fundurinn afurðastöðvar í landbúnaði og matvöruverslanir landsins til ábyrgrar innsetningar á vörum með það að markmiði að minnka matarsóun sem leiði til betri nýtingar.

Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar, segir að af og til berist af því fréttir að matvara lendi í ruslagámum þegar verslanir skili vöru sem komin er á síðasta söludag. Hann segir vitað að stóru verslanakeðjurnar skili og eða hendi talsverðu magni af matvælum og segir það furðu sæta að verslunin geti sett upp ákvæði um skilarétt – þ.e. að hún geti skilað vöru sem ekki selst og er að nálgast eða komin á síðasta söludag. Slíkt gildi ekki um vörur sem keyptar eru frá útlöndum.

Ríflega pantað inn til að sýna full kæliborð

Nefnir hann að í tilviki norðlenska matvælaframleiðandans Kjarnafæðis/Norðlenska sé vörum ekið á markað á höfuðborgarsvæðinu en verslanakeðjurnar geti svo losað sig við það sem ekki selst með því að hlaða þeim aftur á bíla og senda norður til förgunar. Þetta fyrirkomulag sé í raun galið. „Ástæða þess að verslunin skilar svo miklu magni af vöru er m.a. sú að oft og tíðum er pantað ríflega inn sem virðist hafa þann eina tilgang að geta sýnt fullar kistur og kæliborð. Við vitum af þessu til að mynda varðandi hangikjöt t.d. fyrir jólin, kæliborðin voru alltaf yfirfull, en eftir jól var rúllunum pakkað saman og þær sendar norður," segir Sigurgeir.

Hann bendir á að afurðastöðvar verði einnig að sjá til þess að afgreiðslumáti sé með þeim hætti að varan nýtist sem best og hvetur hann fjölmiðla til að veita fyrirtækjum aðhald í þessum efnum. */MÞÞ*

Ráðstefna á Selfossi:

Maturinn, jörðin og við

Ráðstefnan Maturinn, jörðin verður haldin á Hótel Selfossi dagana 7. og 8. apríl.

Markmið ráðstefnunnar er að hvetja til upplýstrar umræðu um áskoranir í matvælaframleiðslu með hliðsjón af loftslagsmálum, heilsusjónarmiðum og fleiri áhrifaþáttum á neyslu og lífsstíl fólks. Sjónum verður sérstaklega beint að áhrifum á samfélög, byggð og atvinnulíf í landinu og þeim tækifærum sem við stöndum frammi fyrir.

Ráðstefnan er haldin af félaginu Auður norðursins í samstarfi við Byggðastofnun og fleiri. Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra setur ráðstefnuna, en fjöldi áhugaverðra erinda verða á dagskrá.

/MÞÞ

LÍFSHÆTTIR & RANNSÓKNIR

Birgitta Lúðvíksdóttir og Þórður Sigurjónsson á Möðruvöllum 3 taka við verðlaunum fyrir afburðagóða sauðfjárrækt á liðnu ári. Birgir Arason, formaður BSE, veitir verðlaunin.

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar:

Ábúendur á Möðruvöllum hlutu sauðfjárræktarverðlaunin

Ábúendur á Möðruvöllum í Hörgárdal, bræðurnir Þórður og Sigmundur Sigurjónssynir, og eiginkonur þeirra, Birgitta Lúðvíksdóttir og Helga Steingrímsdóttir, hlutu sauðfjárræktarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar fyrir árið 2021. Verðlaunin voru afhent á aðalfundi BSE nýverið.

Eftir að búrekstri Möðruvalla ehf. var hætt á bænum tóku Þórður og Birgitta jörðina á leigu og keyptu íbúðarhús sem ber nafnið Möðruvellir 3, fluttu þangað og tóku til við að fjölga kindum og efla sauðfjárbúið. Sigmundur og Helga fluttu í Möðruvelli 4 og hafa rekið sauðfjárbúið þar síðan. Lengst af hafa ábúendur unnið við önnur störf með búskapnum og Þórður við störf hjá BSE og Bókvís ehf. um langt árabil og Birgitta einnig um skemmri tíma.

Þau öll sem standa að búrekstrinum hafa frá ásku lifað og hrærst í búskap eða störfum í kringum hann.

Frá upphafi hafa afurðir verið eins og best gerist og eru þau ávallt í hópi þeirra sem ná hvað bestum árangri þar. Að meðaltali síðastliðin 8 ár hafa verið um 35 kg eftir vetrarfóðraða á og fallþungi undanfarin ár milli 19 og 20 kg og frjósemi einnig til fyrirmyndar eftir 250-300 ær. Einkunn fyrir gerð er einnig afar góð og fór í rúmlega 11 fyrir tveimur árum.

Við uppgjör síðastliðins hausts voru 278 ær með 1,89 lömb til nytja með 19,3 kg fallþunga sem gerir 36,7 kg eftir hverja á. Þá skiluðu 36 gemlingar að jafnaði 18,1 kg af kjöti. Einkunn fyrir vöðva er 10,66 og fita 7,74 sem gerir hlutfall þar á milli 1,38. Á búinu voru 62 ær fleirlembdar. */MÞÞ*

Holl og fjölbreytt fæða er mikilvæg fyrir heilsu og vellíðan. Myndi/Odd Stefán

Niðurstöður landskönnunar um mataræði:

Fæstir fylgja ráðleggingum

– Íslendingar borða of lítið af grænmeti og ávöxtum og drekka minna af mjólk

Aðeins 2% landsmanna ná að uppfylla ráðleggingar um mataræði í heild miðað við niðurstöður landskönnunar sem Embætti landlæknis og Rannsóknarstofa í næringarfræði við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands framkvæmdu á árunum 2019–2021.

Holl og fjölbreytt fæða er mikilvæg fyrir heilsu og vellíðan manna, bæði til skemmri og lengri tíma. Embætti landlæknis hefur frá árinu 1990 fylgst reglulega með mataræði landsmanna með það að markmiði að leiðbeina bæði almenningi og stjórnvöldum um hvað megi bæta. Niðurstöður einnar slíkrar könnunar var gerð opinber á dögunum og var hún borin saman við niðurstöður könnunar frá árinu 2019.

Þar kemur í ljós að neysla ávaxta, mjólkur og trefjaefna minnkar. Inntaka kolvetna og viðbætts sykurs er á niðurleið en mettuð fita er enn of há miðað við ráðleggingar.

Samkvæmt niðurstöðunum stendur grænmetisneysla í stað og er að meðaltali 114 grömm á dag. Einungis 1% þátttakenda borðuðu meira en 250 grömm af grænmeti á dag eins og ráðlagt er.

Um 30% þátttakenda neyttu engra heilhveitikornvara þá daga sem rannsóknin fór fram. Ráðlagt er að borða um 70 grömm á dag.

Dregið hefur úr neyslu ávaxta og berja og er minna en 100 grömm á dag en ráðlagður dagskammtur er 250-300 grömm á dag. Hreinir safar eru þó undanskildir tölunum.

Íslendingar mættu borða meira af heilkornavörum á borð við heila hafra, bygg, rúg, heilhveiti og hýðishrísgrjón og skipta þeim út fyrir fínni vörur. Meðalneysla heilkorna er aðeins 56 grömm á dag en ráðlagt er að neyta 70 gramma á dag. Um 30% þátttakenda neyttu engra heilhveitikornvara þá daga sem neysla þeirra var skrásett. Könnunin leiddi einnig í ljós að fólk borðar tvöfalt meira af sætabrauði, kökum og kexi en af heilkornavörum, eða rúm 300 grömm á viku.

Minni mjólk en meiri ostur

Grænmetisréttir sem innihalda baunir, linsur, hnetur og fræ var á borðum hjá fjórðungi þátttakenda einu sinni í viku eða oftar. Meðalneysla af hnetum var um 5 grömm af dag en ráðlagt er að borða um 30 grömm á dag, eða það sem nemur hnefafylli.

Rúmlega þriðjungur þátttakenda sögðust borða 2-3 fiskmáltíðir á viku eins og ráðlagt er. Minna en 1% af konum í yngsta aldurshópnum (18–39 ára) fylgdu þeim ráðleggingum.

Neysla á rauðu kjöti er hins vegar umfram ráðlögð viðmið. Heildarkjötneysla fer þó minnkandi og er 581 gramm á viku. Ráðlagt er að fara ekki yfir 500 grömm á viku. Á sama tíma hefur neysla á alifuglakjöti aukist og er nú um 245 grömm á viku.

Rúm 30% þátttakenda innbyrða ráðlagðan dagskammt af mjólk og mjólkurvörum. Meðalmjólkurneysla hefur minnkað töluvert, úr 300 í 245 g á dag. Neysla á feitri mjólk hefur aukist á meðan fituminni mjólk er minna drukkin. Neysla á osti hefur aukist um 20% frá árinu 2019. Um 54% kvenna ná ekki ráðlögðum dagskammti af kalki gegnum fæðuflokkinn en hægt er að ná kalki úr öðrum vörum, t.d. með kalkbættri jurtamjólk.

Neysla á sykruðum gos- og svaladrykkjum er á niðurleið og minnkaði um 40% milli kannana. Ungir karlar drekka mest af þessum drykkjum, en 40% karla á aldrinum 18–39 drekka meira en lítra af sykruðum gosdrykkjum á viku. Sælgætisneysla og ísát stóð í stað frá fyrri könnun, en fram kom í máli Hólmfríðar Þorgeirsdóttur, verkefnastjóra hjá Embætti landlæknis, að vel þekkt sé vanmat þátttakenda á slíkri neyslu.

Of lítið af kolvetnum

Þegar horft er til þeirra næringarefna sem þátttakendurnir innbyrtu með matnum kom í ljós að meðaltal heildarorku voru 2.044 hitaeiningar á dag. Þar komu 18% úr próteinum, sem er ríflegt miðað við ráðleggingar. Neysla á fitu hefur aukist og er nú rétt yfir ráðleggingum, eða 41%, og telur þar sér í lagi aukning á mettuðum fitusýrum sem fóru úr fjórtán í sextán prósent milli kannana. Samkvæmt ráðleggingum ættu þær ekki að fara yfir 10%. Á meðan komu 37% úr kolvetnum sem er undir ráðleggingum og mun lægra hlutfall en í síðustu könnun. Í máli Jóhönnu Eyrúnar Torfadóttur kom fram að skýringin á því liggi í minnkandi neyslu trefjaefna og viðbætts sykurs.

Neysla flestra vítamína og steinefna náðu að meðaltali ráðlögðum dagskömmtum. Undantekningin er inntaka D-vítamíns en öllum er ráðlagt að taka auka D-vítamín sem bætiefni. */ghp*

VANDAMÁL Í ELDSNEYTI??
Dísel bætiefnið frá MOTUL eyðir öllum raka í eldsneytiskerfum, hreinsar spíssa og kemur því í veg fyrir sveppamyndun.
Það geta því sparast töluverðir fjármunir með því að nota MOTUL DIESEL SYSTEM CLEAN

MOTUL Á ÍSLANDI WWW.MOTULISLAND.IS SÍMI 462-4600

Hákon B. Harðarson á Svertingsstöðum 2 í Eyjafjarðarsveit tekur við nautgriparæktarverðlaunum BSE fyrir árið 2021 úr hendi Birgis Arasonar, formanns sambandsins.

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar:

Bændur á Svertingsstöðum fá nautgriparæktarverðlaun

Hákon B. Harðarson og Þorbjörg H. Konráðsdóttir á Svertingsstöðum 2 í Eyjafjarðarsveit hlutu nautgriparæktarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar fyrir árið 2021.

Þau tóku við búskap á Svertingsstöðum 2 árið 2015 af foreldrum Hákonar. Hann er 4. ættliður sem er með búskap á Svertingsstöðum, en Tryggvi Jónsson og Ágústína Gunnarsdóttir, langafi og -amma Hákonar, keyptu Svertingsstaði 1921.

Á Svertingsstöðum hefur alla tíð verið rekinn blandaður búskapur þótt mjólkurframleiðslan sé nú aðalbúgrein búsins og hefur mikið verið lagt upp úr góðu skýrsluhaldi og skipulögðu ræktunarstarfi í nautgriparæktinni allt frá upphafi skýrsluhalds í nautgriparækt. Nautgriparækt á Svertingsstöðum á því langa sögu.

Búið hefur verið virkt í ræktunarstarfinu með notkun sæðinga og með því að senda nautkálfa á nautastöð. Í ræktunarstarfinu hefur áherslan verið lögð á að rækta afurðasamar og endingargóðar kýr sem henta til mjólkurframleiðslu við nútímaaðstæður. Nú er í notkun reynt naut frá Svertingsstöðum, Álmur 16007, en þetta nafn bar einnig fyrsta nautið sem fór á nautastöð frá búinu 40 árum áður en það var Álmur 76003.

Aðalsmerki þess nauts var einmitt góð ending og afurðasemi. Nú eru 3 nautkálfar í uppeldi á Nautastöð Bændasamtaka Íslands frá Svertingsstöðum, en alls hafa þau Hákon og Þorbjörg sent 11 naut á nautastöðina síðan þau tóku við 2015.

Oft í hópi afurðahæstu búa landsins

Svertingsstaðir hafa síðustu ár oft verið í hópi afurðahæstu búa landsins og var í hópi fyrstu búa landsins sem náðu meira en 6000 kg/árskú en það var afurðahæsta bú Eyjafjarðar ári ð1997, þá með 16, 9 árskýr.

Búið hefur stækkað jafnt og þétt síðan þá. Árið 2007 var nýtt 84 básа fjós með mjaltaþjón tekið í notkun á Svertingsstöðum.

Fyrsta búskaparár Hákonar og Þorbjargar var meðalnyt á búinu 6.405 kg á árskú. Í ágúst 2020 náðu kýrnar á Svertingsstöðum fyrst að rjúfa 8000 kg múrinn og í árslok það ár var búið níunda afurðahæsta bú landsins í hópi 14 búa sem voru með afurðir yfir 8000 kg/árskúkú.

Búið var árið 2021 fimmta afurðahæsta bú landsins með 61,7 árskú og 8.337 kg/árskú þar sem fituprósenta var 4,16 og próteinprósenta 3,5. Afurðaaukning frá því að Hákon og Þorbjörg tóku við búskap í ársbyrjun 2015 er því rúmlega 1900 kg/árskú.

Ræktunarstig á búinu er hátt. Nú í lok febrúar voru 63 kýr í mjólkurframleiðslu og í þeim hópi eru 14 nautsmæður. Af 42 kvígum í uppeldi eru 13 flaggaðar sem efnilegar kvígur. Meðal kynbótagildi hjarðarinnar í heild er 104,6, eða rúmlega 4 kynbótastigum yfir meðaltali. */MÞÞ*

HECHT 5166 Rafmagnshlaupahjól
20km drægni, hámarkshraði 25km ber allt að 100kg og vegur 10,8 kg. 8"dekk. Tilboðsverð 41.000

HECHT SENTINEL viðarkolagrill
Grillið er hægt að nota bæði til að reykja og grilla allan mat. Verð 49.900

HECHT COCIS BLACK rafmagnsbifhjól götuskráð fyrir 15ára og eldri, fer allt að 60 km á hleðslu. Hámarkshraði 45km.
Verð 249.000

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

Kæli- og frystiklefar í öllum stærðum og gerðum

Margar gerðir af vélbúnaði fyrir kæli- og frystiklefa

Mikið úrval af hillum

Kælitækni er leiðandi í sölu og uppsetningu á kerfum með náttúrlegum kælimiðlum

Kælitækni
Járnháls 2 - 110 Reykjavík
Sími 440 - 1800
www.kaelitaekni.is

McHale
GÆÐI | STYRKUR | ENDING

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA

Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Lely Center Ísland

KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

UTAN ÚR HEIMI

Borgin Iquique í norðurhluta Chile á strandsléttu meðfram jaðri Atacama-eyðimerkurinnar. Útsýni frá Alto Hospicio-borg. Mynd / Wikipedia

Önnur og dekkri hlið sömu eyðimerkur. Mynd / frá myndbandi

Atacama eyðimörk Chile:

Hraðtískukirkjugarður eyðimerkurinnar

Endursölumarkaður á notuðum fatnaði í bland við framleiðslu hraðtísku hefur aukist gífurlega á síðastliðnum árum og segja spámenn vefsíðunnar thredup.com að markaður endursölu muni tvöfaldast á næstu fimm árum.

Hingað til lands eru í dag um það bil 5000 tonn af notuðum fatnaði flutt inn árlega, en einnig hafa landsmenn verið duglegir við að panta ódýran tískufatnað yfir netið. Þótt margir vilji halda að með slíkum kaupum sé bæði verið að gera náttúrunni og pyngjunni greiða, þá er slíkt ekki alltaf raunin og fleiri mættu vera meðvitaðri um.

Í Atacama-eyðimörk Chile má nú, því miður, sjá hauga fatnaðar sem fluttur hefur verið inn til landsins frá Asíu, Evrópu og Bandaríkjunum en margir vilja meina að mikil neysluhyggja ríki í þessu ríkasta landi Suður Ameríku. Ástæða innflutningsins er auðvitað sú að áætlað hafði verið að selja fatnaðinn, svokallaðan „second hand“ – eða þegar notaðan – bæði í Chile og í öðrum ríkjum Suður-Ameríku, en eftirspurnin því miður ekki haldist í hendur við innflutninginn.

Telja yfirvöld Chile að árlega endi þúsundir tonna af innfluttum fatnaði á landsvæði eyðimerkurinnar og má nærri geta að hafi skelfilegar afleiðingar fyrir umhverfið og nærsamfélagið í heild.

Lely Center Ísland
ZETOR VARAHLUTIR

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Koltvísýringseitruð paradís ferðamannsins

Hafnarborgin Iquique er 1.800 km norður frá höfuðborg Chile, við sjóinn á jaðri Atacama eyðimerkurinnar. Þangað eru flutt í kringum 60 þúsund tonn af fatnaði ár hvert, en vel yfir helmingur innflutningsins, tæp 40.000 tonn, endar sem uppfylling landsvæða í nærliggjandi bæjum.

Ein stærsta landfylling veraldar er í hundrað þúsund íbúa nærliggjandi bænum Alto Hospicio, en borgarstjóri hans, Patricio Ferreira, segir að honum reiknist til að einungis séu um 15% seld af innfluttum fatnaði á meðan 85% endar sem ólöglegur úrgangur. Líftími úrgangs á borð við fatnað getur verið allt að 200 ár – auk þess sem við niðurbrot komast óæskileg efni, til dæmis úr gerviefnum á borð við pólýester, í jarðveginn.

Vegna þess hve lítið er um lausnir til að taka á málunum hafa haugar fatnaðar gjarnan verið brenndir, og valdið þá mikilli sótmengun í kjölfarið, samkvæmt yfirmönnum umhverfismála á staðnum, en um ræðir mikið eldhaf á hverju ári.

Vonast er til að lát verði á þeirri mengun sem fataiðnaðurinn stendur fyrir.

Nokkuð er um að fólk búi í návígi við þennan kirkjugarð hraðtískunnar, og andar þá að sér hættulegum lofttegundum er myndast bæði við brennslu gerviefna auk þess að verða fyrir skaða af völdum elds vegna almennrar reykeitrunar.

Skaði af völdum reyks kemur til með ertingu í öndunarvegi vegna sóts og eitrunar af völdum kolmonoxíð, eða lofttegunda eins og blásýru, og nærri má geta að slíkt er ekki gefandi til lengdar.

Erfitt að finna afdráttarlausa lausn

Af ríkjum Suður-Ameríku flytur Chile inn hvað mest af notuðum fatnaði, en magn hans hefur aukist gríðarlega síðastliðna áratugi vegna þess hve hraðtíska svokölluð hefur náð mikilli fótfestu víðs vegar um heiminn.

Hagsmuna er þó að gæta á báða bóga, bæði fataframleiðenda og svo þeirra er búa við mengun hraðtískukirkjugarðanna. Þess má geta að fatnað má finna í miklum mæli á urðunarstöðum úti um allan heim, en erfitt er að finna afdráttarlausa lausn sem hægt er að laga að aðstæðum beggja hópa. Þeir sem standa að innflutningi þurfa að vera meðvitaðir er kemur að umhverfisáhrifunum – þeir sem flytja inn fötin ættu að gæta þess að velja færri og vandaðri flíkur, og þeir sem selja þau inn í landið sömuleiðis.

Framleiðendur hraðtísku þyrftu svo að hafa hug á því að framleiðslan fari ekki gjörsamlega fram úr eftirspurn eins og hefur því miður afar oft verið raunin.

Í Chile voru nú nýverið sett lög sem gera innflytjendur fatnaðar ábyrga fyrir úrgangi af völdum eigin innflutnings, en með þeim er vonast til þess að lát verði á mengun eins og nú á sér stað.

Eins og staðan er núna má þó gera sér í hugarlund að ekki séu nægileg úrræði í boði til þess að hægt sé að hafa yfirsýn yfir mengun úrgangs.

Ólöglegur flutningur fatnaðar á leynilega sorphauga eru víðar en mætti ætla og eykst frekar í fatahrúgurnar heldur en hitt – á meðan verið er að leita lausna. */SP*

Skiptar skoðanir eru á því hvort kenna eigi þeim sem töglin hafa og hagldirnar í fataiðnaði um þörfina fyrir hraðtísku eða því viðhorfi margra sem hvað mest áberandi eru á samfélagsmiðlum um að klæðast helst engu tvisvar. Áreiti slíkra miðla gagnvart neytendum eykst ár hvert, bæði duldar og ekki.

Framtíðarstörf og sumarafleysing
LELY

Við leitum að 2 starfsmönnum í framtíðarstörf til að bæta við í Lely teymið góða og 1 starfsmann í afleysingar í sumar

Framtíðarstörf

Sölumaður í verslun okkar í Reykjavík
- Bakgrunnur í landbúnaði/sveit - nauðsynlegur
- Grunnþekking á vélum og varahlutum - nauðsynleg
- Enskukunnátta - nauðsynleg
- Góð tölvukunnátta og internetnotkun - mikill kostur
- Vinnutími er frá 8-17 mánudaga til fimmtudaga og 8-16 á föstudögum

Lely þjónustumaður á Norðurlandi, 50-100% starf
- Við bætum við Lely þjónustumanni nr. 7 vegna mikillar sölu á Lely tækjum
- Við leitum hér að tæknimenntuðum starfsmanni: rafvirkja, bifvélavirkja, rafeindavirkja (margskonar grunnar sem henta vel í þetta starf)
- Enskukunnátta - nauðsynleg
- Bakgrunnur í landbúnaði - nauðsynlegur
- Vinnutími 8-17 mánudaga til föstudaga, í 100% starfi

Sumarafleysingarstarf

Starfsmaður í sumarafleysingar í bókhaldi, tolla- og innflutningsmálum í Reykjavík
- Tímabil lágmark í júní og júlí (gæti byrjað um 15. maí og verið til 15. ágúst)
- Skrifstofustarf við mismunandi verkefni yfir sumarið, mikil fjölbreytni
- Góð þekking á Excel - nauðsynleg
- Þekking á bókhaldskerfum, Axapta eða Navision - mjög mikill kostur

Áhugasamir sendi ferilskrá á Stefán Braga Bjarnason, framkvæmdarstjóra - stefan@lci.is
En einnig er hægt að fá frekari upplýsingar um störfin með því að senda spurningar á sama netfang.

Salernisvenjur nashyrninga:

Mykjuhaugar nýttir sem samfélagsnet

Fyrir áhugasama. Við rannsóknir er gerðar voru á salernisvenjum nashyrninga komust líffræðingar að þeirri niðurstöðu að ástæða þess að nashyrningar snúi aftur á sama stað til að gera þarfir sínar dag hvern, sé vegna þess að ilmurinn frá mykju annarra nashyrninga veiti þeim mikilvægar upplýsingar.

Efnafræðilegar vísbendingar í saurnum innihaldi margvísleg gögn, sem tengjast aldri, kyni, almennri heilsu og æxlunarstöðu.

Einn yfirmanna rannsóknarinnar og doktor í vistfræði, Courtney Marneweck frá háskólanum í KwaZulu-Natal í Suður-Afríku, útskýrði þetta fyrir National Geographic: „Við mannfólkið lítum á mykju sem úrgangsefni, en það er í raun góð leið fyrir dýr til að hafa samskipti. Í því sem við köllum úrgang er fullt af upplýsingum sem við kunnum ekki að nýta okkur en má í raun segja að nashyrningar noti mykjuhrúgur sem samfélagsnet.“ „Það er þó ekki óvanalegt þegar kemur að dýrum, öll þekkjum við þann ávana hunda að þefa af stöðum sem aðrir hafa gert þarfir sínar á. Svipað á sér stað og hefur verið rannsakað í stórum hópum apa, kanína og gasella, en fjölmörg dýr geta greint efni í þvagi og saur og nýtt sér það til þess að vita hvað er að gerast hjá öðrum af sömu tegund.“

Árið 2017 var þetta þó fyrst staðfest hvað viðkom nashyrningum. Þótt það þyki einsdæmi að þeir fari alltaf á sama stað til að gera þarfir sínar er það þó ef til vill ekki jafn óvanalegt og ætla mætti, enda hafa nashyrningar og ættfeður þeirra alla tíð verið einstaklega vanaföst dýr. Jafnvel þrjóskast við að halda sínum venjum þótt það bitni á stærð stofns þeirra.

Courtney Marneweck tekur fram að hvorki hafi verið erfitt að finna mykjuhaugana né svæðið sem dýrin halda sig almennt á, en troðinn stíg má vanalega finna frá aðalsamkomusvæði þeirra að svæði sem gegnir hlutverki salernisstöðu. Að auki sjást haugarnir í langri fjarlægð, en eðlilegt er að hver nashyrningur losi sig við í kringum 20 kg daglega. Lyktin þykir þó ekkert tiltökumál, því fæði þeirra einskorðast í raun við þurrt gras.

Teymi Marneweck greindi meðal annars efnasamsetningu mykjunnar og komst að því að munur var á efnasamsetningu hennar, er kom að aldri, kyni og stöðu hvers og eins dýrs í hópnum. Mikilvægt er meðal dýranna að allir meðlimir hópsins séu meðvitaðir um hvað sé á döfinni, enda minnkar það verulega þörf þeirra á valdabaráttu.

Mykjuhaugarnir eru líka mikilvægir þegar kemur að samskiptum við aðra flokka af sömu tegund, en margir haugar sitja til dæmis við jaðar yfirráðasvæða hópa og hjálpa til við að styrkja mörk þeirra.

Þetta er mörgum nashyrningum til hugarhægðar enda afar nærsýnir og lyktarskynið eitt helsta leiðsögutæki þeirra í lífinu. */SP*



SAGA MATAR & DRYKKJA

Drykkur með slæma samvisku

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Romm er brennt vín unnið úr gerjuðum melassa og sykurreyrssafa. Drykkurinn er upprunninn á eyju austast í Karíbahafi og nátengdur þrælaverslun og þrælahaldi. Flestar tegundir af rommi eru framleiddar á eyjum í Karíbahafi og í Mið-Ameríku. Romm var um tíma viðurkennt sem gjaldmiðill á pari við gull.

Heimildir um áfengan drykk sem unninn er úr safa sykurreyr þekkjast allt frá sjöundu öld fyrir Krist. Náttúruleg heimkynni sykurreyrs eru í hitabelti Suður- og Suðaustur-Asíu. Ættkvíslarheiti plöntunnar á latnesku er Saccharum og þrjár tegundir eru algengastar, S. barberi, sem er upprunnin á Indlandi eða Kína og S. edule og S. officinarum, sem báðar koma frá Nýju-Gíneu.

Sykurreyr og sykurreyrssafi

Samkvæmt indverskum Ayurveda-lækningum frá sjöundu öld fyrir upphaf vestræns tímatals var hollt að drekka gerjaðan sykurreyrssafa í félagsskap vina. Sami drykkur undir heitinu shidhu er síðar nefndur í fornu riti á sanskrít.

Á sjöttu öld fyrir Krist hófst verslun, í smáum stíl, með sykurreyr og sykur úr reyr frá Indlandi um Persíu til Grikklands. Í fyrstu var sykurreyr hjúpaður talsverðri leynd og talið að stönglar plöntunnar framleiddu hunang án býflugna, enda var hunang eina þekkta sætuefnið í Evrópu á þeim tíma. Sykur var kallað hvítt salt og salt frá Indlandi. Verð á sykri var gríðarhátt í fyrstu og reyndar allt fram á 18. öld og ekki á færi nema aðalsmanna og ríkra að neyta þess.

Sagt er að Pétur I af Kýpur hafi fært fulltrúum þjóðhöfðingja Evrópu á Kraká-þinginu árið 1364 flöskur af rommi sem gjöf, en tilgangur þingsins mun hafa verið að ræða trúarleg áhrif múslima í Evrópu. Samkvæmt þessu má ætla að sykurreyr hafi verið ræktaður á Kýpur á fjórtándu öld, að verslað hafi verið með drykki gerjaða úr sykurreyr á Kýpur eða að um allt öðruvísi drykk hafi verið að ræða sem var kallaður romm.

Malay-fólk á eyjunum Súmötru, Borneó og á Malasíuskaga hefur í tugi alda gerjað áfengan drykk sem það kallar brum úr safa sykurreyrs. Landkönnuðurinn Markó Póló segir í ferðabók sinni frá 14. öld að hann hafi smakkað áfengi sem gert var úr sykurreyr þar sem í dag er Íran.

Í Tékklandi og Slóveníu er búið til rommlíkt áfengi úr sykurrófum sem kallast tuzemak. Sykurreyr var ein af fyrstu plöntunum sem Evrópumenn fluttu með sér til eyja Karíbahafs eftir landafundina í vestri. Eftir að ræktun á sykurreyr barst til Nýja heimsins ók framleiðsla sykurs hratt og verð á honum lækkaði.

Þrátt fyrir það urðu plantekru-eigendur á eyjum eins og Barbados, svokallaðir sykurbarónar, fljótlega með ríkustu mönnum í heimi, enda margir hverjir með illræmdustu þrælahöldurum sem sögur fara af.

Romm tengdist snemma sjómennsku og sjóræningjum.

Rytmi þræla

Sagan segir að rytminn í söng þrælanna á sykurökrunum hafi verið mun ákafari og hraðari en þeirra sem strituðu við bómull og tóbaksrækt. Auk þess sem líftími sykurþrælanna var mun styttri en við annars konar plantekruþrældóm.

Gerjaður safi úr sykurreyr

Melassi er hliðar- og afgangsafurð sem fæst við vinnslu á sykri úr sykurreyr og safa plöntunnar.

Þrælar frá Afríku á eyjum Karíbahafsins, nánar tiltekið á eyjunni Nevis, uppgötvuðu á 17. öld að hægt var að gerja sterkt áfengi úr melassa. Um drykkinn var sagt í bréfi frá 1620 að hann væri rótsterkur og hryllilegur á bragðið.

Nafnaspeki

Ekki er vitað fyrir víst hver er uppruni heitisins rum eða romm eins og drykkurinn kallast á íslensku og nokkrar getgátur á lofti.

Ein kenningin og sú sem talin er líklegust tengir heitið við „rumlullion“ eða „rumbustion“, fyrra orðið var heiti á drykk sem gerður var úr soðnum sykurreyrsstönglum en hitt táknar óróa eða læti.

Heitið rum var almennt komið í notkun um 1650 sem heiti á áfengum drykkjum frá eyjum í Karíbahafi og ekki síst Barbados.

Auk þess sem drykkurinn gekk undir gælunöfnum eins og blóð Nelsons lávarðar, djöflabani, djöflavatn, sjóræningjavatn og Barbadosvatn.

Romm er stundum kallað blóð Nelsons lávarðar og flotaforingja, en ekki er allt sem sýnist um tilkomu nafnsins.

Blóð Nelsons lávarðar

Nelson lávarður, flotaforingi og þjóðhetja Breta, lést skömmu eftir að hann sigraði Spánverja og Frakka í sjóorrustu 1805, sem kennd er við Trafalgar. Eftir dauða hans var skrokknum komið fyrir í tunnu og tunnan fyllt af rommi til að marinera og varðveita líkið sem skyldi jarðað á Englandi. Við heimkomuna kom í ljós að rommpækillinn var horfinn úr tunnunni og við nánari eftirgrennslan kom í ljós að áhöfnin á skipinu sem flutti hetjuna heim hafði borað gat á tunnuna og drukkið rommið.

Gjaldmiðill á pari við gull

Eiming á rommi úr sykurreyr hófst í Boston í Massachusetts-ríki í Norður-Ameríku árið 1664. Framleiðsla á

Rommi helt niður á bannárunum í Bandaríkjunum.

Rommi var oft smyglað með því að fleyta rommtunnum í land. Á myndinni má sjá eina slíka sendingu sem laganna verðir hafa komist yfir og eru í óða önn að hella niður.

William Bligh, landstjóri í Ástralíu, handtekinn í romm-uppreisninni árið 1808.

Saga romms og þrælahalds er nátengd.

Sykurreyr er fjölær grastegund sem nær allt að sex metra hæð.

rommi hófst skömmu síðar í New-England og fljótlega varð romm helsta og ábatasamasta útflutningsvara ríkisins. Áætlað er að hver einasti landnemi, menn, konur og börn, hafi drukkið að meðaltali 14 lítra af rommi á ári til ársins 1775, eða þar til stríðið um sjálfstæði Bandaríkjanna hófst.

Sagt er að fyrsta forseta Bandaríkjanna, Georg Washington, hafi þótt romm gott og að hann hafi látið flytja tunnu af drykknum frá Barbados til að fagna innsetningu sinni í embættið árið 1789.

Romm átti eftir að leika talsvert hlutverk í pólitík Bandaríkjanna og ekki var óalgengt að frambjóðendur öfluðu sér fylgis kjósenda með því að bjóða þeim romm á kjörstað. Upplit frambjóðenda var oft lágt þegar leið á kosningarnar þar sem ætlast var til að þeir skáluðu við og drykkju staup með hverjum kjósanda til að sýna að frambjóðandinn væri maður fólksins.

Vinsældir romms frá Nýja Englandi voru svo miklar í Evrópu um tíma að það var viðurkennt sem gjaldmiðill á pari við gull, þrátt fyrir að í Gamla heiminum væri litið svo á að besta rommið kæmi frá Barbados.

Romm, skreið og þrælar

Romm varð snemma ein þeirra vara sem voru hluti af verslunarþríhyrningi, Trafalgar-þríhyrningnum, sem lá frá Evrópu til Afríku og þaðan til Nýja heimsins og svo aftur til Evrópu. Sykur og romm var flutt frá Mið-Ameríku til Evrópu og selt þar. Gróðinn af romm- og sykursölunni var notaður til að kaupa byssur, salt, vefnaðarvöru í Evrópu og skreið frá Íslandi, sem voru eftirsóttar vörur í Vestur-Afríku og seldar þar. Í Vestur-Afríku voru keyptir þrælar sem fluttir voru vestur um haf og seldir sykur- og bómullarplantekrueigendum þar.

Og romm og sykur aftur keypt og flutt til Evrópu.

Sjóræningjaromm

Romm tengdist snemma sjómennsku og ekki síst sjóræningjum eða skipstjórum og áhöfnum þeirra sem höfðu einkaframtakið að leiðarljósi, eins og lýst er í Gulleyjunni eftir Robert Louis Stevenson.

Bretar hernámu Jamaíka árið 1655 og komust yfir rommframleiðslu eyjarinnar og í framhaldi af því breyttu þeir daglegum áfengisskammti sjómanna í sjóhernum úr frönsku brennivíni í romm.

Litið var svo á að daglegur skammtur, sirka einfaldur, af sterku áfengi væri góður fyrir heilsuna og bætti móralinn og viðhélst siðurinn, sem kallaðist totty, hjá breska sjóhernum til 1970. Reyndar er það svo að í dag getur breska drottningin og ákveðnir meðlimir konungsfjölskyldunnar gefið leyfi til að veita áhöfn herskipa áfengi við sérstök tækifæri.

Lagið „Rum and Coca Cola“ með Andrews-systrum var um tíma bannað í spilun hjá mörgum útvarpsstöðvum í Bandaríkjunum.

Romm og fanganýlendan Ástralía

Áfengi og ekki síst romm gegndi ríku hlutverki í fanganýlendum Breta í Ástralíu og var það veitt í miklu magni, þrátt fyrir að áfengi væri bannað, til að sljóvga fanga og fá þá til að sætta sig við skítleg örlög sín og ömurlegar aðstæður. Nýlendurnar fengu snemma á sig orð fyrir mikla drykkju og alkóhólisminn slíkur að fangar unnu þrælaverk eingöngu romm þar til þeir drápust.

Opinberlega var bannað að flytja romm til Ástralíu en lítið var fyrir því haft að stoppa innflutning þess og á sama tíma var því smyglað í ómældu magni. Mest af rommi var flutt frá Indlandi til fanganýlendnanna og árið 1817 er sagt að tvö af hverjum þremur skipum sem sigldu frá Indlandi til Ástralíu hafi flutt Bengalromm. Iðulega var tunnum með rommi fleytt í land áður en skipin sigldu til hafnar.

Þegar William Bligh tók við sem landstjóri í Ástralíu árið 1808 var eitt hans fyrsta verk að koma höndum yfir og stöðva innflutning og smygl á rommi og öðru áfengi til nýlendunnar. Viðleitni hans tókst ekki betur en svo að herinn gerði uppreisn og stjórnaði nýlendunum í tvö ár þar til nýr landstjóri var settur. Uppreisnin er sú eina í sögu Ástralíu og kallast rommuppreisnin.

Romm í Vasaskipinu

Tinflaska með rommi fannst við fornleifarannsókn um borð í Vasa, sænska herskipinu, sem sökk um 1,3 kílómetra frá landi í jómfrúarsiglingu sinni árið 1628.

Framleiðsla

Gæði romms eru breytileg eftir yrkjum, jarðvegi og veðurfari á ræktunarstaðnum.

Við uppskeru er reynt að skera sykurreyrinn eins nálægt rótinni og mögulegt er þar sem sykurinnihald stöngulsins er mest við rótarhálsinn. Að innihaldi er stöngullinn um 70% vatn, 15% sykur og 15% trefjar. Við vinnslu eru stönglarnir skornir í ræmur og plöntusafinn pressaður eða valsaður úr þeim. Því næst er safinn eimaður og eftir verður sykur og melassi.

Fyrir gerjun er geri bætt við melassann til að örva niðurbrot hans og hvernig niðurbrotið fer fram ræður bragði rommsins. Niðurbrot í ljósu rommi er hraðara en í dökku og bragðsterkara rommi. Æskilegt er að romm sé látið eldast, helst í eikartunnum eða ståltönkum, í að minnsta kosti eitt ár fyrir neyslu. Romm sem geymt er í stáli helst glært en sé það geymt í eikartunnu dekkist það. Romm er yfirleitt bragðbætt með karamellu, negul eða öðru kryddi áður en það er sett á markað.

Um eimingu og framleiðslu á rommi gilda nánast engar reglur nema að það er unnið úr sykurreyr og drykkurinn því mjög ólíkur milli framleiðenda, framleiðsluhefða og framleiðslusvæða. Í grófum dráttum er romm með 45% styrkleika og flokkað sem ljóst, silfrað eða hvítt og dökkt, svart, brúnt, rautt eða gullið. Kryddað romm, romm sem er allt að 80% af styrkleika og sérframleitt romm.

Neysla

Auk þess að vera drukkið af stút eða blandað með kóladrykkjum er ljóst romm mikið notað sem íblöndun í hanastélsdrykki en dökkt drukkið óblandað með klaka. Dæmi um vinsæla kokteildrykki með rommi eru mai tai, pina kolada, Kúba libra og mohító.

Gæði romms eru breytileg eftir yrkjum sykurreyrs, jarðvegi og veðurfari á ræktunarstaðnum.

Romm er einnig notað við bakstur, matar- og sælgætisgerð, eins og til dæmis í súkkulaðirommkúlur, rommrúsínur og rommbúðing.

„Working for the yankee dollar“

Eitt af vinsælli lögum Andrews-systra var „Rum and Coca Cola“. Þrátt fyrir sakleysislegt yfirbragð þótti texti lagsins varhugaverður og lagið víða bannað í útvarpsspilun í Bandaríkjunum.

Ástæða bannsins var að textinn var sagður gefa í skyn að konur, dökkar á hörund, mæður og dætur, á Trínidad seldu bandarískum hermönnum blíðu sína, eða eins og segir í textanum, „working for the yankee dollar“. Opinberlega var bannið sagt vera vegna þess að með því að nefna Coca Cola í textanum væri um óbeina auglýsingu að ræða.

Í íslenskum texta við lagið, eftir Jónas Friðrik Guðnason í flutningi Ríó tríósins, segir aftur á móti:

> Íslendinga æðsta þrá
> er að hlaupast kulda frá
> út í suðræn sólarlönd
> og setjast að á hlýrri
> strönd.
> Súpa romm og Kóka kóla,
> kætast og spangóla,
> hörund sitt hraðsteikja.
> Heilsufarið stöðugt veikja.

Romm á Íslandi

Í Skírni frá 1836 segir að í Suðurhafsálfu hafi trúboðar miklar áhyggjur af því að innfæddir verði miklir rommsvelgir fari þeir að rækta „sykurvið“ og búa til romm úr honum.

Samkvæmt Skýrslu um landshagi á Íslandi árið 1858 voru fluttir til landsins 297002 pottar af vínföngum árið 1857 og er þar átt við vín, brennivín, romm og punsextrakt.

Sanntrúaðir rommdrykkjumenn eru fastheldnir á sína tegund en þeir eru ekki endilega á sama máli um hvaðan besta rommið kemur og margir drekka bara eina gerð og lifa eftir mottóinu romm er sú taug. Aðrir eru nýjungagjarnir og vilja smakka sem flestar tegundir.

Á heimasíðu Vínbúðar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er fjöldi rommtegunda í boði, bæði sem fastavara í versluninni eða þá með sérpöntun.

Um eimingu og framleiðslu á rommi gilda nánast engar reglur nema að það er unnið úr sykurreyr og drykkurinn því mjög ólíkur milli framleiðenda, framleiðsluhefða og framleiðslusvæða.

SAGA & MENNING

Sögubrot um búfræðslu 6:

Sérstæða kennslubókin



Búfjárfræði Gunnars Bjarnasonar frá 1966.

Bókakostur til búnaðarkennslu á hundrað og fjörutíu ára skeiði hennar hérlendis hefur verið margvíslegur. Í fyrstu fáeinar bækur á dönsku eða öðrum Norðurlandamálum, en mest af efni þó handskrifað eftir framsögu kennara. Síðan rann upp tími fjölritaranna, „hektografs“, spritt- og þá stensilfjölrita af vaxandi gæðum.

Mikil framför þótti að geta fjölfaldað námsefnið, handskrifað en síðar vélritað, og nemendur undu glaðir við munaðinn allt fram á tíma litgefandi ljósritunarvéla. Pappír var frumefni kennslubókanna til skamms tíma. Rafbókin tekur nú við í vaxandi mæli.

Ein er sú íslensk kennslubók í búnaðarfræðum sem skrifarinn telur öðrum athyglisverðari. Það er Búfjárfræði Gunnars Bjarnasonar sem út kom haustið 1966. Sem kennari á Hvanneyri hafði Gunnar á sjötta áratugnum tekið saman efni sem fjölritað var sem kennsluefni um greinina. Nú hafði honum gefist næði til þess að skrifa handrit að heildstæðri kennslubók um búfjárrækt.

Hann hafði ætlað að fá fleiri höfunda að verkinu, t.d. sérfróða um nautgripa- og sauðfjárrækt, en það tókst ekki þá.

Í formála bókarinnar getur Gunnar þess enn fremur að treglega hafi gengið að fá útgefanda að verkinu.

Gunnar Bjarnason, kennari og ráðunautur.

En svo kom Bókaforlag Odds Björnssonar á Akureyri sem óskaði eftir því að heiðra Bændaskólann á Hvanneyri 75 ára (1964) með því að gefa verkið út. Þáðu höfundur og Bændaskólinn það með þökkum.

Þar sem frumleiki höfundarins og fagmennska forlagsins komu saman í eitt varð til afar sérstæð kennslubók: Sjö hundruð síður í lausblaðamöppu, sem klædd var þykku plasti. Bókverkið hefði því mátt fara með til nota bæði úti í fjósi og hesthúsi. Útgáfu bókarinnar var getið sem viðburðar í dagblöðum haustið 1966, þar sem sagði m.a.:



„Kosti þessarar bókargerðar telur forlagið einkum þessa: Auðvelt að bæta nýju efni í bókina eða skipta um blöð, og einnig getur hver eigandi bókarinnar sem er, bætt hana eigin blöðum, t.d. vélrituðum eða skrifuðum, með upplýsingum er hann telur sér gagn að og aflar sér annars staðar. Þannig getur lesandinn sjálfur tekið þátt í samningu bókarinnar og miðað hana að nokkru við eigin þarfir og sérsvið í búfræði, og einnig er unnt að setja í hana ýmsar skýrslur og gögn er varða bú bóndans sjálfs og þannig geymir hún um leið niðurstöður af persónulegri reynslu hans.“

Í öðru blaði sagði: „Það vakti athygli á pósthúsinu á Akureyri að þegar bókin var send [600] áskrifendum var það stærsta póstsending, sem komið hafði frá einum aðila á pósthúsið á Akureyri, en þyngd sendingarinnar var eitt og hálft tonn.“ Bókin var engin léttavara.

Hún var í sama blaði kölluð „frumleg og glæsileg“. Umfjölluninni lauk svo:

„Ekki er nokkur vafi á því að hér er brotið blað í útgáfu kennslubóka, en þær úreldast, sem kunnugt er, þó ekki að öllu og ónauðsynlegt að prenta þær alveg upp. Séu þær í lausblaðabroti sem þessi, er jafnan hægt að láta þær fylgja kröfum tímans. Margar fallegar litmyndir eru í bókinni.“

Gunnar Bjarnason lagði afar mikið verk í þessa bók, sem notuð var til kennslu á Hvanneyri um nokkurt árabil. Það fór hins vegar svo að enginn hinna sérfróðu búnaðarmanna varð við hugmyndum hans og áskorunum um að endurnýja efni bókarinnar og auka við hana. Sjálfsagt réði nokkru þar um að Gunnar hafði ekki alltaf strokið þeim öllum meðhæris í samræðum daganna. „Ótrúlega fátt og magurt hefir þó verið skrifað um Búfjárfræði Gunnars“ . . . sagði líka í grein Árna G. Eylands, þremur árum eftir útgáfu bókarinnar.

Nú hefur gróið yfir þessa kennslubók – stórvirki Gunnar Bjarnasonar sem Forlag Odds Björnssonar gaf út af metnaði sínum og alúð. Kennslubókin var athyglisverð tilraun til nýbreytni í miðlun þekkingar á tímum hraðra framfara í miðlunartækni og ekki síður á þeim fagsviðum sem hún fjallaði um.

En líklega gerðist það sem Jónas Hallgrímsson hafði orðað svo meira en einni öld fyrr: . . . „því tíminn vill ei tengja sig við mig“ . . .

Bjarni Guðmundsson

LESENDARÝNI

Innlend matvælaframleiðsla og þjóðarhagur

Matvælaframleiðsla og matvælastefna hafa verið ofarlega á dagskrá undanfarna mánuði. Hörmuleg innrás Rússa í Úkraínu hefur enn á ný varpað ljósi á þetta viðfangsefni. Stríðsrekstur af þessu tagi hefur alvarlegar afleiðingar fyrir allan almenning, nær og fjær.

Alvarlegast er ástandið í Úkraínu sjálfri en áhrifanna gætir um heim allan. Þannig teygist á virðiskeðjum sem eru mikilvægar matvælaframleiðslu og í sumum tilvika brotna keðjurnar. Afleiðing alls þessa er að hrávöruverð og matvælaverð í heiminum rýkur upp og óttast er um áhrif á framboð matvæla þegar frá líður. Á tímum sem þessum skiptir grundvallarmáli að stjórnvöld hafi skýra sýn – vinni út frá matvæla- og landbúnaðarstefnu sem tekur tillit til þjóðarhags.

Hver er gildandi landbúnaðarstefna?

Sú orðræða, að hér á landi sé ekki skýr landbúnaðarstefna, er þrálát í opinberri umræðu. Að mati greinarhöfundar er nauðsynlegt að rétta þann kúrs og leiðrétta misskilning. Pólitísk stefna löggjafans birtist skýrt í gildandi búvörulögum nr. 99/1993. Í a) og b)-liðum 1. gr. laganna segir:

Tilgangur þessara laga er:

a. að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur,

b. að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu.

Hlutverk landbúnaðar að tryggja framboð matvæla í landinu og þar með fæðuöryggi er því afar skýrt. Þetta ákvæði er birtingarmynd íslenskrar landbúnaðarstefnu, og er það hlutverk framkvæmdavaldsins að framkvæma stefnuna á grundvelli þeirra laga og reglna sem gilda um landbúnaðarframleiðslu. Það hefur einnig sérstakt vægi í réttarframkvæmd.

Nægir að vísa til forsendna í dómi Hæstaréttar í máli nr. 22/2021 þar sem tiltekið er að ljá verði löggjafanum mikið svigrúm við mótun landbúnaðarstefnu eins og hún birtist í 1. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Tollar á búvörur og útfærsla á viðskiptasamningum sem fela í sér ívilnanir frá almennum tollum eru órjúfanlegur hluti þessa, sbr. fyrrnefndan dóm.

Margir hlekkir eru í virðiskeðjunni

Eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda er að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar. Hver þáttur landbúnaðarframleiðslunnar myndar einstakan hlekk sem, þegar allt er talið, skapar samfellda virðiskeðju. Hver og einn hlekkur þarf að virka og vera til staðar á óvissutímum eins og nú eða þegar náttúruvá steðjar að svo því sé einnig haldið til haga.

Auk frumframleiðslunnar þarf að horfa bæði til aðfanga- og úrvinnslukeðjunnar. Innlend aðföng eru mikilvæg og huga þarf að afhendingaröryggi þeirra. Birgðastaða fóðurs, matvæla og landbúnaðarafurða er þannig annar hlekkur í virðiskeðjunni sem þarf að tryggja.

Greina þarf áhrif utanaðkomandi atburða á virðiskeðjur

Í rannsókn tveggja vísindamanna við Háskóla Íslands og Norwegian University of Science and Technology, „Framing the 2010 Eyjafjallajökull volcanic eruption from a farming-disaster perspective“, er fjallað um þetta viðfangsefni út frá íslenskum veruleika.

Í greininni er undirstrikað mikilvægi þess að skilja vandamálið og að það er síbreytilegt. Ráðast þarf í forvarnir, og æfa viðbragðsáætlanir. Búa þarf til vinnuferla um hvernig læra skal af reynslunni, sem á einkar vel við núna þegar að steðjar utanaðkomandi vá sem fáir trúðu

Erna Bjarnadóttir.

að gæti raungerst en sýnir sig nú og sannar. Hér þarf ásamt fleiru að horfa til starfsöryggis frumframleiðenda. Gríðarlegar kostnaðarhækkanir nú geta beinlínis orðið til þess að búrekstur verður í sumum tilvikum ósjálfbær og framleiðsla dregst því saman – þannig geta breytingar, hér kostnaðarhækkanir, í aðfangakeðju leitt til þess að bændur bregði búi og framleiðsla landbúnaðarvara leggist af. Allt þetta þarf að greina, skilja og bregðast við.

Framleiðsla búvara er allra hagur

Af þessu er ljóst að landbúnaðarstefnan og útfærsla hennar er hér í lykilhlutverki en verkefnið er sameiginlegt bændum, öðrum haghöfum og stjórnvöldum. Framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar í samræmi við þarfir þjóðarinnar sem tryggir nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður er allra hagur.

Erna Bjarnadóttir.

Karólína í Hvammshlíð fær Hvatningarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar fyrir árið 2021 vegna ódrepandi áhuga, tengingar við erlenda vísindamenn og hvatningar til umfangsmikillar sýnatöku til að greina og finna verndandi arfgerð gegn riðusmiti í íslensku sauðkindinni. Mynd/ Aðsend

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar:

Karólína í Hvammshlíð hlaut hvatningarverðlaun

Karólínu Elísabetardóttur í Hvammshlíð voru veitt Hvatningarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar fyrir árið 2021 vegna ódrepandi áhuga, tengingar við erlenda vísindamenn og hvatningar til umfangsmikillar sýnatöku til að greina og finna verndandi arfgerð gegn riðusmiti í íslensku sauðkindinni. Verðlaunin voru veitt á aðalfundi BSE en Karólína komst ekki en var tengd með fjarfundarbúnaði.

Bóndinn, sem kallar sig Karólínu í Hvammshlíð, er þýsk að uppruna, fædd vorið 1970 og bar í sínu fæðingarlandi nafnið Caroline Mende.

Karólína kom fyrst til Íslands 1989 og fékk strax á tilfinninguna að „þetta væri sitt land“. Það var þó ekki fyrr en nokkru síðar sem hún keypti sitt eigið land, fyrst í Hegranesinu og síðan árið 2015 eignaðist hún Hvammshlíð, sem hafði verið í eyði í 127 ár, eða frá árinu 1888. „Það verður að segjast eins og er að þá töldu margir að ekki væri alveg í lagi með Karólínu. Hvammshlíð er þar sem Þverárfjallsvegur liggur sem hæst milli Skagafjarðar og Húnavatnssýslu.

Þar á hún sitt fjall og sína á og í stað ljósa á nágrannabæjum hefur hún stjörnurnar og er undir norðurljósum. Þar hefur hún komið upp aðstöðu fyrir sig og sína,“ segir í umsögn BSE vegna verðlaunanna.

Verðlaunagripurinn í ár er eftir Guðrúnu Á. Steingrímsdóttur en að auki fylgdu með 200 þúsund krónur.

Hvammshlíðarostur nýjasta búgreinin

Bústofninn er tæpar 60 kindur, 3 hross og hundar. Sumir þekkja til Karólínu vegna dagatala sem hún hefur gefið út með margvíslegum upplýsingum um íslenska þjóðhætti.

Dagatalsútgáfan stóð t.d. undir kaupum á dráttarvél í Hvammshlíð.

Nýjasta búgreinin hjá Karólínu er ostagerð, „Hvammshlíðarostur“, þar sem lögð er áhersla á að nota engin íblöndunarefni sem eru íslensk og kryddin á ostinum úr náttúrunni. Osturinn lenti þó í því að sitja aðeins á hakanum þegar önnur verkefni sóttu á.

Magnaður áhugi

Haustið 2020 fór Fagráð í sauðfjárrækt að velta fyrir sér hvort nýjar leiðir væru mögulegar í baráttu við riðuveikina og þar á meðal hvort mögulegt væri að flytja inn erfðaefni til að byggja upp verndandi afbrigði gegn riðuveiki í okkar fjárstofni. Á það leist Karólínu ekki og hvatti mjög til þess að leitað væri betur að verndandi arfgerð innanlands.

Að sögn Eyþórs Einarssonar, ráðunautar í sauðfjárrækt hjá RML, var áhugi Karólínu magnaður og mjög hjálplegur við að komast í samband við vísindamenn í öðrum löndum til að leggja grunn að sem faglegustum rannsóknum á arfgerðum og hvort möguleiki væri á að finna verndandi arfgerðasæti íslenska sauðfjárstofnsins.

Nú hefur komið í ljóst að þetta efni er farið að finnast. */MÞÞ*

FRISTADS®

***FRISTADS** er ný vinnufatalína hjá Dynjanda. Fallegur og vandaður fatnaður sem hentar íslenskum aðstæðum afar vel.*

*Kíktu í vefverslun okkar **dynjandi.is***

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

DYNJANDI allt fyrir öryggið

VANTAR ÞIG VINNUFÉLAGA?

Við höfum til leigu og sölu

- Skæralyftur
- Spjótlyftur
- Skotbómulyftarar
- Sogskálalyftur

Lyfta er umboðsaðili á Íslandi fyrir Snorkel og Smartlift

Njarðarbraut 1
260 Reykjanesbæ
Sími: 421 4037
netfang: lyfta@lyfta.is
www.lyfta.is

Lyfta.is 421 4037

Lely Center Ísland

STÍUGRINDUR

1,23m og 1,84m

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

LÍFSGÆÐI

Er sambandið þitt vel fóðrað eða er kal í sambandinu?

Ég er svo lánsöm að þekkja marga bændur. Einn þeirra segir gjarnan, þegar skemmuhurðin hefur fokið upp og horfið út í móa eða stóra vélin bilar, varahluturinn er ekki til í landinu og kostar formúu; lífið, það bara gefur og gefur, bara gefur! Víst er að lífið gefur alls konar, bæði snúin verkefni, gleði og sorg, storma og stillur. Við erum ekki litin upp úr Covid-ástandinu þegar skellur á stríð og ein lægðin varla gengin yfir þegar sú næsta skellur á með látum.

Sem betur fer náum við nú samt flest að eygja fegurð, gleði og sæld í ótal mörgu í okkar daglega lífi, svona flesta daga, annars væri nú ekki vel komið fyrir kerlu og karli. Einmitt, kerlu og karli, þó búseta sé alls konar og samkvæmt Hagstofu Íslands séu um þrjú af hverjum tíu heimilum á landinu heimili einstaklinga, búa víðast hjón, pör eða sambýlisfólk. Í þessum pistli ætla ég að fjalla um samskipti á milli fólks í rómantískum ástarsamböndum. Um mikilvægi þess að sinna, hlúa að, fóðra og bera á sambandið sem þú ert í með maka þínum. Allir bændur vita að þeir gripir gefa ansi lítið af sér sem eru vanfóðraðir og að það sprettur lítið á túni sem er illa kalið. Hvernig er þessu háttað á milli þín og makans? Einstaklinganna tveggja sem völdu á einhverjum tímapunkti hvor annan og eru að glíma við hinar alls konar gjafir lífsins saman? Er allt í blóma og gleði eða er lítil spretta, kalblettir, fjandans njóli og alls konar óáran í samskiptunum ykkar?

Fyrir fólk sem býr saman og jafnvel vinnur saman alla daga, rekur saman, ekki bara heimili, heldur líka fyrirtæki, búið sjálft, er öflugt, jákvætt og vandað samband gífurlega mikilvæg stoð lífsgæða.

Að mínu mati enn mikilvægari en í samböndum fólks í þéttbýli sem vinnur hvort á sínum vinnustaðnum

Kristín Linda Jónsdóttir.

daginn langan og rekur ekki saman fyrirtæki. Þar er einfaldlega minna undir, minni tími af lífsins dögum sem er samvera, færri ákvarðanir sem taka þarf saman og innkoma heimilisins ekki háð sameiginlegum rekstri. Sameiginlegt verkefni hjóna, eða sambýlisfólks sem er með fjölskyldu og býr á sveitabæ og er þar saman með rekstur er sannarlega viðamikið og krefjandi en líka heillandi, gefandi og mikið ævintýri. Sagt er að flestar litlar stelpur dreymi um að vera drottningar eða prinsessur í bleikum kjól, aldrei átti ég þann draum enda hestastelpa í gúmmískóm á æskuárum. Ég hef verið svo lánsöm að sinna fjölmörgum störfum gegnum tíðina og búa í sveit, bæ og borg en það var þegar ég var kúabóndi og gekk út á hlaðið eftir morgunverkin sem ég upplifði að ég væri sannarlega dottning í ríki mínu þó enginn væri bleiki kjóllinn. Svo trúið mér, ég veit hve ævintýrið getur verið einstakt, dásamlegt og tilkomumikið í sveitum landsins.

Einmitt þess vegna er svo mikilvægt að ná að rækta sambandið sitt, við ástina sína. Svo það haldi og sé ekki bara svona lala, heldur jákvætt, styðjandi og skemmtilegt!

Meðal frægustu sambandsráðgjafa heims eru hjónin John og Julie Gottmann. Þau eru m.a. fræg fyrir að geta séð, með því að horfa á hjón í gegnum gler, hvort samband þeirra muni endast eða ekki. Hvernig fara þau að því? Jú, það er hegðunin sem sést. Bændur eru sannarlega vanir að fylgjast með hegðun, sjá ef eitthvað er öðruvísi en það á að vera hjá kind, nauti, kú, hesti eða hundi, jafnvel túni. Beinum nú þessum fránu augum að sambandinu okkar. Horfumst rækilega í augu, við okkur sjálf, sambandið og hvort annað áður en vorið heilsar með öllum sínum töfrum og tækifærum. Lítum frá fréttum af stríði og veiru og á hvort annað. Það er fátæklegt að hangsa í sambandi sem er snautt, kalið og vanfóðrað. Það er engin ástæða til þess að láta slíkt bara slarka áfram. Heilbrigð og góð sambönd bæta líðan fólks og lífsgæði. Hvort sem þú ert bóndi eða lest þetta sem dyggur lesandi Bændablaðsins, og starfar við eitthvað annað, getur þú nýtt þessa grein sem viðspyrnu til að leggja í þann leiðangur að bæta sambandið við ástina þína, núna. Það felast ómetanleg lífsgæði í því að vera í blómlegu sambandi þar sem borið er á samskiptin dag hvern, hugað að því að ekki skorti hlýju, athygli, hlustun, nánd og virðingu. Að kröfuharka, ógn, ótti, vanvirðing, ljót orð, niðurlæging, fýlustjórnun, afskiptaleysi, áhugaleysi, hunsun og ofbeldi sé fjarri, ekki í boði, ekki til staðar.

Hér eru nokkur ráð úr pokahorni sálfræðingsins:

- Snúið ykkur að hvort öðru en ekki frá. Bókstaflega. Snúið líkamanum að maka ykkar og náið sambandi, bjóðið upp á tilfinningatengingu, nærið aðlöðun. Gerið það að vana ykkar á hverjum degi. Til dæmis með því að horfast í augu og bjóða góðan dag. Leggja hönd á öxl, um mitti, taka hvort utan um annað þegar þið komið inn eftir verk. Komið hvort til annars þegar annað ykkar kemur inn, ekki labba framhjá! Þið eruð lifandi verur með kærleik í hjarta, ekki stóll eða steinn, náið sambandi!

- Skemmið ekki. Enginn bóndi skemmir túnið sitt reglulega. Persónuleg meiðandi, niðurlægjandi ljót orð skemma. Líka að tala niður til, gera lítið úr, horfa fram hjá styrkleikum makans og jórtra á veikleikunum. Enginn getur allt en mundu eftir því sem þú dáir og þykir til koma í fari makans og hrósaðu! Hrós er fræ. Af fræi sprettur.

- Gerir þú þig að fórnarlambi til að slá vopnin úr höndum makans og snúa vandanum þér í hag? Er það sanngjarnt? Beitir þú þagnarmúr til að frysta makann úti, fýlustjórnun er ofbeldi. Þú getur þurft að biðja um pásu, fá að fjarlægja þig til að ná áttum og jafna þig. Það er snjallt, en svo kemur þú aftur og ræðir málið eins og fullorðinn maður af virðingu í stað þess að þegja samanbitinn tímunum saman, eða er það ekki?

- Ekki útkljá erfið mál að kvöldi eða nóttu. Heilinn er einfaldlega ekki tilbúinn til þess. Ef þið eruð ósátt að kvöldi, viðurkennið það hvort fyrir öðru og ákveðið að ræða það síðar.

- Það er snjallt að halda vikulega fundi, veljið ykkar dag. Ekki bara fund um reksturinn heldur líka, horfast í augu og spyrja sjálfan sig og hvort annað, hvernig gengur á milli okkar? Hvernig hefur gengið þessa vikuna? Í hvað stefnir í næstu viku? Hvað er gott og þakkarvert og hvað þarf að laga?

- Ákveðið að sýna ykkur og sambandinu ykkar þá virðingu, hvernig sem stendur á verkum, að fara úr vinnufötunum og af bæ til upplyftingar og tilbreytingar saman, að lágmarki einu sinni í viku. Til dæmis eftir verkin á laugardegi eða sunnudegi og fram að kvöldverkum. Alveg sama hvort það er eitthvert sérstakt erindi eða ekki. Farið í afbæjarföt og farið saman og sjáið, upplifið, gerið eitthvað annað. Bíltúr, skoðunarferð, heimsókn, gönguferð utan jarðarinnar, veitingastaður, kaffihús eða sundlaug. Þið þurfið á því að halda að sjá hvort annað utan vinnustaðarins í öðru hlutverki en vinnugallanum. Ná ykkur í „ferskt fóður“ fyrir nýtt spjall og pælingar og skapið minningar.

- Viðhaldið líkamlegri nánd, hlýju og ástúð. Ekki leyfa ykkur að sitja hvort í sínum stólnum allt kvöldið, fara í rúmið hvort á sínum tímanum og snertast ekki, jafnvel vikum saman. Þið eruð í rómantísku sambandi. Líkamleg nánd er heilsusamleg fyrir fólk, dregur úr streitu og vanlíðan og eykur sæld. Haldist í hendur, takið hvort utan um annað, kúrið saman í sófa eða rúmi, reglulega, það er bæði heilsusamlegt og gott.

Kristín Linda Jónsdóttir,
sálfræðingur hjá Huglind

mast Matvælastofnun ...frá heilbrigði til hollustu

Meðhöndlun vegna slefsýki

Að gefnu tilefni vill Matvælastofnun árétta að á næstu misserum mun EB reglugerð nr. 6/2019 taka gildi innan EFTA-landanna, sem áréttar bann við fyrirbyggjandi notkun sýklalyfja í afurðagefandi dýr.

Skv. 107 gr. gildir eftirfarandi:

Ekki skal beita sýklalyfjum reglulega eða nota þau til að bæta fyrir lélega hollustuhætti, ófullnægjandi dýrahald eða skeytingarleysi eða til að bæta fyrir lélega bústjórn.

Ekki skal nota sýklalyf sem fyrirbyggjandi meðferð (e. prophylaxis) nema í undantekningartilvikum, til inngjafar fyrir stök dýr eða takmarkaðan fjölda dýra þegar hættan á sýkingu eða smitsjúkdómi er mjög mikil og líklegt er að afleiðingarnar yrðu alvarlegar. Í slíkum tilvikum skal takmarka notkun bakteríulyfja sem fyrirbyggjandi meðferð við inngjöf hjá stökum dýrum.

Einungis skal nota sýklalyf til verndarmeðferðar (e. metaphylaxis) þegar hætta á útbreiðslu sýkingar eða smitsjúkdóms innan hóps dýra er mikil og þegar engir aðrir viðeigandi kostir eru fyrir hendi.

Slefsýki í lömbum er erfiður sjúkdómur sem meðhöndla þarf með sýklalyfjum. Alls ekki á að nota sýklalyf sem fyrirbyggjandi aðgerð gegn slefsýki.

Slefsýki í lömbum er erfiður sjúkdómur sem meðhöndla þarf með sýklalyfjum. Alls ekki á að nota sýklalyf sem fyrirbyggjandi aðgerð gegn slefsýki. Þess í stað ætti að einbeita sér að aðgerðum sem minnka líkur á að smit berist í nýfædd lömb og aðeins gefa þeim sýklalyf eftir að sjúkdómsgreining liggur fyrir í hópnum það vorið. Fyrirbyggjandi notkun sýklalyfja felur í sér hættu á auknu sýklalyfjaónæmi því ofnotkun og röng notkun á sýklalyfjum eykur val á ónæmum bakteríum og þ.a.l. tíðni þeirra. Aðeins næst að draga úr útbreiddri notkun lambataflna í nýfædd lömb hér á landi með sameiginlegu átaki dýralækna og sauðfjárbænda. Stefna ætti að því að nota sýklalyf sem minnst og eingöngu þegar nauðsynlegt er og þegar fyrirbyggjandi aðgerðir hafa ekki borið árangur.

Aðrar fyrirbyggjandi ráðstafanir gegn slefsýki gætu t.d. verið bólusetning. Erfiðlega hefur gengið að nálgast bóluefni sem er sérframleitt fyrir sauðfé, en reynsla Norðmanna bendir til þess að nota megi bóluefni gegn colisýkingum sem skráð eru fyrir svín.

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir,
sérgreinadýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma

LÍF & STARF

Frá verðlaunaafhendingunni, frá vinstri: Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarmála, Valgeir Þorvaldsson, stofnandi og stjórnarformaður Alor, Linda Fanney Valgeirsdóttir, framkvæmdastýra Alor, Rakel Eva Sævarsdóttir, stjórnarkona hjá Alor og Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku. Mynd / Aðsend

Alor, sprotafyrirtæki á sviði orku- og veitumála fékk Nýsköpunarverðlaun Samorku

Fyrirtækið Alor, hlaut þriðjudaginn 15. mars, Nýsköpunarverðlaun Samorku 2022 fyrir að vera framúrskarandi sprota- og eða nýsköpunarfyrirtæki á sviði orku- og veitumála.

Fyrirtækið var stofnað árið 2020 í því skyni að þróa, framleiða og markaðssetja umhverfisvænar álrafhlöður og orkugeymslur. Í nýsköpuninni felst að stefnt er að framleiðslu á álrafhlöðum af mismunandi stærðum, þ.e. frá litlum rafhlöðum og rafgeymum yfir í stórar orkugeymslur í gámastærðum.

„Í orkuskiptum frá jarðefnaeldsneyti yfir í sjálfbæra græna orku felast fjölmargar áskoranir og um leið tækifæri til þess að þróa lausnir sem styðja við nýtingu raforku á öllum sviðum. Bein nýting raforku er alltaf fyrsti kostur þar sem orkunýtni er hámörkuð og því mikilvægt að leita leiða til þess að aðgengi að orkunni sé sem best, á sem flestum stöðum og tímum og við ólíkar aðstæður. Þar gegna rafhlöður lykilhlutverki," segir m.a. í tilkynningu frá Samorku vegna verðlaunanna. */MHH*

KAUPUM ÆÐARDÚN

Allar upplýsingar í síma 821 0394
eða á arni@icelandiceider.com

www.icelandiceider.com

ICELANDIC EIDER

VARAHLUTIR Í KERRUR

stalogstansar.is

KNOTT BREMSEN • ACHSEN
AL-KO QUALITY FOR LIFE
DEXTER AXLE

Framúrskarandi fyrirtæki 2012 2021

Stál og stansar

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík | Sími: 517 5000 | stalogstansar.is

ASSA ABLOY

ASSA DC200

Fyrir innihurðir í t.d. skrifstofubyggingum, hótelum ofl. Styrkur: EN 2-4, EN1154, CE merkt, vottuð til notkunar á brunavarnarhurðir.
Verð: 9.579 kr.

ECO

ECO TS41

Fyrir innihurðir í t.d. skrifstofubyggingum, hótelum ofl. Styrkur: EN 1-4, EN 1154, CE merkt, vottuð til notkunar á brunavarnarhurðir.
Verð: 14.415 kr.

DORMA

DORMA TS83

Fyrir þungar hurðir og / eða álagshurðir (t.d. útihurðir fjölbýlishúsa). Styrkur: EN 3-6, EN1154, CE merkt, vottuð til notkunar í brunavarnarhurðir (allt að 120 mín., Certfire). Þýskt gæðamerki síðan 1908.
Verð: 14.973 kr.

ABLOY DC700/DCG195

Fyrir allar gerðir af hurðum. Léttir færslu hurðarinnar til muna og því sérstaklega hentug fyrir börn, aldraða og aðra sem ekki ráða yfir styrk til að opna hurð með venjulegri hurðapumpu. Styrkur EN 1-6. EN 1154, CE merkt, vottuð til notkunar á brunavarnarhurðir.
Verð: 36.589 kr.* *í silfur-lit með renniarmi

Hurðapumpur
átakalaus opnun

Í Vélum og verkfærum fást hurðapumpur í miklu úrvali. Viðurkennd vörumerki, CE merktar. Fagleg ráðgjöf og nánari upplýsingar hjá Vélum og verkfærum.

VÉLAR & VERKFÆRI

LYKIL LAUSNIR Lyklasmíði & öryggiskerfi

vv.is — lykillausnir.is

LESENDARÝNI

Blóðmerahaldið – eðli mótrakanna

Um blóðmerahald hefur verið heit umræða í þjóðfélaginu að undanförnu. Hún hefur gripið með sér hrifnæmt fólk, sem fordæmir starfsemina á grundvelli þeirrar hrifnæmi, en ekki á grundvelli þekkingar og staðreynda. Hér skal aðeins vikið stuttlega að nokkrum veigamiklum staðreyndum í málinu sem sýna að áróðurinn gegn blóðmerahaldi er á villigötum en er hvorki reistur á þekkingu og staðreyndum né skilningi á eðli málanna.

„Allan annan tíma ársins eru þessar hryssur nánast eins og villihrossastóð í frjálsri náttúru að því fráskildu að þær hafa tryggt fóður allan ársins hring bæði í góðri beit og útgjöf eftir þörfum.“ Mynd / Páll Imsland

Ítrekað hefur það verið fullyrt að íslenskar merar þoli ekki að tekið sé úr þeim það magn blóðs sem vani er. Slík fullyrðing ber óhjákvæmilega í sér þá merkingu að merarnar veikist, veslist upp eða drepist vegna blóðtökunnar. Það eru hins vegar engin dæmi um það í reyndinni. Merarnar koma út úr blóðtökutímabilinu við bestu heilsu og hafa gert það í áratugi svo hundruðum skiptir árlega. Þessi staðhæfing um þolið er því greinilega ekki staðreynd og staðhæfingin er því alls ekki nothæf sem rök í málinu.

Því hefur líka verið haldið fram að blóðtökurnar séu dýraníð. Staðreyndin er hins vegar sú, að engin íslensk hross hafa það eins gott og blóðmerarnar. Hámarksálag af mannavöldum á þær er á meðan þær eru reknar inn í blóðtökubásinn og blóðið tekið. Sá tími sem í þetta fer í tilviki hverrar hryssu er að jafnaði um ein klukkustund á ári og hryssur koma fullfrískar og eðlilegar út úr básnum. Allan annan tíma ársins eru þessar hryssur nánast eins og villihrossastóð í frjálsri náttúru að því fráskildu að þær hafa tryggt fóður allan ársins hring bæði í góðri beit og útgjöf eftir þörfum. Þörfin miðast við að þær komi vel fram gengnar og í sæld undan vetri og geti auðveldlega gengið með fóstur, kastað heilbrigðu folaldi að vori og séð því fyrir nægri mjólk og síðan komið inn í blóðtökurnar um mitt sumar hraustar og heilbrigðar. Staðhæfingin um dýraníð stenst því engan veginn, hún er ekki staðreynd og er vita gagnslaus sem rök í málinu.



Páll Imsland.

Því hefur einnig verið haldið fram að folöld úr blóðstóðum séu smærri eða ræfilslegri en önnur folöld. Líklega hefur engin magnbindandi úttekt verið gerð á því máli, en það er reynsla þeirra fjölmörgu sem fylgjast með hrossastóðum og kunna að lesa í ástand folalda að þessi fullyrðing er ekki á rökum reist. Ég hef t.d. um áraraðir fylgst með blóðtökum á ýmsum bæjum og aldrei séð annað en að folöldin í þeim stóðum sem ég þekki séu almennt stór og þroskamikil að hausti, heilsuhraust, falleg og sæl og síst smærri en önnur folöld. Það má því fullyrða að þessi staðhæfing um folöldin sé ekki staðreynd frekar en hinar ásakanirnar tvær og er því heldur ekki nothæf sem rök í málinu.

Þessi þrjú atriði eru eiginlega allt sem segja þarf um blóðmerahaldið og nóg til að sýna fram á það, að áróðurinn gegn því byggist ekki á staðreyndum og miðar ekki að sannri og málefnalegri umræðu um málið. Þetta er í raun svæsinn áróður ætlaður til að spilla fyrir starfseminni og brjóta hana á bak aftur. Hann er sem sagt vísvitandi skemmdarverk.

Páll Imsland

Það fari saman hljóð og mynd ...

–við skiptum öll máli

Við höfum lengi talið okkur trú um að við séum svo græn að við séum öðrum þjóðum fyrirmynd í þeim efnum. Við þreytumst ekki á að benda á hitaveituvæðinguna sem átti sér stað fyrir 50-100 árum og vatnsaflið sem að stórum hluta eru 30-100 ára gömul orkuver.

Raunin er hins vegar sú að við losum tvöfalt meira kolefni per einstakling en meðaltal Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og með því mesta á heimsmælikvarða. Og þá erum við bara að tala um þann hluta sem tekinn er með í kolefnisbókhaldinu.

En kolefnið veit ekkert hvaðan það kom og hefur heldur ekki neinn skilning á bókhaldi. Losun frá landnotkun (LULUCF) er mun meiri en sú sem talin er með í bókhaldinu (BÁS) og frá stóriðjunni (ETS) til samans.

Ef við ætlum að halda væntanlegri hlýnun innan einhverra marka þurfum við að skoða alla kosti til bæði minni losunar og meiri bindingar með opnum huga. Við þurfum að nálgast verkefnið saman, í stað þess að reyna að finna sökudólga eða reyna að hafa lífsviðurværi af fólki. Við þurfum að hafa skilgreind verkefni þar sem meiri hagsmunir borga fyrir þá minni.

Markmiðið er skýrt… að minnka magn kolefnis í andrúmsloftinu. Það eru tvær leiðir til þess, að minnka losun og auka kolefnisbindingu. Þetta er ekki spurning um það hvort eitt sé betra en annað, nema þá í samhengi við skilvirkni, heldur mun allt sem við gerum hjálpa. Kolefni er frumefni og því allt eins, þetta er sameiginlegt verkefni allra jarðarbúa.



Heimild: Hagstofan, 07.11.2018, https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/umhverfi/losun-koltvisyrings-a-einstakling/



Heimild: Umhverfisstofnun, https://ust.is/loft/losun-grodurhusalofttegunda/losun-fra-landnotkun/

Tillaga að leiðum:

Innlendur markaður með kolefnisígildi í losun og bindingu

Það eru til alþjóðleg viðskiptakerfi fyrir kolefni, en þau taka ekki tillit til losunar og bindingar við landnotkun nema að litlu leiti. Því er einsýnt að koma þarf upp innlendu viðskiptakerfi fyrir losun og bindingu við landnotkun þannig að hægt sé að gera breytingar í landbúnaði sem leiða af sér minni losun frá landnotkun með fjárhagslegum hvötum.

Lög um beitarrétt verði svipuð og um veiðifélög

Sett verði lög sem skilgreini ítölu fyrir afrétti út frá beitarþoli og geri beitarréttarhöfum mögulegt að leigja frá sér beitarrétt svæðisbundið. Þá væri hægt að leigja eða kaupa upp beitarrétt t.d. með aðferðum tvíhliða uppboða í anda Nóbelsverðlaunahafanna 2020, Paul R. Milgrom og Robert B. Wilson (https://www.nobelprize.org/prizes/economic-sciences/2020/summary/) sem m.a. notuðu þessa aðferð til að færi senditíðnir frá sjónvarpsstöðvum (sem hvort sem eru voru að mestu komnar á ljósleiðara) til símafyrirtækja sem vantaði tíðnir vegna aukinnar notkunar snjalltækja. Þar borguðu meiri hagsmunir fyrir þá minni.

Kolefnisspor tengt vöru

Hægt væri að merkja kolefnisjafnaða vöru sem slíka með vottun. Neytendur gætu þá frekar keypt vöru sem framleidd hefur verið án sótspors.

Höfum gert það áður og getum það aftur

Íslendingar fengu í gegn reglur sem takmarka losun þrávirkra eiturefna (sem annars hefðu eyðilagt fiskafurðirnar okkar), við fengum í gegn 200 mílna efnahagslögsögu, við tókum á unglingadrykkju, við höfum næstum komið í veg fyrir slys á sjó og við erum að massa Covid-19. Þegar við tökum okkur til getum við sannarlega skipt máli þótt við séum fá.

Ósk mín er sú að við tökum á þessu sem heild og lítum á þetta sem tækifæri, en leitum ekki sökudólga. Þar sem losun er mikil er tækifærið stórt, sem getur dregið til sín umtalsverða fjármuni. Þá þannig að enginn beri skarðan hlut frá borði.

Lárus Elíasson,
skógarbóndi
Rauðsgili
320 Reykholti Borgarbyggð

Tafla 9. Yfirlit um losun og binding gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Losun sem venjulega er gefin upp er um 5 milljónir tonna CO_2-ígilda, en þá er önnur losun ekki talin. Taflan var einnig birt fremst í kaflanum.

Aðgerð - ferlar	Milljón tonn CO_2-ígildi á ári	Athugasemdir
Losun án landnýtingar (samgöngur, iðnaður o.s.frv.)	Um 5	Losun talin fram af Íslandi til Loftslagssamnings SÞ, landið ekki meðtalið
Losun frá votlendum, óframræstum og framræstum	Um 10	Hægt að minnka frá framræstum votlendum með endurheimt
Losun frá þurrlendi (hnignun vistkerfa)	1 – 8	Getur verið >8 milljón tonn samkvæmt sumum sviðsmyndum
Binding í mold vegna áfoks – nú	0,5 – 1	Háð beitarálagi
Binding í mold við beitarfriðun – nú	0,2 – 1	Óljóst. Háð því hve mikið friðað
Binding við bætta landnýtingu – nú	0,5 – 1	Óljóst. M.a. minnkuð beit
Binding í landgræðslu – nú	0,61	Framtal til Loftslagssamnings SÞ
Binding í skógrækt – nú	0,35	Framtal til Loftslagssamnings SÞ
Binding vegna veðrunar og efnarofs	3,1	Endar í hafi. Ekki talið fram til SÞ Takmörkuð áhrif mannsins
Möguleg binding í mold við vistheimt á landslagsskala	2 – 10	Háð áræðni við friðun útjarðar í slæmu ástandi og inngripum

Heimild: Rit LbhÍ nr. 133, 2020, Loftslag, kolefni og mold, Ólafur Arnalds og Jón Guðmundsson.

LESENDARÝNI

Ákall til íbúa og sveitarstjórna í dreifbýli Íslands

Nú er hafið kapphlaup að setja upp vindmyllugarða úti um allt land. Að þessu standa innlendir og erlendir fjárfestar. Enn er gerð atlaga að auðlindum landsins án þess að almenningur muni njóta góðs af arðinum sem felst í þeirri náttúruauðlind sem vindurinn er.

Nú þegar hafa aðilar sölsað undir sig fiskveiðiauðlindina án þess að fullt gjald komi fyrir og eins má minna á svo til frí afnot fiskeldisfyrirtækja af fjörðum landsins.

Ingólfur Bruun.

Arðurinn af vindorkuverum mun ekki enda hjá íbúum og sveitarfélögum í dreifbýli Íslands heldur að öllum líkindum á erlendum aflandsreikningum með bókhaldsbrellum.

Allir þekkja hvernig byggðaþróun var háttað á Íslandi á seinni hluta tuttugustu aldar. Fólki fækkaði til muna í sveitum landsins og eins í sjávarplássum þar sem einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög létu glepjast af skyndigróða og seldu frá sér kvóta með hörmulegum afleiðingum fyrir íbúa viðkomandi sjávarplássa.

Í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli komst Ísland rækilega á blað erlendra ferðamanna. Skyndilega streymdu ferðamenn til Íslands sem aldrei fyrr. Ekki einasta komu ferðamenn til Íslands að sumri heldur líka að vetri. Og þá gerðist það merkilega að fólksflótti úr dreifbýlinu snérist við. Ungt fólk gat snúið aftur til æskustöðvanna og breytt búskap úr því að hugsa um dýr og huga þess í stað að ferðamönnum. Eða jafnvel sinnt bæði, búskap og ferðamönnum. Ferðaþjónustan var orðin að heilsársbúgrein.

Með því að setja upp vindmyllugarða þá eyðileggst óspillt víðáttan

En hvað var það sem heillaði ferðamenn við Ísland? Það var og er (nánast) óspillt náttúra landsins. Jöklarnir, sandarnir, hálendi Íslands og svo það sem mjög margir ferðamenn hafa orð á, óspillt víðáttan. Með því að setja upp vindmyllugarða þá eyðileggst óspillt víðáttan fyrir utan þá staðreynd að arðurinn af téðum vindmyllugörðum mun ekki nýtast íbúum né heldur sveitarfélögum þar sem vindmyllugarðar yrðu settir upp. Ef af þessum vondu áformum verður mun draga úr straumi ferðafólks vegna þess að búið verður að spilla aðalaðdráttarafli ferðamanna til Íslands sem er óspillt náttúra.

Hér skal því haldið fram að ferðaþjónustunni tókst það sem gervöllum ráðstöfunum íslenskra stjórnmála á tuttugustu öldinni tókst ekki, að snúa við fólksflóttanum frá dreifbýlinu til þéttbýlisins á SV-horninu. Minna má á Byggðastofnun, laxeldi, loðdýrarækt, endalausa styrki til alls kyns framkvæmda og svo mætti lengi telja. Að mati þess sem hér ritar á það að vera markmið að halda landinu í byggð eins og við getum. Og við eigum að leggja mikið á okkur til þess að svo verði. Óspillt náttúra er mikilvægasti þátturinn í því að laða að ferðamenn til Íslands.

Dæmi um sveitarfélag þar sem fólksfækkun var svo mikil að sveitarfélagið var orðið skilgreint sem brothætt byggð, var Skaftárhreppur. Skaftárhreppur hefur notið góðs af fjölgun ferðamanna svo um munar. Því sætir það nokkurri furðu að til eru öfl í Skaftárhreppi sem berjast fyrir því að virkja bæði vind og vatn í hreppnum. Ef þessum sömu

aðilum er annt um að búseta haldist í hreppnum ættu þeir að láta sig mjög varða óspillta náttúru í hreppnum sem og reyndar annars staðar á landinu. Ef náttúru Skaftárhrepps verður spillt með vatnsvirkjunum og/eða vindmyllugörðum mun það rýra mjög aðdráttarafl ferðamanna og draga verulega úr atvinnumöguleikum íbúa Skaftárhrepps.

Og svo því sé haldið til haga þá vantar ekki orku á Íslandi, það vantar betra dreifikerfi til að hægt sé að miðla orku milli landshluta þegar svo ber undir.

Ágætu íbúar í dreifbýli og sveitarstjórnir. Leyfum náttúru Íslands að vera óspilltri og skilum henni þannig til niðja okkar og einnig til þeirra sem leggja á sig á heimsækja Ísland til að njóta óspilltrar náttúru.

Ingólfur Bruun
ib@betrifjarskipti.is
Höfundur er leiðsögumaður og framkvæmdastjóri Betri fjarskipta ehf.

SÁÐVARA SS 2022

GRASFRÆ
GRÆNFÓÐUR
BYGG
HAFRAR

SÁÐVÖRULISTI

Notaðu myndavélina á símanum til að skanna kóðann!

RÚLLUPLAST 2022

Rúlluplast Tenospin | 750mm x 25µm x 1500m

Litur	Listaverð án vsk.	Magn á bretti
Hvítt / Grænt	15.098 kr	15
Svart	14.915 kr	15

Rúlluplast Tenospin | 750mm x 25µm x 1700m

Litur	Listaverð án vsk.	Magn á bretti
Hvítt - ÁN KASSA	16.653 kr	15

Rúlluplast Tenoplus | 750mm x 21µm x 1900m / 2400 m

Litur	Listaverð án vsk.	Magn á bretti
Hvítt - 1900 m	17.550 kr	15
Grænt - 2400 m - UPPSELT	21.777 kr	15

Undirplast, net og garn	Stærð	Listaverð án vsk.
TrioBale Compressor undirplast	1400 x 0,020 x 1800 m	35.099 kr
TrioBale Compressor undirplast	1400 x 0,017 x 2200 m	35.900 kr
Westfalia net	123 x 3000 m	26.500 kr
Westfalia net	130 x 3000 m	27.900 kr
Cobra Miljö rúllugarn	-	3.500 kr

Verð eru gefin upp án vsk og með fyrirvara um prentvillur

BÚVÖRUR SS | www.buvorur.is
Fosshálsi 1, 110 Reykjavík - 575-6071 | Ormsvelli 4, 860 Hvolsvelli - 575-6099

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM

Keðjusagir eru viðsjárverðir gripir og alls ekki hættulausar.

Orkuskipti í garðinum

Nú er tími trjáa- og runnaklippinga og rétt að huga að þeim verkfærum sem notuð eru við umhirðu garðsins. Þeir sem eru langt gengnir í garðyrkjuáhuganum hafa sumir viðað að sér ýmiss konar tækjum og tólum sem auðvelda garðvinnuna, eða gera hana á einhvern hátt skemmtilegri.

Tækin þarf að fara yfir fyrir vorið, sjá til þess að verkfærin bíti vel, virki eins og til er ætlast og jafnvel endurnýja úr sér gengin tæki.

Rafmagn í stað bensíns

Flest vélknúin garðverkfæri ganga fyrir bensíni. Það er varasamt efni sem ætti ekki að geyma í skúrnum innan um annað dót. Sem betur fer eykst sífellt úrval tækja sem hægt er að knýja með rafmagni. Lengi hafa t.d. verið notaðar sláttuvélar og vélorf sem hægt er að stinga í samband við rafmagn. Þar er sjálf snúran eina vandamálið. En á undanförnum árum hefur bæst í flóruna mikið af tækjum, bæði smærri og stærri, sem ganga fyrir öflugum rafhlöðum sem eru bæði endingargóð og auðveld í notkun.

Grassláttur með hleðslusláttuvél er þægileg lausn

Flestir garðeigendur þurfa að slá gras í görðum sínum mörgum sinnum á hverju sumri. Fátt er leiðinlegt í garðyrkju en eitt af því leiðinlegasta er þegar sláttuvélin fer ekki í gang eins og til var ætlast, þegar til á að taka. Þá koma hleðslusláttuvélarnar eins og himnasending. Hægt er að fá fullkomlega nógu öflugar sláttuvélar og rafhlöðurnar endast vel, þær eru tiltölulega hljóðlátar og fara í gang eins og hugur manns.

Það sem þarf til er rafhlaða, kannski tvær, og hleðslutæki. Ein hleðsla dugar vel til að slá meðalstóran garð. Sláttuvélin safnar grasinu í kassa og auðvelt er að tæma hann í safnhauginn eða undir beðin. Þá er hægt að setja í garðinn slátturóbót sem vinnur á svipaðan hátt og ryksuguróbót og gerir mikið gagn.

Aðrir góðir kostir sem garðeigendur geta velt fyrir sér er léttur jarðvegstætari fyrir matjurtabeðin. Til eru tæki sem skipta má út á þann hátt að með fáum handtökum er hægt að breyta jarðvegstætaranum í limgerðisklippur, litla keðjusög, laufblásara, vélorf sem getur tekið bæði gras og grófara efni eins og lúpínuhálm, þétta sinutoppa og annan rudda sem þarf að fjarlægja.

Limgerðisklippur knúnar rafmagni eru sérlega hentug tæki sem eru í notkun bæði sumar og vetur.

Rafknúinn greinakurlari vinnur á smærri greinum og saxar þær vel. Einnig eru til rafknúnar bakdælur, kantskerar, háþrýstidælur og laufsóparar.

Slátturróbót.

Limgerðisklippur eru sérlega hentug tæki bæði sumar og vetur.

Keðjusögin er sér kapítuli

Rafhlöðudrifnar keðjusagir eru nógu öflug tæki til þess að fella með jafnvel stærri tré og sverar greinar, enginn garðeigandi þarf að búast við að þurfa að nota stærstu gerðir þeirra. Ef staðan er orðin sú að fella þurfi há eða krónumikil tré í garðinum ættu garðeigendur samt skilyrðislaust að leita til fagfólks í stað þess að ráðast á trén sjálf. Keðjusagir eru nefnilega viðsjárverðir gripir og alls ekki hættulausar.

Það er æskilegt að notendur keðjusaga hafi fengið leiðsögn fagfólks í meðhöndlun þeirra, og beri tilhlýðilega virðingu fyrir söginni. Þá er alltaf notaður sérhæfður öryggisbúnaður eins og keðjusagarskór/-stígvél, buxur með sagarvörn, hjálmur með heyrnarhlífum og andlitshlíf. Aldrei ætti maður að vinna einn með keðjusög. Þegar notandinn hefur komist upp á lag með að nota rafhlöðudrifna keðjusög er hann fær í flestar trjáfellingar nema þær stærri, grisjun ungra skógarteiga, hreinsun greina o.fl.

Rafhlöðuknúin tæki menga sáralítið og vinna starf sitt vel

Margir kostir fylgja tækjum af þessu tagi. Engin ástæða er til að geyma hálftóma bensínbrúsa mánuðum saman, bensínleifum úr vélum þarf ekki að farga, vélarnar eru tiltölulega hljóðlátar og ekki þarf að trekkja þær í gang, aðeins ýta á takka til að gangsetja þær. Þegar unnið er lengi með tækin finnst að titringur er minni en við notkun bensínknúinna tækja og bruni eldsneytis veldur hvorki höfuðverk né óþægindum í öndunarfærum. CO_2-útblástur er úr sögunni að mestu og kolefnissporið hverfur. Þessi tæki geta því að langmestu leyti komið í stað eldri tækja.

Ef notuð eru tæki frá sama framleiðanda er hægt að nota sömu rafhlöðuna og hleðslutækið við þau öll, með tilheyrandi sparnaði. Engar snúrur flækjast fyrir sem gerir kost á að vinna ýmis verk í sumarhúsalóðinni sem ekki var hægt að gera með áður nema með ærnu erfiði.

Ingólfur Guðnason.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Dæmi um innréttingar með velferðarherðakambsslá.

Kýrnar fá ekki í bakið, en …

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Það þekkja það flestir að „fá í bakið“ og oft er lélegri rúmdýnu kennt um og vilja margir meina að maður eigi að skipta um rúmdýnu á 10 ára fresti. Þó svo að kýrnar fái nú líklega ekki í bakið, a.m.k. með sama hætti og mannfólkið, þá skiptir legusvæðið þeirra líka afar miklu máli.

Það er vel þekkt staðreynd að kýr sem ekki hvílast nóg eru nytlægri, en hvað þarf til svo að kýrnar hvílist nóg? Fyrst og fremst er það hönnun legubássins sem hefur áhrif á hvíld kúnna og sé rýmið nægt, undirlagið mjúkt og þurrt þá eru forsendurnar til staðar svo kýrnar geti hvílst vel.

Af hverju?

Rannsóknir hafa sýnt fram á að séu kýr afslappaðar og á mjúkum og vel hönnuðum legubásum verður blóðflæðið til júgursins gott sem hefur svo bein jákvæð áhrif á mjólkurframleiðsluna. Ef kýrnar standa hins vegar hlutfallslega mikið þá er þessu í raun þveröfugt farið. Þessi einfalda staðreynd gerir það að verkum að eitt af aðalmarkmiðum með hönnun fjósa er að útbúa þau með þeim hætti að kýr geti legið og það sem lengst.

Breytilegur legutími

Legutími kúa er ekki ein föst stærð heldur er hann mjög breytilegur á milli kúa, þetta skýrist m.a. af þáttum eins og hönnun básanna sjálfra, aðgengi kúnna að básunum, fóðri og vatni auk þéttleika í fjósi. Allir þessir þættir skipta máli og má nefna sem dæmi að sé aðgengið að vatni takmarkað, þ.e. fáir staðir í fjósinu þar sem kýrnar eiga að drekka, þá sýna rannsóknir að legutíminn getur orðið styttri!

Algengt er að miða við að kýrnar nýti legubásana um helminginn af sólarhringnum en því hærra hlutfall sólarhringsins sem fer í hvíld, því betra.

Röng notkun herðakambsslár

Rangt staðsettar innréttingar og of litlir legubásar koma í veg fyrir að kýrnar geti lagst niður og staðið upp á eðlilegan hátt og það sem hefur mest áhrif á hversu auðveldlega kýrin getur staðið upp og lagst niður í legubásnum, og hvernig kýrin kemur til með að liggja, er staðsetning og hönnun herðakambsslárinnar. Hér áður fyrr var herðakambssláin í raun notuð eins og hálfgert stjórntæki fyrir leguhegðun kúa og ef herðakambssláin var sett of framarlega í básinn var hætta á því að kýrin legðist of innarlega í básinn og þar af leiðandi gat hún orðið óhrein af þeim völdum og básinn skítugur.

Margir tóku því til þess ráðs að hafa herðakambsslána mjög aftarlega í básunum en það ýtti oft kúm út í það að liggja nánast út af í básunum með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á velferð þeirra. Í dag er afstaðan til herðakambssláa önnur enda hafa rétt staðsett bringuborð eða -rör leyst úr þessum staðsetningarvanda að mestu. Með því að vera með slíkan búnað í básunum þá afmarkast legusvæðið fyrir kýrnar og flestar ná að liggja rétt, óháð því hvernig herðakambssláin er í raun stillt.

Legubásarannsókn

Nýleg þýsk rannsókn, sem gerð var á 64 kúabúum, sýndi fram á að beint samhengi var á milli þess hvernig legubásarnir voru hannaðir og hve hreinar kýrnar voru. Hreinleiki kúa skiptir verulega miklu máli enda eru hreinar kýr með betra júgurheilbrigði svo dæmi sé tekið.

Þá eru kýr almennt þannig að þær kjósa að halda sér hreinum svo óhreinindi á húð eða hárum er ekki eitthvað sem þær kjósa sjálfar. Kúabúin í þessari rannsókn höfðu að meðaltali 374 kýr og voru fjósin öll legubásafjós en þó með mismunandi gerðir legubása. Sum fjósin voru með legubásagúmmímottur með undirburði ofan á eins og þekkist víða á Íslandi, en önnur með hálm- eða sandfyllingu í básunum.

Bein áhrif á hreinleika

Niðurstöðurnar sýndu skýrt fram á áhrif þess á kýrnar hvernig básinn var bæði hannaður og frágenginn. Þannig var t.d. beint samhengi milli þess hve kýrnar voru óhreinar og rangrar hönnunar eða frágangi á legubásainnréttingum. T.d. voru 81% kúnna, þar sem gúmmímottur voru í legubásum, óhreinar á fótum í samanburði við einungis 45% kúa þar sem sandur eða hálmur var í stað gúmmímotta.

Þetta átti einnig við um hreinleika á júgri en 69% kúnna, þar sem gúmmímottur voru í legubásum, voru stigaðar óhreinar í samanburði við 35% kúa í fjósum þar sem var sandur eða hálmur. Þessar niðurstöður má hæglega heimfæra upp á íslenskar aðstæður og mæla með því, í ljósi þess hve mörg fjós eru með gúmmímottur á Íslandi, að tryggja næga notkun á undirburði ofan á þessar mottur.

Herðakambssláin hefur áhrif

Eins og áður segir hefur hlutverk herðakambsslár breyst á síðustu 25 árum og frá því að vera notuð til þess að reyna að tryggja það að kýrnar myndu ekki óhreinka básana, með því að geta ekki lagst of ofarlega í þá, yfir í það að hafa það hlutverk að halda innréttingunum á sínum stað. Þetta breyttist í raun með tilkomu svokallaðra vel-ferðarherðakambssláa, sem njóta vaxandi vinsælda en dæmi um slíka má sjá á meðfylgjandi mynd. Í raun eru til í dag ótal aðrar gerðir innréttinga, sem hafa þó það sama meginmarkmið að taka tillit til kúnna og þarfa þeirra í stað þess að vera einhvers konar takmarkandi búnaður á eðlilega hreyfingu kúnna.

Niðurstöður rannsóknarinnar, sem hér að framan var nefnd, sýndu skýrt fram á mikilvægi þess að herðakambssláin væri ekki fyrir kúnum þegar þær ætla að nota básana og því hærri sem herðakambssláin var, því hreinni voru þær! Hins vegar, og kemur það ekki á óvart, urðu kýrnar óhreinni því lengra fram í básnum sem herðakambssláin var. Þetta kemur heim og saman við fyrri ráðleggingar um að nota herðakambsslána til þess að „stilla af“ kýrnar í básunum. Eins og áður segir þá er í dag mælt með því að nota rétt staðsett bringuborð til þess að stilla kýrnar af í básunum í stað herðakambsslárinnar.

Breidd legubássins

Það er algengur misskilningur bænda víða um heim að einhverjar málsetningar í reglugerðum segi í raun til um hvað sé rétt að hafa bása langa eða breiða. Yfirleitt er það þannig að í reglugerðum er bara kveðið á um lágmörk, þ.e. minnstu mögulegu stærðir sem heimilt er að vera með.

Fullyrða má að oftar en ekki þá eigi að horfa til annarra þátta við stærðarval þegar básar eru hannaðir og framangreind rannsókn sýndi að breidd básanna hefur bein áhrif á hreinleika kúnna. Þannig urðu þær hreinni með breikkandi básum og fyrir hverja 10 sentímetra sem básarnir breikkuðu, lækkaði hlutfall óhreinna kúa um 18,5%!

Hvernig á að meta ástandið?

Til þess að meta hvernig staðan

er í fjósi á hverjum tíma er einna best og skilvirkast að skoða það hve margar kýr standa uppi í legubásunum á hverjum tíma. Ef margar kýr standa í legubásunum er ástandið í fjósinu ekki eðlilegt og bendir það til hönnunargalla í nærumhverfi þeirra. Þegar gert er svona mat á leguhegðun kúa þarf að fylgjast með að lágmarki 10 kúm sem leggjast niður og standa óhvattar aftur á fætur. Ef allt er eins og best verður á kosið ætti það að taka kýrnar að jafnaði um 5-6 sekúndur að standa á fætur og 15-20 sekúndur að leggjast niður eftir að kýrnar eru komnar upp í básana. Ef það tekur lengri tíma, þurfa kýrnar greinilega lengri tíma til að finna rétta stöðu áður en þær leggjast sem bendir til að eitthvað sé að í umhverfinu.

Það er líka góð aðferð að fylgjast með því hvernig kýrnar haga sér í legubásnum. Ef þær eru fljótar að stíga út úr legubásunum, t.d. ef þær eru reknar upp, þá bendir það til þess að ástandið sé ekki alvarlegt. Einnig má hafa til viðmiðunar ef kýrnar standa skáhallt í legubásunum og/eða liggja þannig, að þá er líklegt að þeir séu of litlir.

Þriðja vinnureglan, við mat á hönnun legubása, er að horfa á skítinn. Við venjulega dreifingu á stærð kúa ættu u.þ.b. 20% kúnna að vera það litlar að þær skíta upp í legubásana (þ.e. skítur í fimmta hverjum legubás). Á Íslandi hefur löngum þekkst mikill munur á stærð kúa innan sömu hjarðar, nokkuð sem er mun síður áberandi í erlendum hjörðum. Þessi staðreynd gerir það að verkum að oft getur verið erfitt að stilla innréttingar básanna rétt. Hér gildir þó að horfa þarf til stærstu kúnna, enda verða þær að komast fyrir á básunum. Vandi skapast þá með minni kýr, en það verður því miður ekki á allt kosið. Af þessu má leiða að því líkur að hérlendis fari meiri vinna í þrif á legubásum en gerist víða erlendis, þar sem kýr eru jafnari að stærð.

Í dag er til afar fjölbreytt framboð á innréttingum fyrir legubása.

Mýktin skiptir máli

Síðasta atriðið sem hér verður nefnt er mikilvægi þess að básaundirlagið sé mjúkt. Vitandi það að mjög mörg fjós á Íslandi eru með legubásadýnur er sérstaklega mikilvægt að minna á að tíð notkun kúa á legubásadýnum veldur auðvitað sliti á þeim og dregur úr mýkt þeirra eftir því sem líður á.

Danskar leiðbeiningar um gæði á dýnum segja að þær eigi að gefa eftir um 16-28 mm þegar kýrin stígur fæti á þær og að þær eigi að vera að lágmarki 50 mm og gjarnan 60 mm þykkar. Þá á yfirborð dýnanna að vera þannig hannað að það ýti ekki undir hárslit eða hárlausa bletti á kúnum.

Rétt er að benda á að þegar kýr fá sjálfar val um undirlag velja þær alltaf mjúkar dýnur. Það sem hefur þó áhrif á þetta val þeirra er staða þeirra innan hjarðarinnar þ.e. virðingarröðin.

Rannsóknir sýna nefnilega að kýrnar láta virðingarröðina ganga fyrir eigin þægindum við hvíld, þ.e. ef í boði er að liggja á mjúku undirlagi en t.d. við hlið háttsettrar kýr, þá velja kýr, sem eru lægra settar, frekar óþægilegt legusvæði. Í raun mjög skiljanleg afstaða, þær vilja fyrst og fremst frið, ró og næði til þess að jórtra.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Fyrir forvitin grunnskólabörn
Hekla er lítil, létt, forvitin og athugul. Hennar heimur er lífið og fólkið hennar á Egilsstöðum og nágrenni.
Pabbi Heklu, þarf að ferðast mikið vegna vinnunnar. Hans áhugi er að segja sögur, mæla allt og skrá. Hekla elskar ekkert meira en að ferðast með honum og skoða nýja staði. Enda forvitin mjög.
Allt virðist vera eins og það á að vera í lífi sjö ára stelpu. En fljótt skipast veður í lofti og saga Heklu tekur óvænta stefnu sem engann getur órað fyrir (þegar hún fýkur til Grænlands).
BÓKABÚÐ FORLAGIÐ · Pennan Eymundsson · SALKA

Gas lykkjubyssa
Frábær í girðingavinnuna og smíðina.
GERIÐ VERÐ-SAMANBURÐ

Kíktu á www.s-j.is
SKÚLASON & JÓNSSON
SKÚTUVOGI 6 | 104 REYKJAVÍK | SÍMI 568 6544 | www.s-j.is

TIL SÖLU BÆKUR EFTIR EFTIRTALDA HÖFUNDA:

GUÐRÚNU FRÁ LUNDI, HELGU SIGURÐARDÓTTUR MATREIÐSLUBÆKUR.

A GEIKIE ÚTG. 1879 EFNA- OG EÐLISFRÆÐIJARÐARINNAR.

DAVÍÐ STEFÁNSSON FRÁ FAGRASKÓGI, JÓN SVEINSSON NONNA.

JÓHANN M. BJARNASON, ÓLAF JÓHANN ÓLAFSSON, GUÐMUND KAMBAN, JÓN TRAUSTA.

HALLDÓR KILJAN LAXNESS.

SNORRA STURLUSON, HEIMSKRINGLA, EDDUKVÆÐI, FORNALDARSÖGUR O.FL.

ALLAR UPPLÝSINGAR Í SÍMA 844-1184

Tímarit Bændablaðsins
í tengslum við stórsýningu landbúnaðarins
Íslenskur landbúnaður 2022

Í október nk. gefur Bændablaðið út tímarit í tengslum við stórsýninguna **Íslenskur landbúnaður 2022** sem haldin verður í Laugardalshöll dagana 14.-16. október.

Markmið sýningarinnar er að kynna fjölbreytni íslensks landbúnaðar og hreinleika matvælaframleiðslunnar. Sýningin verður bæði á úti- og innisvæði þar sem bændum í bland við aðra gesti gefst tækifæri til að virða fyrir sér gagnleg tæki og tól í landbúnaði og rekstri. Allir félagsmenn í Bændasamtökunum fá boðsmiða á sýninguna og vænta má mikils fjölda gesta.

Tímaritið verður leiðarvísir gesta á sýningunni og mun m.a. innihalda gagnlegar upplýsingar um sýninguna, kynningar á þeim fyrirtækjum sem koma að sýningunni auk fræðandi og fjölbreytilegs efnis um málefni landbúnaðarins.

Lengd tímaritsins er yfir 100 síður og það er prentað á glanspappír í stærðinni A4 í 8.000 eintökum og verður dreift bæði á sýningunni sjálfri og víðar. Búist er við að um 100 fyrirtæki taki þátt í landbúnaðarsýningunni og býðst þeim að koma sér á framfæri í tímaritinu. Auk efnis um landbúnað verður í tímaritinu kynningarefni frá fyrirtækjum sem unnið er í samvinnu við blaðamenn en auk þess er boðið upp á hefðbundnar auglýsingar.

Æskilegt er að bóka auglýsingapláss og kynningar með góðum fyrirvara.
Nánari upplýsingar eru veittar í s. 563-0303 og gegnum netfangið thordis@bondi.is

STÓR-SÝNING Í LAUGARDALSHÖLL 14. - 16. OKTÓBER
Bændablaðið
ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR -2022-
MATVÆLASÝNING • TÆKJASÝNING • ÖFLUG DAGSKRÁ

Lely Center Ísland
SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

RML
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Nýting lífrænna áburðarefna

Eiríkur Loftsson
ráðunautur, Rekstrar- og umhverfissvið
el@rml.is

Snorri Þorsteinsson
ráðunautur, Rekstrar- og umhverfissvið
snorri@rml.is

Þórey Gylfadóttir
ráðunautur, Rekstrar- og umhverfissvið
thorey@rml.is

Notkun á lífrænum áburðargjöfum ásamt jarðvegsbætandi efnum kemur til með að aukast með hækkandi áburðarverði og aukinni umhverfisvitund. Einnig er ljóst að lífræn aðföng koma til með að berast eftir ýmsum leiðum inn í næringarefnahringrás ræktarlands á komandi árum.

Til að mynda verður óheimilt að urða lífrænan úrgang á næsta ári. Í samtölum við bændur hafa einnig komið fram áhugaverðar hugmyndir varðandi notkun á efnivið sem vert væri að prófa.

Gerður er greinarmunur á lífrænum áburði og jarðvegsbætandi efnum. Þannig hefur lífrænn áburður beint áburðargildi umfram önnur jákvæð áhrif sem hann kann að skapa fyrir plöntur. Jarðvegsbætandi efni hafa ekki bein áburðaráhrif, heldur aðallega jákvæð áhrif á ástand jarðvegs og á þann hátt aðeins óbein áhrif á vöxt plantna.

Búfjáráburð hafa bændur nýtt með ýmsum hætti og þekkja leiðir til að nýting hans verði sem best, en þær geta verið ólíkar eftir því á hvaða formi hann er. Þegar áburðaráætlanir eru gerðar er horft til áætlaðrar nýtingar á næringarefnum búfjáráburðar ásamt töflugildum um efnainnihald hans ef ekki eru til mæld gildi um það á viðkomandi búi.

Mælingar sýna að talsverður munur getur verið á þurrefni hans og innhaldi áburðarefni á milli búa. Köfnunarefni í búfjáráburði má skipta í lífrænt bundið köfnunarefni og ammoníum (ólífræna hluta köfnunarefnisins). Í áburðaráætlunum er mest horft á ammoníumhluta áburðarins til þess að áætla hve mikið af köfnunarefninu verði aðgengilegt fyrir plöntur fljótlega eftir dreifingu.

Lífrænt bundni hluti köfnunarefnisins verður hins vegar aðgengilegur samhliða því að búfjáráburðurinn brotnar niður í jarðvegi og því er erfiðara að meta ávinning þess hluta. Niðurbrotshraði lífrænna efna í jarðvegi er að hluta háður hitastigi jarðvegs og í köldu loftslagi líkt og á Íslandi má gera ráð fyrir að niðurbrotið gerist hægar og uppsöfnun næringarefna sé því nokkur.

Þannig eru langtímaáhrif af notkun búfjáráburðar ekki metin að fullu inn í áætlanagerð enda eru upplýsingar um niðurbrotshraða ólíkra lífrænna efna í íslenskum jarðvegi takmarkaðar. Við mat á áburðarþörfum er þó tekið mið af uppsöfnun vegna notkunar búfjáráburðar.

Sýnataka bænda úr búfjáráburði hefur aukist á undanförnum árum.

Taðhaugur.

Smá safn er komið upp af sýnum teknum úr haugum sem voru nokkurra ára gamlir og höfðu haft tíma til þess að brjóta sig. Það vekur athygli hve há gildi fyrir köfnunarefni eru í veðruðum haugum.

Gildi fyrir ammoníum virðast hins vegar lækka hratt og með tímanum er það fyrst og fremst lífrænt bundið köfnunarefni sem er eftir.

Notkun á sagi og hálmi til undirburðar bindur þvag og eykur þar með varðveislu á köfnunarefni, niðurbrotshraði verður hins vegar hægari enda þarf undirburðurinn lengri tíma til að brotna niður.

Þar sem mikið er af undirburði í búfjáráburði getur það tímabundið aukið þörf á köfnunarefnisgjöf fái hann ekki tíma til þess að brotna nægjanlega niður í haug.

Á næstunni verða haldnir kynningarfundir víða um land á vegum RML. Þar mun ráðunauturinn Cornelis Aart Meijlessem fjalla um ýmsar leiðir til nýtingar á lífrænum úrgangi og jarðræktarráðunautar RML fara yfir þætti sem tengjast m.a. notkun og nýtingu á búfjáráburði sem og öðrum lífrænum áburðarefnum. Skráning á fundina fer fram á heimasíðu RML.

DNA-sýnataka úr kvígum vegna erfðamengisúrvals

Guðmundur Jóhannesson
ráðunautur í nautgriparækt
mundi@rml.is

Það kann að hafa farið fram hjá einhverjum að nú er DNA-sýnataka úr kvígum að hefjast. Sýnataka er einn mikilvægasti hlekkurinn í framkvæmd erfðamengisúrvals en með arfgerðargreiningu gripa fást sem mestar og bestar upplýsingar um kúastofninn.

Vegna þess að arfgerðir taka breytingum með hverri kynslóð vegna endurröðunar erfðavísa þarf að taka vefjasýni til greiningar úr sem flestum fæddum kvígum á hverjum tíma. Það er því mælst til þess að allir bændur taki sýni úr öllum kvígum, nokkuð sem er ákaflega mikilvægt til þess að ná sem mestum og bestum árangri með þessu verkefni.

Sýnatakan hefur nú verið færð í hendur bænda sjálfra og verður með þeim hætti að sýni er tekið um leið og einstaklingsmerki er sett í gripinn. Til þess eru notuð sérstök merki sem eru með áföstu sýnatökuglasi og er slíkt merki sett í annað eyrað á hverri kvígu sem ætlunin er að taka sýni úr. Þessi merki er hægt að panta inni á bufe.is eins og önnur eyrnamerki.

Hægt er að velja um tvær tegundir merkja. Þar er annars vegar um að ræða merki frá OS í Noregi sem Plastiðjan Bjarg flytur inn og hins vegar merki frá AgroTag í Danmörku. Sýnatökumerkin frá OS eru svokölluð TST-merki en sýnatökumerki frá AgroTag heita MultiFlex Ddna.

Pantanir fara fram inn á bufe.is með sama hætti og þegar önnur eyrnamerki eru pöntuð. Breytingin felst í að þegar pöntuð eru eyrnamerki þarf að skipta pöntuninni þannig að hluti merkjanna sé til sýnatöku og hinn hlutinn hefðbundin eyrnamerki, það er í þeim tilvikum ef einnig vantar hefðbundin merki.

Þessu er best lýst með dæmi. Segjum að panta eigi 100 merki og næsta númer sé 801. Þá má t.d. byrja á að panta 50 stk. af hefðbundnum merkjum til notkunar í nautkálfa sem verða þá númer 801-850. Síðan eru pöntuð 50 stk. af merkjum til sýnatöku sem verða þá númer 851-900 og notast í kvígur. Auðvitað má snúa þessu á hinn veginn og hafa kvígurnar með lægri númerunum og á sama hátt má panta þann fjölda sem hentar í hvert skipti.

Athugið að fyrir TST-merkin frá Bjargi þarf sérstaka töng. Ákveði menn að skipta yfir í AgroTag merki er ekki hægt að nota sömu töng og fyrir merkin frá Bjargi. Hins vegar er ein og sama töngin notuð fyrir allar merkjagerðir frá AgroTag.

Merking fer svo fram með sama hætti og áður nema hvað úr öðru eyra kvígukálfanna er tekið sýni, það er notað merki með sýnatökuglasi. Að lokinni merkingu er sýnið svo sett í box í mjólkurhúsinu þar sem mjólkurbílstjórinn tekur sýnið eða sýnin í næstu ferð. Þetta box eiga allir kúabændur að vera komnir með í hendurnar. Þannig þarf hver og einn bóndi ekki að hafa neinar áhyggjur af sendingu sýnanna.

Merki og töng vegna vefjasýnatöku.
Mynd / Úr kennslumyndbandi RML

Það þarf heldur ekki að skrá sýnatökuna því númer sýnisins er einstaklingsnúmer gripsins. Þannig er tryggt að viðkomandi sýni sé úr þeim grip sem ber sama númer.

Einhverjir kunna að velta fyrir sér af hverju eru bara tekin sýni úr kvígum. Því er til að svara að vegna smæðar íslenska kúastofnsins er fjöldi afkvæmaprófaðra nauta takmarkaður. Það þýðir að til þess að ná nægum fjölda arfgerðargreindra gripa til þess að ná ásættanlegu öryggi verðum við að nota arfgerðargreingar á kúm/kvígum. Þess vegna er farin sú leið að taka sýni úr kvígum. Sýni verða svo tekin úr völdum nautkálfum sem koma til greina á nautastöð vegna kostnaðar við hverja arfgerðargreiningu þegar þar að kemur.

Kostnaður við arfgerðargreiningarnar sjálfar verður greiddur af sameiginlegum fjármunum greinarinnar. Bændur greiða einungis þann mun sem er á verði hefðbundins eyrnamerkis og eyrnamerkis með sýnatökuglasi. Sá munur er um 400-600 kr. á grip.

Hvaða niðurstöður gefa þessar sýnatökur?

Ein fyrsta og mikilvægasta niðurstaðan er staðfesting á ætterni. Sýnin eru arfgerðargreind og út frá þeim og öðrum upplýsingum er reiknað erfðamat, það er mat á kynbótagildi gripsins. Það mat liggur því fyrir nánast um leið og niðurstöður greiningarinnar eða mun fyrr en sambærilegt hefðbundið kynbótamat. Ávinningurinn af arfgerðargreiningum liggur í mun hraðari erfðaframförum fyrir stofninn með styttu ættliðabili, staðfestum ætternisupplýsingum og öruggara mati. Þannig verður til dæmis hægt að velja nautsmæður með sama öryggi og reynt naut.

Hver og einn bóndi getur svo t.d. nýtt niðurstöðurnar til vals á gripum. Þannig má til dæmis hugsa sér að allra lökustu kvígunum verði fargað og þær efnilegustu sæddar með nautsfeðrum. Þá má einnig sæða lökustu gripina með holdasæði en hafið í huga að ekki er heimilt að sæða íslenskar kvígur með slíku sæði. Upplýsingar um eiginleika sem stýrast af einföldum erfðum, t.d. arfblendni fyrir horn og jafnvel litaafbrigði, verður vonandi hægt að fá úr sýnunum þegar fram líða stundir.

Á heimasíðu RML er að finna nánari upplýsingar um sýnatökuna og framkvæmd hennar, meðal annars leiðbeiningamyndband og síðu með spurt og svarað. Þá er ávallt velkomið að hafa samband, annaðhvort í síma 516 5000 eða með tölvupósti en netföng starfsmanna má sjá á www.rml.is.

Lely Center Ísland
Grammer sæti

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Flugnanet Flugnanet
Nú er orðið tímabært að panta net fyrir glugga og hurðir, sumarið er handan við hornið!
Tíminn er fljótur að líða...
Upplýsingar
flugnanet@gmail.com www.ölfus.is sími 8959801

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA



Myndin sýnir samanburð á þróun verðlags samkvæmt greiningu á neysluvísitölu fyrir árin 2016–2022 (febrúar). Frá upphafi árs 2016 hafa matvæli hækkað um 18% og lambakjöt 16%. Hækkun vísitölu yfir sama tímabil er 22,3%. Hrun afurðaverðs 2016 og 2017 kom fram í lækkuðu smásöluverði. Það er ekki fyrr en nú á síðustu árum að sú leiðrétting hefur náðst til baka. Eftir er síðan að taka tillit til hækkunar aðfanga árið 2021 og síðan þeirra hækkana sem orðnar eru og munu verða, dragist stríðið í Úkraínu á langinn.

Verðþróun lambakjöts á stríðstímum

Trausti Hjálmarsson.

Vorið er á næsta leiti og sauðburður rétt handan við hornið. Sauðfjárbændur eru margir hverjir uggandi yfir sinni afkomu, hvert verður endanlegt skilaverð á dilkakjöti til bænda haustið 2022? Við vitum sem er að rekstur sauðfjárbúa hefur á síðastliðnum árum verið afar erfiður. En hvernig sjáum við afkomu okkar þróast á þeim óvissutímum sem nú eru?

Árið 2021 varð gífurlega hækkun á öllum rekstrarvörum bænda, hækkanir sem eiga sér ekki mörg fordæmi og eru enn ekki að fullu komnar fram. Þá er ljóst að stríðið í Úkraínu er nú þegar farið að hafa áhrif á viðskipti með matvæli um allan heim. Dragist stríðið á langinn verða áhrif á matvælaverð enn meiri.

Aukinn kostnaður við framleiðslu á vörum kallar á aðhald í rekstri. Hvað varðar sauðfjárbændur er ljóst að nú þegar er búið að leita allra leiða til hagræðingar í rekstri. Það er því óhjákvæmilegt annað en að þær kostnaðarhækkanir sem nú dynja á okkur munu þurfa að koma fram í hækkuðu afurðaverði. Sauðfjárbændur hafa síðan frá verðfallinu 2016–2017 lagt sig fram við að sýna því skilning að það tekur tíma að ná markaðslegu jafnvægi, og þannig að ná fram leiðréttingu á afurðaverði samhliða jafnvægi í framleiðslu og sölu. En lengra verður ekki gengið í því að ætla sauðfjárbændum að framleiða lambakjötið án sanngjarnrar afkomu.

Íslenskir neytendur vilja hafa aðgang að lambakjöti og hverjir eru betur til þess fallnir að framleiða lambakjöt en íslenskir sauðfjárbændur, bændur sem hafa með útsjónarsemi og réttum ákvörðunum í gegnum tíðina tekist að byggja upp framleiðslu á hágæðavöru fyrir íslenska neytendur?

Eina leiðin til að tryggja neytendum aðgang að íslensku lambakjöti er að tryggja sauðfjárbændum afkomu, sanngjarna afkomu af sinni vinnu. Við þurfum að fara í sameiningu yfir það hvort við séum að skipta kökunni rétt. Getum við sameinast um það að hækka það hlutfall sem bændur fá af endanlegu skilaverði? Það er verkefni afurðastöðva og verslana. Bændur hafa ekki aðkomu að verðlagningu á lambakjöti þannig að við verðum að treysta á aðra í þeim efnum. Það þarf að vera samstarfsverkefni allra aðila virðiskeðjunnar að rétta hlut sauðfjárbænda.

Trausti Hjálmarsson, formaður deildar sauðfjárbænda hjá BÍ



FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Loftur Erlingsson
Löggiltur fasteignasali
GSM 896-9565
loftur@fasteignasalan.is

Alhliða fasteignasala
Kynslóða- / eigendaskipti bújarða
Stofnun og skráning landspildna og lóða

Fasteignasalan Bær • Austurvegi 26 • 800 Selfoss
Sími: 512 3400 • www.fasteignasalan.is

— Strandperlur Austur-Þýskalands —

24. - 30. ágúst | Sumar 14
Fararstjóri: Kristín Jóhannsdóttir

Strandborgin Stralsund í Þýskalandi er falleg miðaldaborg og þaðan heimsækjum við áhugaverða staði sem eiga sér mikla sögu. Við förum til eyjanna Rügen og Usedom sem voru hluti af Þýska alþýðulýðveldinu. Usedom eyja er að hluta í Póllandi og því fáum við innsýn í sögu og stöðu Póllands. Seinni hluta ferðarinnar er dvalið í heimsborginni Hamborg þar sem m.a. má finna listasöfn og fílharmóníusveit á heimsmælikvarða en á leiðinni þangað verður komið við í marsipanborginni Lübeck.

Verð: **214.900 kr.** á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!

spori ehf

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 Reykjavík

Líf ræn hreinsistöð

- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Sjáumst á Verk og vit 24-27. mars

VINNUPALLAR EHF
Smiðsbúð 10, 210 Garðabæ - s. 787 9933
vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

VÉLABÁSINN

Ford Mustang fjórhjóladrifinn, 100% rafmagnsbíll

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	2.086 kg
Hæð	1.624 mm
Breidd	1.881mm
Lengd	4.713 0mm

Ford Mustang Mach-ESR AWD.

Myndir / HLJ

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Ford Mustang hefur verið þekkt vörumerki síðan 1961 þegar fyrsti prufubíllinn var framleiddur, en 1965 var byrjunin á gullaldarárum Mustang og seldust yfir 2 milljónir Mustang bíla á árunum 1965 til 1969. Metsala var 1966 þegar 607.568 Mustang bílar voru seldir á einu ári.

Nú er Ford komið með nýjan 100% rafmagnsknúinn fjórhjóla-drifinn Mustang sem hægt er að fá í fimm mismunandi útfærslum. Ódýrasti Mustang Mach-E er á verði frá 6.890.000 og sá dýrasti er Mach-E GT LR, sem er 487 hestöfl og kostar frá 10.990.000.

Prófaði Mustang Mach-E SR AWD

Mustanginn sem var prófaður er sagður vera 269 hestöfl, á að geta farið úr kyrrstöðu í 100 á 5,6 sek., fjórhjóladrifinn með 75kWh, en hægt er að fá stærri rafhlöður, eða 98 kWh, sem eiga að koma bílnum í allt að 610 km við bestu skilyrði. Uppgefin drægni á prufubíl er um 400 km. Mustang er þannig útbúinn að þegar maður setur í gang mælir hann hitann úti og gefur þá upp drægnina miðað við hitastig við gangsetningu sem var 358 km, í mínu tilfelli í tveggja stiga hita.

Fyrri daginn keyrði ég bílinn um 200 km og taldi rafhlaðan tiltölulega rétt niður í samræmi við ekna kílómetra.

Seinni dagurinn var kaldari og líka verra færi og taldi mælirinn heldur hraðar niður. Eknir voru um 80 km, en rafhlöðumælirinn taldi nálægt 100. Taka skal fram að bíllinn var kaldur og ekki í hleðslu yfir nóttina, en hleðslan hitar rafhlöðuna.

Fannst það ókostur að þurfa alltaf að muna að kveikja ljósin í hvert sinn sem ég fór af stað til að fá afturljósin á.

Á gamla Mustang var oft kíkt á 8 strokka vélina, en í þessum er lítið farangursrými.

Ekki skemmtilegt að prófa bíl á skemmdu og holóttu slitlagi

Ástand vega hér í Reykjavík er þannig að sumar götur er vart keyrandi vegna holuskemmda. Smæstu holurnar í Reykjavík voru verri fyrir fjöðrunina á bílnum en holótti malarvegurinn heim að sveitabænum í Kjósinni sem ég keyrði. Ég var ekkert að hlífa bílnum fyrir holunum þar, vitandi að ég væri á bíl sem var yfir tvö tonn og ekkert varadekk og því í hættu á að höggva dekk í holu. Holur í hefðbundnum malarvegum eru mun hættuminni en malbiksholur með sínar hvössu brúnir sem þarf að varast mun meir á þyngri bílum. Á þeim vegum sem malbik var óskemmt var virkilega ljúft að keyra bílinn. Eins og alla bíla sem ég prófa þá hávaðamældi ég hann á 90 km hraða og kom Mustanginn ágætlega út í mælingunni, var 67,8 db og það á vetrardekkjum.

Þegar mælaborðið segir að 79 km séu eftir á rafhlöðu kemur viðvörun og áminning um að fara að hlaða bílinn.

Fjórhjóladrifið virkaði vel í hálku og bremsur líka

Bíllinn er fljótur að hitna að innan og gott að hafa hita í stýrinu. Almennt eru aksturstölvur í nútímabílum flóknar fyrir mér, en í þessum bíl fannst mér ég vera nokkuð laginn við að læra á það sem ég var að leita eftir.

Bíllinn er með mikið af ýmiss konar öryggisbúnaði og þægindum, svo sem upphitaða framrúðu, akreinalesara, árekstrarvara, nema sem skynjar gangandi vegfarendur, blindhornsvara og ýmislegt fleira. Á nokkrum stöðum þar sem ég ók var mikil hálka og fannst mér fjórhjóladrifið skila bílnum vel áfram. Hann var fljótur að ná hraða, en vitandi af miklum þunga bílsins þá fannst mér hann bremsa óvenju vel miðað við skriðþunga og bremsaði nánast alltaf beint í hálkunni.

Gott verð miðað við það sem í bílnum er

Farangursrýmið er gott, en geymslu-rými er bæði að framan og aftan. Að vísu frekar lítið að framan sem tekur ekki nema tvo til þrjá innkaupapoka.

Sætin eru góð, bæði fram- og aftursæti, en þegar ég settist í aftursætið minntist ég aftursætanna í gamla 1966 Mustang sem voru einn

Ekkert varadekk, bara pumpa og vökvi sem bjarga engu þegar dekkin höggvast í sundur í hvössum malbiksholum.

Bakkmyndavélin er mjög góð og sýnir tvær myndir.

helsti ókostur þeirra bíla og ekki góð fyrir lengri keyrslur. Þegar ég bar saman það sem í bílnum er og verðið þá finnst mér ekki mikið verð fyrir bílinn, 7.990.000. Samt

Bremsudælurnar eru næstum eins stórar og í vörubíl, en þær virka vel.



Mæling á hávaða upp á 67,8db. er ágæt í rafmagnsbíl á 90 km hraða. Allt yfir 69-70 finnst mér hins vegar óásættanlegt í rafmagnsbíl.

hefði ég viljað sjá varadekk. Eins að maður þurfi ekki að muna að kveikja ljósin í hvert skipti sem maður leggur upp í ökuferð til að fá ljósin aftan á bílnum til að vera löglegur í umferðinni. Bíll sem er 2.086 kg er í mikilli hættu á að höggva dekk í færð eins og verið hefur að undanförnu. Þar sem að dekkin eru af stærðinni 225/55/19 er ekki nema um 12 cm fjöðrun sem maður fær út úr hjólbarðanum.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Slys tengd ökutækjum of algeng

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Slys í tengslum við ökutæki eru of algeng, en oft má rekja slys til vanþekkingar og gáleysis í umgengni við ökutæki.

Frá því að ég, sem pistlahöfundur í þessum greinum sem nefnast Öryggi-Heilsa-Umhverfi, hóf að afla mér efnis og skrifa um eigin hugrenningar um ýmisleg efni sem ég tel að gætu komið einhverjum að gagni, hef ég oft vitnað í vefsíðu írsku heilbrigðisstofnunar, www.hsa.ie. Það er margt líkt á Írlandi og hér heima á Íslandi, en HSA (Health and Safety Authority) eru dugleg að gefa út fréttatilkynningar um stöðu mála í forvörnum, slysum og gefa út mikið af fræðslu- og endurmenntunarefni til forvarnar.

HSA hefur gefið út bækling fyrir 65 ára og eldri um umgengni við nýjustu stóru dráttarvélarnar.

Þótt síðasta ár á Írlandi hafi verið gott má efla forvarnir

Á síðasta ári fækkaði banaslysum á Írlandi um 30%, fór úr 54 árið 2020 í 38 á síðasta ári, en við skoðun á öllum slysum á Írlandi var alls staðar fækkun á milli ára nema í tengslum við ökutæki.

Landbúnaðarstörf hafa í mörg ár verið hættulegustu störf Írlands og á meðaltali síðustu ár hafa verið að látast á bilinu 20-34 árlega við landbúnaðarstörf. Árið 2020 þótti gott, en þá létust 20 við landbúnaðarstörf. Síðasta ár sló öll met, banaslysum við landbúnað fækkaði um meira en 50% og létust ekki „nema“ 9 við landbúnaðarstörf á síðasta ári. Það er metár frá því að byrjað var að skrá niður slys við írskan landbúnað. Þrátt fyrir gott ár kom í ljós við skoðun að fækkun slysa var minnst í kringum ökutæki. Því á að fylgja eftir með fræðslu og endurmenntunarnámskeiðum tengdum öllum ökutækjum.

Of fá fjórhjól eru með veltigrind á Íslandi og of oft sjást ökumenn fjórhjóla án hjálms.

Allt skoðað og brugðist við með fræðslu

Skýrslur HSA sýna að á síðustu 5 árum, frá 2017–2021, hafa orðið 102 banaslys á vinnustöðum á Írlandi vegna ökutækja. Nýjustu upplýsingar um banaslys á vinnustað fyrir árið 2021 sýna að 16 (42%) af 38 vinnutengdum banaslysum voru ökutæki.

Síðustu tvö ár voru algengustu ökutækin sem tóku þátt í vinnutengdum banaslysum bílar (7), dráttarvélar (6) og tengivagnar (5).

Í nýjasta átaki HSA er stefnt á að ná sambærilegri fækkun og í öðrum slysum við öll ökutæki með endurmenntunarnámskeiðum og útgáfu af fræðsluefni. Ekki bara akstur á tækjunum heldur umhirða, viðhald, hleðsla og afferming, nýjungar og fleira sem kafað verður í. Meiningin er að koma upp sambærilegu skilvirku eftirliti sem er víða í vinnuferlum í svipaðan farveg fyrir ökutæki.

Endurmenntun meiraprófsbílstjóra og sjómanna

Þó að íslenskir meiraprófsbílstjórar séu margir að gagnrýna endurmenntunarnámskeið hér eru þau gagnleg. Vissulega má bæta þau sérstaklega hvað varðar nýjungar á tækjum og efla betur skyndihjálparþáttinn. Atvinnubílstjóri sem er alltaf á ferðinni er mun líklegri að keyra fram á slys þar sem fyrstu hjálpar kunnátta gæti skipt sköpum fyrir þann slasaða.

Margumtalaður góður árangur í slysavörnum sjómanna við strendur Íslands er vel þekktur út fyrir landsteinana og ófáir erlendir forsvarsmenn sjómanna hafa kynnt sér góðan árangur Slysavarnaskóla sjómanna hér á landi til þess að læra af góðum árangri Íslendinga.

Verkefni fyrir búnaðarfélög og björgunarsveitir?

Hjá Samgöngustofu hafa verið gerð mörg forvarnarmyndbönd um akstur á vegum við ýmsar aðstæður og sýnt í sjónvarpi, en einhvern veginn finnst mér að það mætti líka huga að dráttarvélum, fjórhjólum, vögnum og ýmsum tækjum sem hengd eru aftan í ökutæki. Hugsanlega væri hægt að tvinna þetta saman við skyndihjálparnámskeið sem gæti verið tekjulind fyrir björgunarsveitir og búnaðarfélög.

Notaðar Vélar

Verkfæri ehf hefur áratuga reynslu af innflutningi á notuðum vinnuvélum og tækjum.

Við sjáum um:
- Innflutning
- Umsýslu
- Ástandsskoðun
- Þjónustu

VERKFÆRI EHF

Sími:544-4210
www.verkfaeriehf.is
sale@verkfaeriehf.is
Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi

KROSSGÁTA Bændablaðsins

171	SNEIÐA	SALLI	TÍMABILS	DETTA		NÆPA	SEFA	HLJÓÐFÆRI	VESÆL	
SKRÍN										SNEPLA
LYGN					NAUTNA-LYF					
KVK NAFN					FARMUR / SNJÁLDUR					
Í RÖÐ / MÁLMUR			VÍSA / ÁRSTÍÐ						BÖÐLAST	
		EYÐA	DÓM-GREIND / Í RÖÐ				ELDI		TVEIR EINS / ROSA		
ÞÓ					TVÍHLJÓÐI / FORMA			BYLGJAST				BALAR
NIÐUR-FELLING						EINÓMUR / FÁEINAR				UMSTANG / MÁLREIF		
TVEIR EINS			SVEIMA / ÆMT					EFTIRSJÁ / HUGBOÐ				
RÁMUR				PLAN / LOKKAR					YRKJA / SVIPAN			
		UNGUN / AFGANGUR					BLÓMI / SEPI				ÓSKIPU-LAG	
TRÉ					STIRÐ-BUSI						EMJAN / HRÓPA	
ILL					FLANDUR					SKART / TVEIR EINS		
LIPURÐ					VARA						SAM-STÆÐA		
HINDRAR							ATFERLI					

HÖFUNDUR BH • BRAGI@TH.IS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

170	LANGA	BÖN-BJARGIR	SPRUNGA	FORMA		ÝFI	RISTA	ÚTKLJÁ	UMBER	
NAUÐ-HYGGJU	L	Ö	G	H	Y	G	G	J	U	HVERFAST
HÍTA	Y	L	J	A	FJANDANS	Á	R	A	N	S
HNEISA	S	M	Á	N	TÆTT / ÞORA	R	I	F	I	N
Í RÖÐ / SPJALL	T	U	KÆR / FJÖRUGUR	N	Á	I	N	N	PLANTA	Ú
	V	KJÁNI	ÓNÁÐAR / ÁTT	R	A	S	K	A	R	MÆÐA / FARAR-TÆKI	D	A	S	A
UPPFYLLA	E	F	N	A	SKYLDIR / ÞRÚTNUN	A	Á	HEIÐUR	Æ	R	A	SJÚK-DÓMUR / DANGL	M	S
KRAP	S	L	A	B	B	NÖLDRA / SLIT	T	U	Ð	A	KÆNU / FESTA	B	Á	T
LÍNA	T	Ó	NABBA / EIN-DREGIN	B	Ó	L	U	ÁVINNUR / SÍÐARI	A	F	L	A	R	STARTARI
ÞAR TIL	U	N	S	FISKUR / ÞJÓTA	L	Ú	R	A	BEIÐNIR / HANDÓÐ	B	Æ	N	I	R
	R	GILDI / HANGA	V	Æ	G	I	HRESS / GED	F	R	Í	S	K	BETUR	Æ
STAFLA	H	L	A	Ð	A	LÍKJA EFTIR / UTAN	S	T	Æ	L	A	TVEIR EINS / STANSA	S	S
ENDAST	V	A	R	A	ÁSKORUN / ÁTT	Á	K	A	L	L	HLASS / TVEIR EINS	Æ	K	I
VAFI	E	F	I	SNERILL	S	N	A	R	I	SKERI	L	J	Á	R
RÍKJA	L	A	N	D	A	FARANGUR	P	I	N	K	L	A	R	

HÖFUNDUR BH • BRAGI@TH.IS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
kemur næst út 7. apríl
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR



Urriðafoss

Ábúendurnir á Urriðafossi fluttu úr Reykjavík rétt fyrir jól 2016 og voru síðan tekin við rekstrinum á kúabúinu stuttu síðar.

Þau hrintu hugmyndum að breytingum strax af stað, þær helstu að skipuleggja gistingu ofan við Urriðafoss.

Býli: Urriðafoss.

Staðsett í sveit: Flóahreppi á Suðurlandi.

Ábúendur: Birna Harðardóttir og Haraldur Einarsson.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Börnin okkar þrjú heita Matthilda, f. 2013, Einar Hörður, f. 2015 og Inga Lilja, f. 2018.

Stærð jarðar? 250 ha.

Gerð bús? Kúabú, ferðaþjónusta og laxveiði.

Fjöldi búfjár og tegundir? Um 150 nautgripir, þar af 65 mjólkurkýr. Fjósakettirnir Kátur og Pjakkur ásamt bæjarhröfnunum.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Fjósverk og gjafir á morgnana. Þrif, viðhald og annað sem fellur til áður en vinnudagurinn klárast í fjósinu. Birna sinnir ferðaþjónustunni; bókunum, undirbúningi og þrifum. Kvöldin oft í heita pottinum ef það eru ekki fundarhöld í félagsmálum.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Halli: Skemmtilegast er að vitja um netið í ánni. Birna: Hönnun og undirbúningur næsta ferðahúss.

Leiðinlegast er alveg klárlega að gera við flórsköfur.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Með svipuðu sniði. Vonandi aðeins fleiri kýr og meiri ferðaþjónustu.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu íslenskra búvara? Vöruþróun á okkar heilnæmu vörum. Framsetningu í verslunum. Útiræktun með hlýnandi loftslagi, bæði til manneldis og fóður fyrir dýr.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Ostur og smjör, lárpera og skyr er alltaf til.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Föstudagspitsan.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Brúðkaupið okkar í skemmunni.

MATARKRÓKURINN

Nautasteik og bernaise-smjör

Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari
bjarnigk@gmail.com

Nautasteik með bernaise-smjöri

- 4 stk. hvítlauksgeirar
- 3 stilkar rósmarín
- 4 msk. smjör
- 3 msk. olífuolía
- 3 msk. Maldon salt
- 2 msk. svartur pipar
- 400 g möndlukartöflur (ratte)
- 100 g smjör
- 100 g rjómi
- 200 g mjólk
- 1dl ólífuolía

Hitið pönnu þannig að hún verði rjúkandi heit. Bætið olíunni út á og steikið kjötið. Bætið timjan, rósmarín og hvítlauknum út á pönnuna.

Snúið steikinni við og bætið smjörinu á pönnuna. Setjið smjörið yfir steikina með skeið og látið freyða yfir kjötið.

Setjið inn í ofn og bakið við 100 ° þar til kjarnhiti nær 50°.

Skerið kartöflur í litla strimla og djúpsteikið (eða kaupið tilbúnar franskar).

Líka er hægt að gera kartöflumauk: Afhýðið kartöflurnar og sjóðið í mjólkinni og smá vatni. Sigtið þegar þær eru klárar og pressið í gegnum kartöflupressu eða með gaffli. Setjið í pott aftur og blandið sjóðandi rjóma við og smjörinu. Kryddið til með salti.

Berið steikina fram með smjörinu, frönskum kartöflum eða kartöflumúsinni.

Bernaise-kryddað brúnt smjör

- 1 stk. smjör (500 g)
- 4 msk. ólífuolía
- 2 stk. hvítlauksrif
- ½ búnt steinselja
- 8 msk. hvítvínsedik
- safi úr ½ sítrónu
- 3 stk. litlir skalottlaukar
- ½ búnt estragon
- svartur pipar
- Maldon sjávarsalt

Setjið helminginn af smjörinu í pott og látið á helluna við miðlungsháan hita. Þegar smjörið fer að freyða, hrærið þá með písk og takið af hellunni. Smjörið ætti þá að gefa frá sér hnetukeim og vera ljósbrúnt að lit.

Látið kólna aðeins og blandið svo öllu kryddinu saman við.

Bætið svo olíunni við og restinni af smjörinu, hrærið vel saman við (má setja í matvinnsluvél) og framreiðið kalt með kjötinu eða við stofuhita.

Kökukúlur eða kökupinnar

Kökur og sætindi á pinna er í tísku og slíkt er auðvelt að gera.

- Pinnar
- Hvítt súkkulaði
- 113 g smjör við herbergishita

- ½ bolli vatn
- 5 tsk. þurrger
- ¼ bolli sykur
- ½ tsk. salt
- 1 bolli hveiti
- 3 egg og ein eggjarauða
- börkur af einni sítrónu (líka er hægt að nota lime, ef ekki er til sítróna)
- 4 bollar af jurtaolíu

Hitið vatnið og blandið því saman við gerið, bætið smá sykri út í (fyrir gerið) og látið bíða í um 5 mínútur.

Á meðan beðið er, blandið saman þurrefnum og sítrónu eða lime-berki saman í skál.

Bætið þurrefnunum út í og svo eggjunum. Passið að hræra ekki of lengi, annars getur deigið orðið seigt. Hrærið ekki lengur en tvær til þrjár mínútur. Leyfið deiginu að hefast.

Rúllið út á hreint borð með smávegis hveiti. Skerið út litla sæta hringi með kökumóti, til að allir hausarnir verði jafnstórir. Bakið í ofni við 180 gráður þar til prjónn, sem stungið er í kökurnar, kemur hreinn út (um 10-20 mínútur).

Kælið kökuna.

Líka er hægt að gera kúlur með því að blanda kökumulningi við hvítt súkkulaði og velta upp úr þurrkuðum hindberjum eða öðru kökuskrauti. Þær er auðvelt að setja á pinna og framreiða fallega á fati.

HANNYRÐAHORNIÐ

Páskatuskur

Okkur mæðgum þykir gaman að eiga fallegar tuskur. Páskarnir nálgast og þá er gaman að eiga gular tuskur með fallegu blaðamynstri. Þessar eru prjónaðar úr dásamlega bómullargarninu Drops Safran.

DROPS Design: Mynstur e-282.

Efni:

ca 24x24 cm.

Garn: DROPS SAFRAN (fæst í Handverkskúnst)

- 50 g (litir á mynd: nr 10 vanillugulur og nr 11, skærgulur)

Prjónar: nr 2,5 eða þá stærð sem þarf til að fá 26 lykkjur = 10 cm í sléttu prjóni.

Garðaprjón (prjónað fram og til baka): Lykkjurnar eru prjónaðar slétt í öllum umferðum.

Mynstur: Sjá mynsturteikningu A.1, A.2 og A.3. Mynsturteikning sýnir allar umferðir í mynstri séð frá réttu.

Mynstur

□ = slétt frá réttu, brugðið frá röngu

⊠ = brugðið frá réttu, slétt frá röngu

= prjónið 2 lykkjur brugðnar saman

= takið 1 lykkju óprjónaða, prjónið 1 lykkju brugðna og steypið óprjónuðu lykkjunni yfir

= sláið 1 sinni uppá prjóninn á milli 2 lykkja, uppslátturinn er prjónaður slétt/brugðinn í næstu umferð (það eiga að myndast göt

TUSKA: Tuskurnar eru prjónaðar fram og til baka.

Fitjið upp 67 lykkjur á prjóna nr 2,5 með Safran. Prjónið 3 umferðir slétt, prjónið 1 umferð slétt og aukið út um 6 lykkjur jafnt yfir í umferð = 73 lykkjur. Prjónið síðan áfram eftir mynsturteikningu frá réttu þannig: Prjónið 2 lykkjur í garðaprjóni – sjá útskýringu að ofan, A.1 yfir 15 lykkjur, A.2 yfir 40 lykkjur (= 2 sinnum á breidd), A.3 yfir 14 lykkjur og prjónið 2 lykkjur í garðaprjóni. Haldið svona áfram að prjóna eftir mynsturteikningu þar til mynsturteikning hefur verið prjónuð 2 sinnum á hæðina. Prjónið síðan mynsturteikningu 1 sinni til viðbótar, en endið eftir umferð merktri með ör. Prjónið 1 umferð slétt þar sem fækkað er um 6 lykkjur jafnt yfir = 67 lykkjur. Prjónið 3 umferðir slétt og fellið af með sléttum lykkjum í næstu umferð.



Klippið frá og festið enda.

Prjónið eina tusku í hvorum lit eða nokkrar í alls konar litum.

Prjónapáskakveðja,
mæðgurnar í Handverkskúnst
www.garn.is

Létt

		7			9	8	2	
	1		5		7	3		
	9	4		1	3			5
8				4	1			7
4		1				2		6
3			2	7			8	4
			7	8		4	1	
		5	6		2		9	
	8	2	1			5		

Miðlungs

	5	1				4	7	
			3		6			
6		4				2		3
	7		5		4		9	
			2		3			
	6		8		9		1	
1		5				7		8
			7		1			
	2	8				1	6	

Þung

4				7			1	
		1			9			
9	2				8	6		
6	5				1			
		4				3		
			2				5	8
		7	3				8	1
			7			2		
	3			4			7	

Þyngst

				5			1	
			8					
		1		7		3	8	
5			3					6
	9						2	
7					6			8
	3	8		2		9		
					7			
	5			4				

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Bóndi og búðarkona

Eik býr í Lundarreykjadal og gengur í Grunnskóla Borgarfjarðar.

Nafn: Eik Logadóttir.

Aldur: 6 ára.

Stjörnumerki: Vog.

Búseta: Steinahlíð í Lundarreykjadal.

Skóli: Grunnskóli Borgarfjarðar.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Að baka.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hundur.

Uppáhaldsmatur: Pitsa.

Uppáhaldshljómsveit: Daði og gagnamagnið.

Uppáhaldskvikmynd: Frozen.

Fyrsta minning þín? Þegar ég sá krókódíl í dýragarði á Costa del Sol.

Ætlar þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég æfi boltaíþróttir.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Bóndi og búðarkona.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Bruna á skíðum á Ítalíu.

Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt um páskana? Borða súkkulaðiegg.

Næst » Ég skora á Sunnevu Líf Jónsdóttur að svara næst.

UTAN ÚR HEIMI

Muskin, sveppaleður, fundið upp af fyrirtækinu Zero Grado Espace og framleitt án mengandi efna.

Plöntuleður

Gerð sveppaleðurs er nú ásamt öðrum plöntuleðrum, að ryðja sér rúms í stað vinnslu dýrahúða er notaðar hafa verið grimmt í tískuvörur að minnsta kosti síðastliðinn árhundruð.

Um er að ræða sjálfbæra lífræna ræktun, en sveppi er hægt að rækta án mengandi efna og eftir notkun má meðal annars nýta úrganginn sem lífrænan áburð. Með því er komið á algerlega hringrænu hagkerfi þar sem tekið er til mismunandi stiga, allt frá framleiðslu og nýtingu til úrgangsstjórnunar og markaðar fyrir endurunnin hráefni.

Að auki getur leðurframleiðsla úr sveppum komið í stað dýraeldis undir merkjum iðnaðar þar sem dýr eru gjarnan ræktuð til þess eins að vera slátrað og húð þeirra nýtt í tískuvarning.

Rakadrægt og létt leður

Leður sveppa er framleitt úr stærsta hluta hans, svokölluðum sveppaþráðum, sem má finna neðanjarðar og mynda gríðarlega stórt net sem hefur verið kallað mýsli (lat. mycelium). Þeir sem standa í þessari framleiðslu velja gjarnan undirlag þar sem sveppir myndast og vaxa auðveldlega, líkt og sag, viðarflögur og slíkt – en þá er það vætt og sett í þartilgerða poka sem eru sótthreinsaðir svo bakteríur hægi ekki á vaxtarferlinu.

Til að ná sem bestum árangri þarf síðan að gæta að raka, loftræstingu og hitastigi svo sveppaþræðirnir fjölgi sér hvað mest. Þegar æskilegri stærð er náð er pokinn opnaður og innihaldinu þjappað saman. Á þessum tímapunkti geta framleiðendur breytt áferð og lit þráðamassans, áður en hann er flattur út og þurrkaður, en með lagni kemur útkoman til með að líkjast öllu frá kúa-til krókódíla- eða slönguskinnsleðri.

Komið hefur í ljós að þær vörur sem unnar eru úr leðrinu valda ekki húðertingu hjá fólki sem viðkvæmt er fyrir og dregur leðrið í sig svita án þess að mynda lykt – t.a.m. í tilvikum eins og við notkun íþróttaskóa – enda taka sveppir í sig mikinn raka við eðlilegar aðstæður. Reyndar þykir leðrið bæði létt og sveigjanlegt og góður kostur sem rakadræg einangrun.

Stutt ræktunarferli og siðferðislega jákvætt

Eitt stærsta fyrirtæki sveppaleðurs heitir Bolt Threads, og nefndu þeir sitt vinsælasta leður Mylo. Forsvarsmenn Bolt Threads eru afar jákvæðir í garð þess að skipta sveppum út fyrir nautgripi er kemur að leðurræktun.

Þeir eru miklir talsmenn þess að fólk geri sér grein fyrir að utan siðferðislega hlutans er varðar leðuriðnað dýraræktenda, þarf einungis vatn og rafmagn við ræktun sveppa í stað alls

Rétt er að geta þess að auk gerðar sveppaleðurs eru nú tilraunir hafnar með leðurgerð úr m.a. eplum, ananas og kaktusplöntum. (Sjá t.d. á vefsíðu www.ananas-anam.com/)

þess er viðkemur dýraeldi – auk þess sem mun styttra ræktunarferli á sér stað – dagar í stað ára.

Einnig vilja þeir benda á að þar sem dýraleður er manngerð vara er það pakkað af kemískum efnum og öðrum innihaldsefnum til að gefa því aukinn glans, sveigjanleika, lykt og svo framvegis. Ágætt er svo að hafa í huga, ef fólk velur að klæðast gervileðrinu gamla, þá er það búið til úr eitruðum efnum eins og pólýúretani og PVC – á meðan sveppaleður er gert á náttúrulegan hátt.

Hvað varðar framleiðslukostnað sveppaleðurs stendur hann reyndar til jafns við framleiðslu hágæða dýraleðurs, ef tekið er til framboðs og eftirspurnar dagsins í dag, en allar líkur eru á að kostnaðurinn lækki verulega þegar það breytist.

Auðvitað eru þeir til sem kjósa upprunalegt alvöru leður með lyktinni og öllu sem því fylgir – en hafa skal í huga, að auk annars sem áður hefur verið nefnt, myndast við framleiðslu leðurs gífurleg mengun.

Leður – tilbúið til sölu – hefur farið í gegnum langt ferli sútunarstöðva þar sem það er meðhöndlað með fjölda efnasambanda, meðal annars í formi litarefna.

Krómsútun vinsæl

Krómsútun leðurs fer fram víða en eitt algengasta vandamál sútunarstöðva er krómmengun.

Við krómsútun eru notuð sérstök efnasambönd, oftast krómálún með sóda eða annarri basískri upplausn sem allt of oft kemst í umhverfi, jarðveg, mat eða annað í nærliggjandi samfélögum.

Króm getur ollið eitureinkennum á borð við lifrar- og nýrnabilun, lungnakrabbamein og ótímabæra heilabilun. Að auki sýna rannsóknir að loft og jarðvegur í kringum sútunarstöðvar er svo eitrað að gróðursælir staðir breytast fljótlega í froðukennd fen.

Þrátt fyrir að reglur hafi verið settar til að stöðva slíka mengun síðan 1986, halda sútunarverksmiðjur áfram að nota eitruð efni. */SP*

Enn sem komið er er ræktun ostrusveppa (lat. *Pleurotus ostreatus*) algengust í leðursveppaiðnaðnum, en með auknum áhuga fólks á leðurgerð hafa allmörg fyrirtæki reynt fyrir sér með mismunandi tegundir sveppa og útkoman þá orðið á ýmsa vegu. Eitt leðranna hefur hlotið nafnið MuSkin™, en það er búið til úr stórum sníkjusveppi (lat. *Phellinus Ellipsoideus*) sem leggur undir sig tré í skógum heittempruðu beltanna.

Fjölskyldufyrirtækið Hermès varð stórveldi í tíð Dumas, velta þess hleypur á milljörðum, en fyrirtækið var stofnað af fjölskyldu hans fimm kynslóðum fyrr, árið 1837, og framleiddi þá helst hnakka og leðurbelti. Hér má sjá þau skötuhjú, Jane Birkin (t.v.) með tágakörfuna víðfrægu og Jean Louis Dumas að ofanverðu.

Hagnaður fyrirtækja eða lágmörkun neikvæðra umhverfisáhrifa?:

Framtíðarhorfur ...

Á gullaldarárunum 1968-1980 var vel tekið eftir bresku leikkonunni og kyntákninu Jane Birkin, sem þá átti í ástarsambandi við einn kunnasta leikstjóra þess tíma, Frakkann Serge Gainsbourg.

Parið sem tók Evrópu með stormi á þessum árum voru í stuttu máli holdgervingur bóhemslífsstílsins, lífleg, áhyggjulaus og laus við hefðbundna lífssýn áranna áður.

Fékk hin þokkafulla ungfrú Birkin jafnan mikla eftirtekt og segir sagan, á vefsíðum franska tískufyrirtækisins Hermès, að ekki hafi tilvist hennar farið framhjá stjórnarformanni fyrirtækisins á þessum tíma, Jean Louis Dumas. Kom það til, er þau urðu óvænt sessunautar í flugvél á leiðinni frá París til Lundúna í byrjun níunda áratugarins, að herra Dumas fékk yfir sig innihald tösku í hennar fórum – sem var einföld, opin tágakarfa. Það ungfrú Birkin samferðamann sinn margfaldlega afsökunar og útskýrði að hún kysi tágakörfur fram yfir nokkuð annað þar sem henni reyndist erfitt að finna leðurtösku að skapi. Tók herra Dumas útskýringunni ekki illa og ákvað að setja sjálfum sér þá áskorun að hanna (lokaða) leðurtösku er hentaði Jane Birkin.

Hönnunin átti svo sannarlega eftir að vekja lukku á heimsvísu og eru „Birkin“ töskur ein eftirsóttasta fjárfesting í formi fylgihluta í heiminum í dag. Verðlag þeirra er þó ekki á allra færi og hækkar bæði nývirði þeirra og verð í endursölu árlega. Sem reyndar gerir gripinn að frábærri fjárfestingu, en Birkin töskur má finna í allmörgum útgáfum leðurs og jafnvel tága.

Ungfrú Birkin, sem er ekki launaður sendiherra nafnbótar töskunnar, fær þó árlega ríflega upphæð fyrir notkun á nafni sínu sem hún velur að gefa til góðgerðarmála.

Tímarnir breytast ...

Hermès hefur alla tíð verið þekkt vörumerki munaðar sem leggur metnað við hefðbundið vandað handverk í takt við sterka arfleifð sína. Það kom því vel á óvart árið 2021 að framleiðendur og hönnuðir fyrirtækisins hefðu hafið tilraunasamstarf með sprotafyrirtækinu MycoWorks í Kaliforníu og öflug skilaboð til annarra í sömu stétt: allt er breytingum háð!

Lífefnafyrirtækið MycoWorks er eitt þeirra fyrirtækja er stendur í framleiðslu leðurs á annan hátt en hinn hefðbundna, þar sem dýr koma við sögu. Segir á vefsíðu MycoWorks að mikill heiður sé að vinna með tískuveldinu Hermès, en útkoma samstarfsins er ferðataska sem kallast Victoria en hana má finna á vefslóðinni: www.mycoworks.com/introducing-sylvania-by-hermes.

Taska sú, vönduð og létt í meðförum, er gerð úr efni sem kallað er Silvania, blanda sveppamýsla og frumna – árangur líftækniferlis sem MycoWorks hefur einkaleyfi á. (Líftækni er tækni sem gerir það mögulegt að nota lífverur til að framleiða nýjar afurðir eða breyta náttúrulegum ferlum.) Kalla þeir efnið í raun byltingu efnisvísinda og líftækni, en útkoman er endingargott „gæðaleður“ sem jafnast fullkomlega á við hið hefðbundna.

Er í kortunum breyting á aðfangakeðju iðnaðarins?

Tísku- og fataframleiðendur heimsins keppast nú hver á fætur öðrum við markmið á borð við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, sýna lit er kemur að kolefnisjöfnun, umhverfisáhrifum, sjálfbærni og öllu því er mætti betur fara við vinnslu úrgangs, vatnsnotkunar og neikvæðra afleiðinga illa rekjanlegra aðfangakeðja.

Meðvitund um uppruna og vinnslu efna sem notuð eru við framleiðslu fatnaðar er nú á uppleið og í forgangi hjá æ fleiri fyrirtækjum, en efnisnotkun hefur lengi einskorðast við ull, bómull, leður og gerviefni er kemur að framleiðslu fatnaðar og skóa án þess að mikil hugsun sé að baki.

Aðfangakeðja iðnaðarins hefur því verið í föstum skorðum hingað til þótt gera mætti hlutina á annan hátt.

Nú, eins og fleiri brýtur Hermès hefðina með samstarfi sínu við MycoWorks. Taka verður til þess að jafnvel þó um sé aðeins að ræða eina tösku, er vel eftir því tekið vegna stöðu Hermès í tískuðiðnaðinum og verður vonandi til þess að önnur tískumerki vilji bæta sína framleiðslu er kemur að efnisvali og þá sjálfbærari meðvitund alls ferlisins.

Taskan Hermès Picnic Birkin er afar eftirsótt meðal safnara, enda gefin út í takmörkuðu upplagi.

Aukinn skriðþungi

Telja tískuvitrungar kapphlaupið við þróun nýrra efna og meðvitund um ferli allrar birgðakeðjunnar sé að öðlast skriðþunga, þökk sé nýrri tækni og umfangsmeira og fljótsprottnara samstarfi milli tísku eða fataframleiðenda og frumkvöðla.

Hins vegar eru verulegar áskoranir sem þarf að sigrast á, þar á meðal þurfa þeir sem búa til fataefni, hvort heldur textíl eða leður, fyrirfram fjármagn til að byggja upp getu.

Vörumerki og fjársterkir aðilar geta þar hjálpað til með því að fjárfesta í hlutabréfum þeirra sem eiga framtíðina fyrir sér eða með langtíma kaupskuldbindingum. Eins og er, þarf þó mikið til svo nýjum efnum á borð við sveppaleður verði kleift að keppa eða standa jafnfætis gerviefnum, dýraleðri og slíku sem hefur átt markaðinn – sem er hannaður til að hámarka vöxt og hagnað fyrirtækja, frekar en að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif.

En tímarnir breytast.

Eitt skref í einu. */SP*

Árið 2015 bað Jane Birkin Hermès-fyrirtækið að hætta að kenna við sig eina Birkin-töskuna, gerða úr krókódílaskinni, vegna slæmrar meðferðar á dýrunum.

Fyrir tíma Birkin-töskunnar var Kelly-taskan frá Hermès, sem sést hér fagurbleik að ofan, ein eftirsóttasta taska heims og er reyndar enn. Var nefnd eftir Grace Kelly, prinsessu Mónakó og upphaflega hönnuð af Robert Dumas, föður Jean Louis, á 4. áratugnum. Árið 1956 var prinsessan mynduð með töskuna á arminum við hátíðlegt tilefni og ákvað hús Hermès að þaðan í frá yrði gripurinn kenndur við prinsessuna.

TIL SÖLU

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband.

S: 5905100
sala@klettur.is

CAT 320F

Árgerð 2017
GPS, Rototilt, ekin 6.500 VST

Verð 17.800.000 + VSK

Iveco

Árgerð 2015, ekinn 406.000 km, góð dekk

Verð 5.900.000 + VSK



CAT D5N LGP

Árgerð 2008, ekin 7.525 VST
allt nýtt í sliflötum á tönn
og tannarboga, nýlegur undirvagn,
Ripper control

Volvo EC220E

Árgerð 2016, ekinn 6900 vst,
S70 hraðtengi á vél,
Steelwrist rótortilt og ein skófla,
vel með farin vél. Umboðssala

S30/S40/S50/S60 ásuðugrindur

Nýjar S tegundar ásuðugrindur
á skóflur og aukatæki

CAT 324E

Árgerð 2007,
Hraðtengi , ekin 7.800 VST

Verð 7.800.000 + VSK

KLETTUR

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.600 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.200 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is

Rúlluvagn/flatvagn. Tilboð. Lengd á palli 9 m. Verð kr. 2.460.000, mínus 10% afsl= Kr. 2.214.000 m/vsk. (kr. 1.786.000 +vsk.) H. Hauksson ehf. s. 588-1130.

Brother saumavél til sölu. Er í mjög góðu ástandi. Verð kr. 300.000. Upplýsingar í s. 898-4925. Er í Reykjavík.

Atlas kerra er hönnuð til að flytja ökutæki og ýmsar vörur, burðarstál með auknum styrk, galvaniseruð. 4m x 2,1 m, 3500 kg, S. 837-7750, info@bilxtra.is

Haltu þér í formi í allan vetur. Öflugt hlaupabretti/göngubraut, verð kr. 159.000. topphjol.is s. 661-1902.

Lambheldu hliðargrindurnar. Breidd 420 cm x hæð 110 cm. Möskvar 10 x15. Verð frá kr. 24.900 +vsk. Sett með lömum og loku aðeins kr. 3.900 +vsk. Aurasel ehf.Pantanir og upplýsingar í s. 669-1336 og 899-1776.

Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.

Póstverslun·is

Er lúsmý að angra þig? Höfum til sölu vönduð sérhönnuð lúsmýsnet til að byrgja glugga á íbúðarhúsum og sumarhúsum. Netin eru 1,4 m að breidd og seld óklippt í metratali. Netin eru mun fínriðnari en hefðbundin flugnanet og gulltryggja að lúsmýið sleppi ekki í gegn. Pantaðu á netinu og við sendum þér vöruna samdægurs um hæl. Höfum einnig fjölmargar aðrar vörur til varnar lúsmýi. Leitið upplýsinga á postverslun.is

Toyota Avensis Soul dísel, árgerð 2002. Ekinn 286.000 km. Nýskoðaður og góð dekk. Bíll í ágætu ástandi. 2 eigendur frá upphafi. Upplýsingar í s. 895-2607 Hafsteinn.

Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“ , 3“ , 4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Rúllugreip á þrítengi. Verð kr. 83.000 m/vsk. (67.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor- 12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki: Heitgalf/SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Sólarsellur 120w kr. 21.900.- 180w kr. 29.900.- 370w kr. 59.900.- og fylgihlutir Orkubóndinn.is. Tranavogi 3, 104 Reykjavik. S. 888-1185.

Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is

HUMBAUR KERRURNAR ÞÝSKU ERU TIL Á LAGER!

Gerð HA752513
750kg heildarburður,
mál innan: 251x131x35cm
verð kr:295,000,-m/vsk.

Gerð HA133015
1300kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm
verð kr:530,000,-m/vsk og skráningu.

Gerð HA 203015
2000kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm
verð kr:630,000,-m/vsk og skráningu.

Gerð HA 253015
2500kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm verð kr:665,000,-m/vsk og skráningu.

Gerð HT 203116
2000kg heildarburður,
mál innan: 310x165x30cm
verð kr:740,000,-m/vsk og skráningu.

Gerð HTK 3000,31
3000kg heildarburður,
mál innan: 314x175x35cm
verð kr:1,550,000,-m/vsk og skráningu.
Sturtukerra.

Topplausnir
Smiðjuvegi 12, græn gata
200 Kópavogur
Sími 517 7718
www.topplausnir.is

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðs-menn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosf. s.894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is

Stórbaggagreip. Verð kr. 245.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130

Brettagafflar með euro-festingum og handfærslu. Burður 2,5 tonn verð kr. 189.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Lely Center Ísland
STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Fagfundur sauðfjárræktarinnar 2022

Fagráð í sauðfjárrækt boðar til opins fagfundar sem haldinn verður
7.apríl, kl. 10-17
í húsakynnum LbhÍ á Hvanneyri.

Flutt verða erindi um helstu fagverkefni á sviði sauðfjárræktar og veitt verðlaun fyrir ræktunarstarf.

Dagskrá auglýst síðar.

Landbúnaðarháskóli Íslands
RML RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt-1,3–4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Höfum til sölu furuflís í um 28 kg böllum. Verð kr.1.875- Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30

Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt-130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is

Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Timbur í fjárhúsgólf. 32 x 100 mm L = 5,1/5,4 m. Verð kr. 430 lm. m/vsk. 38 x 100 mm L = 5,1 m. Verð kr. 510 lm m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130. haukur@hhauksson.is

Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Úrval tækja fyrir fjórhjólið, sláttuvélar, sturtuvagnar og slóðadragar. Áburðardreifari 56 lítra verð kr. 39.500 +vsk. www.hardskafi.is

Boro Condor, uppákeyrslubrautir, sérstaklega styrktur stálrammi, ál-skjólborð, 2700 kg, 330x180x35 cm, S. 837-7750, info@bilxtra.is

Dísilhitari í bátinn 24V 5 og 8KW. Verð frá kr. 48.900.- Orkubondinn. is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185.

Honda pioneer 1000cc árg. 2016, ekinn 11.000 km. Fjölnota buggybíll hentar í vinnu-, leik- eða fólksflutninga. 5 manna bíll með palli og sturtum. Nýyfirfarinn og smurður. Uppl. í s. 697-5137.

Til sölu Scania kranabíll, árgerð 1989. Ekinn 291.000 km, með palli og dráttarstól undir palli. Búið Hiab 33 tonmetra krana með 5 í glussa, jibi með 3 í glussa, 4 lappir. Ný batterí í fjarstýringu. Búið að endurnýja slatta af glussaslöngum. Ný afturdekk á drifhásingu og ársgömul framdekk. Verð kr 3.500.000 +vsk. Staðsettur á Selfossi, s. 893-4933, Stefán.

Til sölu lítið notaður 9,9 ha Suzuki utanborðsmótor með rafstarti. Verð kr. 180.000- Uppl. í s. 660-3364.

Svartur Mercedes benz 250D 4Matic 4/2017 ekinn 54.000 km 205 hestöfl dráttargeta 2500 kg. Þokkalega vel útbúinn Verð kr. 5.950.000- staðgreitt. (engin uppítaka) nánar uppl. í s. 892-3440 e.h. og s. 892-1324.

Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar. Lengdir-1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is, s. 8924163.

Stórviðarsög á braut. Aflgjafar- 3 fasa rafmótor 5,5 kw eða Kohler bensínmótor 14 hö. Lengd á braut-3,8 m, hægt að lengja um 1,52 m eða meira. Mesta þykkt á trjábol 66 cm. Framleitt í Póllandi. CE merktur og vottaður búnaður. Hentar í alla stórviðarsögun. Hákonarson ehf. S. 8924163, netfang : hak@hak.is

VALLARBRAUT
Sími-4540050

SOLIS 90CRDI
Verð frá 5,695,000+vsk

SOLIS 90 NARROW
Verð frá: 6,250,000+vsk
Á mynd: 7,350,000+vsk

SOLIS 26 sjálfskipt
Verð frá: 1,860,000+vsk
Með tækjum og húsi:
3,340,000+vsk

KANE 23T Hardox
Verð: 5,200,000+vsk
Með loft og vökvabremsum

Kane vélavagnar
16T verð: 2,990,000+vsk
24T verð: 4,190.000+vsk

Kane LBT fjölnota vagn
16T verð: 3,500,000+vsk
24T verð: 4,500.000+vsk
Með loft og vökvabremsum

www.vallarbraut.is
Trönuhrauni 5

Calisia píanó frá ca 1980 til sölu á kr. 300.000- Nýlega grunnstillt og tekið í gegn af fagaðilum. Upplýsingar í s. 453-6835 eða 863-6011.



Fjárhúsmottur. Stærð 915 x 1830 mm. Verð kr. 12.500 stk. m/vsk (kr.10.080+vsk). H. Hauksson ehf, s. 588-1130.

Pathfinder árg. 2005. Ekinn 203.000 km. Nýjar hjólalegur allan hringinn og nýjar spyrnur að aftan, nýjar spindilkúlur og stýrisendar, nýir klossar og diskar (allt 2021). 17" álfelgur, negld dekk, mjög góð (90% eftir, sér ekki á nöglum). Skipt um heddpakkningu 2021. Grind þarfnast lagfæringar. Góður bíll fyrir laghenta. Verð tilboð. Uppl. í s. 863-1804.

Glussadrifin færibönd fyrir handtínslu á hvítkáli, rauðkáli o.fl. grænmeti. Smíðað úr flugvélaáli, mjög léttbyggt (8,3 m = 130 kg með glussaslöngum) 3 heildarlengdir í boði, 6,9 m, 7,9 m, 8,3 m. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang- hak@hak.is Vefsíða- www.hak.is

Weckman sturtuvagnar. 9 tonna, verð kr. 1.700.000 m/vsk. 13 tonna, verð kr. 2.240.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Sláttuvélar í ýmsum stærðum og útfærslum fyrir hvers kyns rudda- og graslúða. Þessi litla sæta er fyrir traktor 40hp+ og slær 175 cm. Kr 320.000 +vsk. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520

Hnífatærarar fyrir ýmsar vinnuvélar, skaft- eða vökvadrifnir. Þessi er 230 cm fyrir traktor 70hp+ og kostar kr. 625.000 +vsk. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.

Caterpillar 442 traktorsgrafa. Toppeintak. Árg. 2007, ekin 6000 vinnutímar. Beygir á afturhjólum. Fjölplógur. Opnanleg framskófla. Sjálfstæðir lyftaragafflar, 3 skóflur og backhoe. Hraðtengi framan og aftan. Dekk góð með nýjar keðjur. Fleiri uppl. S. 894-7261, Eggert. Verð kr. 6.500.000k +vsk.

Suzuki Vitara Hybrid GLX 4x4. Svart metallic, árgerð 2021. Ekinn 3000 km, eins og nýr. Sjálfskipt, og fylgja aukavetrardekk á felgum. Verð kr. 5.500.000- (nýr bíll í umboði 6.590.000) S. 894-7261, Eggert.

SsangYong Rexton DIx, árg. 2016, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 113.000 km. Verð kr. 3.790.000. notadir.benni.is – s. 590-2035

2" Brunadælur á lager. Frá Koshin í Japan. Sjálfsogandi og mjög háþrýstar. Vigta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4136,hak@hak.is, www.hak.is

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.

Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

JOBMAN WORKWEAR

Frábærar skyrtur frá Jobman!
Durability at work since 1975

Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.

Vefverslun: Khvinnufot.is

Vattfóðruð skyrta J5157
Verð: 7.612 kr.

Þunn skyrta J5138
Verð: 6.490 kr.

Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

KH VINNUFÖT
Réttu fötin fyrir þig!

Verslunin Eyri

Haugtankar, flatgryfjur, steinbitar og ýmislegt fleira úr forsteyptum einingum.

Upplýsingar fást hjá Indriða Grétarssyni
455-4627 / 825-4627
indridi.gretarsson@ks.is

GIVE ELEMENTER
I-B-F
SUNDSALFA

ÁSCO
BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarlæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í* 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. *Gleröryggi 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeulur. Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. Díóur. *Raffgeymaskór.* Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur fyrir alternatora. Kúplingstrissur. Startarakol. Legur í alternatora. *Kol í alternatora.* Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN

VÍKURVAGNAR EHF.

ÚRVAL AF KERRUM OG KERRUVARAHLUTUM

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

Bátakerrur frá Póllandi. Heitgalf. stál,mjög vandaðar. Heildarþyngd báts-575 kg. Þýskar hásingar, vatnsheldar legur. Taka báta frá 3,8 m til 5 m. Spil, nefhjól og losanleg ljósabretti fylgja. Hákonarson ehf. s. 892-4163 hak@hak.is og www.hak.is

senmatic

Tæknibúnaður fyrir atvinnugróðurhús

Loftlagsstýringar

Áburðarblandarar

Skjámyndakerfi

Gluggabúnaður

Mótorlokar

Mælitæki

LED lampar

Arvirkinn

Eyravegi 32 • 800 Selfoss

Sími 480 1160 • www.arvirkinn.is

SsangYong Tivoli XLV DLX, árg. 2018,4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 73.000 km. Verð kr. 2.990.000. notadir.benni.is – s. 590-2035.

Til sölu Hunnebeck Manto 3ja metra kranamót, 40 lengdarmetrar með stífum, stillans og öllum fylgihlutum. Uppl. Í s. 892-2221.

Bilxtra kerra, hægt er að taka af skjólborðin ásamt hliðum. Rampar fylgja. Lþ.- 2500 kg, 415x205x35 cm. S. 837-7750, info@bilxtra.is Uppl. Í s. 892-2221.

Háþrýstidælur fyrir verktaka ogiðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.

Majstry - létt en sterkbyggð kerra með bremsum. Soðin grind, heitgalvaniseruð, opnanlegir hlerar, 4 festingar. 1300 kg, 300x150x44 cm. S. 837-7750, info@bilxtra.is

Einföldu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Stærð / breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 899-1776 og 669-1336.

Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum Feif. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými.Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm.Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. 900 g að þyngd. Verð kr. 9.900 m/vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.

Náttúruperlan Ástjörn! Sumarbúðadvöl fyrir 6-12 ára og 13-15 ára. Strákar og stelpur í öllum flokkum. Verð um 8000-8500 kr./sólarhring. Systk. afsl. Ástjörn er í Kelduhverfi, nálægt Ásbyrgi og Hljóðaklettum. Bátar og leiksvæði. Uppl. S. 462-3980 astjorn.is - facebook.com/astjorn - youtube.com/astjorn - instagram.com/astjorn

Taðklær á lager. Breiddir- 1,2 m - 1,5 m – 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is

Til sölu

5 forndráttarvélar, vel uppgerðar og vel til hafðar, eru til sölu. Þær eru af eftirtöldum gerðum- Farmall A árgerð 1946, Ferguson TEA 20 árgerð 1949, Feruson 35 árgerð 1957 (Golden Belly), Farmall Cub árgerð 1958, Massey Ferguson 35 árgerð 1963. Óuppgerð vél af gerðinni Allis Chalmers B, (bresk) árgerð 1952, gæti einnig verið föl ásamt fleiri óuppgerðum vélum. Eigandi óskar eftir tilboðum í allar vélarnar saman en mun þó skoða tilboð í hverja einstaka vél. Nánari upplýsingar eru veittar í s. 861-7620 eftir kl. 17.00 alla daga.

Óska eftir

Óska eftir vinnu á kúabúi eða blönduðu búi á Norður- eða Suðausturlandi. Ég er ungur og hef dálitla reynslu af búskap. Nánari upplýsingar í s. 768-6665.

Óska eftir Elkavox harmonikku með öllum fylgihlutum (ekki magnara) aldur skiptir ekki máli. Er ekki einhvers staðar áhugamaður sem veit allt um harmónikkur? Vinsamlegast látið mig vita í s. 892-5839 eða jongunn@simnet.is

21 árs strákur að norðan óskar eftir vinnu í sveit, helst í Borgarfirði/byggð. Hundvanur fjósamaður og vélamaður. Uppl. Í s. 894-7794.

Vantar varahluti í Steyr 975, ef þú átt Steyr 975 til sölu í hlutum eða heild má hringja í s. 868-3020, María.

Óska eftir notuðu gróðurhúsi. Má þarfnast viðgerðar. Uppl. í s. 690-2718.

Óska eftir jörð á Norðurlandi til leigu sem myndi hentar fyrir 4 manna fjölskyldu og nokkur hross. Endilega hafið samband í s. 868-8735 Hafdís eða snerpa89@gmail.com

Leiga

Sauðfjárbú í fullum rekstri til leigu á Norðurlandi vestra. Áhugasamir sendi fyrirspurn á netfangið saudfjarbujord2022@gmail.com

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com, Einar G.

Dýrahald

Til sölu hvolpar, blanda af Boxer og Border Collie. Uppl. í s. 864-2484.

EYJALIND

Varahlutir i VOLVO Vinnutæki

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR

FRÁBÆR VERÐ

John Deere, Ford, Zetor, Fiat, Case IH, New Holland, McCormick, Deutz-Fahr, Steyr, Massey Ferguson, Claas

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is

Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

ALLAR GERÐIR TJAKKA

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði

Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Ráðstefna

Maturinn, jörðin og við

7. og 8. apríl 2022 á Hótel Selfossi

Skráning á tix.is

MÁLÞING

UM VERÐMÆTAAUKNINGU OG NÝSKÖPUN Í LANDBÚNAÐI

Hótel Natura

30. mars

Málþingið hefst klukkan 13:00

Skráning og nánari upplýsingar á bondi.is

BÍ · Landbúnaðarháskóli Íslands · matís · RML

Bændablaðið

– þakkar landsmönnum góð samskipti og dyggan stuðning –

Öflugur auglýsingamiðill

sem dreift er í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi









Bændablaðið / HKr.

Hjartað í íslenskum landbúnaði

Bústólpi

bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is